# FRÉTTABLAÐIÐ

59. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 10. MARS 2018




## Stefnir ótrauð út í atvinnumennsku

Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir á von á barni með unnusta sínum, Ómari Páli Sigurbjartssyni, í júlí. Ómar hefur lofað að fylgja henni aftur út og styðja við ferilinn. →26

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Fá önnur tækifæri**
Bóklegt nám hentar ekki öllum. →30



**Ástkona Churchills**
Ástarsamband Winstons og Doris. →38




**Svara neyðarkalli**
Vilja verja Róhingjakonur á flótta gegn grófu ofbeldi. →36

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Snjókoma vestast á landinu með morgninum, en léttir til fyrir hádegi. Annars áframhaldandi austlæg átt í dag með éljum, en bjart veður sunnanlands. Hiti áfram um og undir frostmarki. SJÁ SÍÐU 52

# Jóhann Jóhannsson kvaddur hinstu kveðju



Útför Jóhanns Jóhannssonar tónskálds var gerð frá Hallgrímskirkju í gær. Jóhann lést í Berlín 9. febrúar síðastliðinn, 48 ára að aldri. Tónverk Jóhanns hafa verið tilnefnd til fjölda verðlauna, þar á meðal Óskarsverðlauna, BAFTA og Golden Globe. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

## Tveir flokkar leggja línurnar

**STJÓRNMÁL** Tveir stjórnmálaflokkar af þeim átta sem eiga kjörna fulltrúa á Alþingi halda fundi fyrir félagsmenn sína um helgina.

Í Gullhömrum í Reykjavík fer fram 35. flokksþing Framsóknarmanna. Á fundinum er áhersla lögð á sveitarstjórnarmál en líka þá málaflokka sem ráðherrar flokksins, þau Sigurður Ingi Jóhannsson, Lilja Alfreðsdóttir og Ásmundur Einar Daðason, fara með.

Þá heldur Viðreisn landsþing sitt í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ. Í setningarræðu sinni í gær þakkaði núverandi formaður flokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forvera sínum og fyrsta formanni flokksins, Benedikt Jóhannessyni, fyrir störf hans í þágu flokksins. Bæði flokksþing og landsþing hafa æðsta vald í málum hvors flokks. – **jhh**

## Theodór tekur við af Árna

**STJÓRNSÝSLA** Theodór Kristjánsson aðstoðaryfirlögregluþjónn tók við sem yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á mánudag. Áður var Árni Þór Sigmundsson yfirmaður deildarinnar. Theodór sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann myndi stýra deildinni að minnsta kosti næsta árið. Framhaldið er óráðið. Starfsemi kynferðisbrotadeildarinnar hefur sætt talsverði gagnrýni undanfarnar vikur. Ekki síst eftir að fjölmiðlar fjölluðu um mál fyrrverandi starfsmanns Barnaverndar Reykjavíkur, sem grunaður er um brot gegn börnum. – **jhh**



Theodór Kristjánsson

## Tveir fengu greitt fyrir síma

**STJÓRNSÝSLA** Þingmenn fengu í janúar samtals greitt 551 þúsund krónur frá þinginu vegna síma- og netnotkunar.

Þingmenn fá endurgreiddan kostnað við notkun á heimasíma og farsíma auk nettengingar, að því er fram kemur á vef Alþingis. Einnig endurgreiðir Alþingi þingmanni á tveggja ára fresti allt að 80 þúsund krónum til kaupa á farsíma að eigin vali. Tveir þingmenn fengu í janúar styrk vegna símakaupa. Þau Guðmundur Andri Thorsson og Helga Vala Helgadóttir. – **bg**

**551**

**þúsund krónur greiddi þingið vegna síma og nets.**

# Upplifa óvirðingu eftir miklar fórnir fyrir próf

**Fimm vinkonur í Vatnsendaskóla senda Menntamálastofnun tóninn og finnst nemendum sýnd óvirðing með framkvæmd samræmdra prófa. Þær fórnuðu öllum íþróttaæfingum og tónlist fyrir prófaundirbúning sem er að engu orðinn.**

**SAMFÉLAG** „Við erum búnar að læra mjög mikið og leggja ótrúlega hart að okkur, svo er okkur bara sagt að þetta gildi ekki!“ segja bekkjarsysturnar Eva María, Birgitta, María, Kamilla og Teresa María í 9. bekk í Vatnsendaskóla í Kópavogi. Þeim finnst Menntamálastofnun sýna sér óvirðingu og eru allt annað en sáttar við framkvæmd samræmdra prófa. Sjálfar hafa þær lagt mikið á sig og sleppt því að mæta á æfingar, bæði í íþróttum og tónlist, til að undirbúa sig fyrir prófin.

„Okkur finnst bara verið að svindla á okkur og viljum bara standa upp fyrir okkur sjálfar,“ segja þær stöllur.

Vinkonurnar lýsa enskuprófinu sem þær tóku í gær. „Svörin voru alltaf að detta út hjá okkur og við þurftum alltaf að byrja upp á nýtt og setja svörin inn aftur. Svo þegar við vorum að skila prófinu þá kom bara „error“, þannig að við vitum ekkert hvort við skiluðum prófinu. Núna er verið að segja að prófið eigi ekki að gilda. Samt vorum við látnar læra fyrir prófið, taka prófið og klára það.“

Vinkonurnar og nemendur úr öðrum skólum hafa borið saman bækur sínar. „Það voru bara nokkrir úr hverjum skóla sem komust inn í íslenskuprófið og voru látnir klára það. Þau voru látin sitja í prófinu, alveg í tvo klukkutíma, þótt allt hafi verið bilað og svörin alltaf að detta út þrátt fyrir að búið væri að senda hina heim og prófið ætti ekki að gilda.“

Þær segja marga hafa verið mjög kvíðna allan síðasta mánuð vegna prófanna. „Mjög margir lærðu til dæmis mjög mikið fyrir íslenskuprófið og lásu alveg í heila viku og slepptu öllum æfingum og slíku. Og svo er prófið bara ekki gilt!“



Vinkonurnar María Arnardóttir, Kamilla Gunnarsdóttir, Eva María Smáradóttir, Teresa María Era og Birgitta Eysteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta eru bara börn sem eru búin að eyða fullt af tíma í þetta og mér finnst þeim sýnd svo mikil lítilsvirðing.
>
> Smári Stefánsson, faðir Evu Maríu

Þær segjast ekki aðeins hafa fórnað öllum tómstundum í aðdraganda prófanna heldur hafi þær líka keypt sérstakt stærðfræðinámskeið á netinu sem kostaði 30 þúsund til undirbúnings fyrir samræmdu prófin.

Aðspurðar segja þær alls ekki nógu skýrt af hverju þær eigi að leggja hart að sér í þessum prófum. „Nei, en það er bara svo mikil pressa og við skiljum ekki alveg af hverju. Sumir kennarar segja að þetta gildi svo mikið og sé alveg ótrúlega mikilvægt á meðan aðrir segja að við þurfum bara að gera okkar besta en útskýra ekkert fyrir okkur af hverju eða vita bara ekki sjálfir ekki af hverju við erum að taka þessi próf.“

Þá segja vinkonurnar, sem hafa æft sig á prófum frá fyrri árum, prófin núna mun þyngri en þau hafa verið áður og það auki vissulega á kvíðann.

Smári Stefánsson, faðir einnar stúlkunnar, segist ánægður með að þær vinkonurnar láti í sér heyra vegna málsins. „Þetta eru bara börn sem eru búin að eyða fullt af tíma í þetta og mér finnst þeim sýnd svo mikil lítilsvirðing. Svo axlar enginn ábyrgð. Það er bara bent á þjónustuaðilann,“ segir Smári.

adalheidur@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED skápalampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM


Kringlan
30 ára
8.-12. MARS
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 04.03.2018 TIL 10.03.2018

**16,3 milljörðum**
króna nam hagnaður Orkuveitu Reykjavíkur í fyrra. Árið 2016 nam hagnaðurinn tæplega 13,4 milljörðum.

**24,9%**
var raunhækkun á íbúðaverði hér á landi frá þriðja ársfjórðungi 2016 til þriðja ársfjórðungs 2017. Á evrusvæðinu var raunhækkunin 2,9 prósent.

**16.290**
krónur á tímann fá þeir sem sitja í kjararáði. Laun þeirra hafa hækkað um 62,9 prósent á 10 árum.

**3,6%** var aukning landsframleiðslu að raungildi á árinu 2017. Einkaneysla og fjárfesting vógu þyngst í vexti landsframleiðslunnar en alls jukust þjóðarútgjöld um 6,8 prósent. Einkaneysla jókst um 7,8 prósent, samneysla um 2,6 prósent og fjárfesting um 9,3 prósent.

**1.428**
einstaklingar höfðu í lok janúar beðið lengur en 90 daga eftir aðgerð á Landspítalanum en alls biðu þá 3.400 eftir aðgerð.

**56%** kvenna **43%** karla
á aldrinum 25-64 ára á höfuðborgarsvæðinu voru með háskólamenntun árið 2017. Utan höfuðborgarsvæðisins var 41 prósent kvenna með háskólamenntun en 20 prósent karla.

## Þrjú í fréttum
## Breytingar og vantraust

**Sólveig Anna Jónsdóttir,**
*nýkjörinn formaður Eflingar,*



boðar breytingar í verkalýðsbaráttunni. Hún tók fram að raunsönn kröfugerð í kjaraviðræðum yrði ekki lögð fram nema stjórnin væri búin að ráðfæra sig við félagsmenn. Kröfurnar ættu að berast frá þeim. Framboð Sólveigar og félaga hennar á B-listanum fékk 80 prósent greiddra atkvæða í kosningum til stjórnar Eflingar.

**Sigríður Á. Andersen**
*dómsmálaráðherra*



stóð af sér vantrauststillögu Samfylkingar og Pírata á Alþingi. Gagnrýndu flokkarnir vinnubrögð ráðherra við skipan dómara í Landsrétt og bentu á að Hæstiréttur hefði komist að þeirri niðurstöðu að dómsmálaráðherrann hefði með vinnubrögðum sínum brotið lög. Sigríður kvaðst hafa fylgt lagabókstafnum við skipan dómaranna.

**Valgerður Sverrisdóttir**
*fyrrverandi ráðherra*



kvaðst hafa þekkt séra Ólaf Jóhannsson, sem er sekur um siðferðisbrot að mati úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar, að góðu einu. Rifjað var upp að í bréfi til brotaþola hafi Valgerður skrifað að séra Ólafur hefði séð um „litlu jólin“ í klúbbi í Vesturbæjarlauginni ár hvert og hefði hann gert það mjög vel.

# Börnin að tapa móðurmálinu

**Pólskir foreldrar heyja baráttu við barnavernd um að fá tvö börn sín til baka. Annað barnið er farið að tapa móðurmáli sínu og á erfitt með að tjá sig við fjölskyldu sína. Lögmaður þeirra gagnrýnir málsmeðferðina.**

„Ég mun láta reyna á allt fyrir dómstólum. Ég mun gera allt sem ég get til þess að reyna að sameina þessa fjölskyldu,“ segir Stefán Karl Kristjánsson, lögmaður foreldra sem standa frammi fyrir forsjársviptingu yfir tveimur dætrum þeirra af þremur, vegna ásakana um vanrækslu.

Stúlkurnar eru sextán ára, þriggja ára og fjögurra mánaða. Tvær yngstu hafa verið teknar af foreldrum sínum, þar af var önnur þeirra aðeins tveggja daga þegar farið var með hana á annað heimili. Foreldrarnir fá að hitta börnin í einn og hálfan tíma í senn á mánaðarfresti, og að sögn Stefáns er miðjubarnið farið að tapa móðurmáli sínu.

Foreldrarnir, Arleta Kilichowska og Adam Lechowicz, eru meðal annars sakaðir um að hafa í nokkur skipti sent miðjubarnið með næturbleyju á leikskólann, með þeim afleiðingum að barnið brann á bleyjusvæðinu.

Arleta fullyrðir að barnið sé með viðkvæma húð og hún hafi bent leikskóla og barnavernd á það ítrekað. Þá eru börnin sögð hafa verið þreytt og gráleit í framan á morgnana, og steininn tók svo úr þegar elsta stúlkan sakaði móður sína um líkamlegt ofbeldi. Stúlkan dró þann framburð síðar til baka. Hún býr enn hjá foreldrum sínum.

„Samskipti mín og elstu dóttur minnar voru oft erfið. Hún er á þeim aldri sem unglingar fara oft í uppreisn, og ég veit ég gerði mörg mistök,“ segir Arleta. Hún segir þær mæðgur hafa rifist mikið því dóttir hennar hafi stöðugt farið til Reykjavíkur í leyfisleysi. „Dóttir mín fór að segja alls konar lygasögur. En hún sá ekki að sögurnar gætu haft þessar afleiðingar.“

Stefán Karl gagnrýnir vinnubrögð Barnaverndar. Hann segist sérstaklega ósáttur við þá ákvörðun nefndarinnar að hafna beiðni um að börnin yrðu vistuð hjá föðurfjölskyldu þeirra.

„Það er alltaf ástæða fyrir því að barnavernd fer út í svona mál. Það er ekki til hið fullkomna foreldri. En síðan er það spurning hvernig mál þróast. Í þessu tilviki erum við að tala um fólk sem er ekki í neyslu og á ekki við drykkjuvanda að stríða. Þau eru ekki fullkomin en þessar ásakanir og aðgerðir sem lagt er upp með eru langt frá því að vera það sem eðlilegt getur talist,“ segir hann.

„Ég veit ekki hvernig við myndum samþykkja að svona yrði farið með íslenska ríkisborgara erlendis, að vera vistaðir í umhverfi þar sem þeir geta ekki ræktað íslenska tungu. Þetta er óskaplega ljótt mál og við myndum aldrei samþykkja svona framkomu.“

Ítarlega er rætt við foreldrana á nýjum vef Fréttablaðsins frettabladid.is, bæði í hljóði og mynd.

sunnakaren@frettabladid.is



**Arleta og Adam fluttu hingað til lands árið 2014 og eru nú búsett á Hellu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þau eru ekki fullkomin en þessar ásakanir og aðgerðir sem lagt er upp með eru langt frá því að vera það sem eðlilegt getur talist.**
>
> Stefán Karl Kristjánsson lögmaður







ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# HEIMILIÐ 2018

HEIMILISSÝNING HÚSASMIÐJUNNAR
SÝNINGIN ER ÓKEYPIS OG OPIN ÖLLUM

## Stórsýning í Skútuvogi alla helgina

10.-11. mars

**Fjöldi vöru-kynninga í gangi**
í Húsasmiðjunni Skútuvogi frá kl. 13-17 alla helgina

**Fullt af nýjungum og vörum til að gera heimilið betra**

**Vinnur þú 100.000 kr. gjafabréf**
Drögum út fjölmarga skemmtilega vinninga alla helgina

**Smakk og vöru-kynningar**
í Blómavali alla helgina

**Ótrúleg tilboð í gangi alla helgina**
Gerðu betri kaup í Húsasmiðjunni

## Glæsileg dagskrá alla helgina

í Húsasmiðjunni og Blómavali Skútuvogi



Svanhildur Þorsteinsdóttir, er kynnir Heimilis-sýningarinnar.



Maja Ben hjá Ég er komin heim veitir litaráðgjöf í LADY básnum. Komið með myndir af herbergi og fáið ráð með litaval.



Soffía Dögg Garðarsdóttir frá Skreytum hús verður á staðnum og veitir góð ráð

**Ís á betra verði**
Laugardag og sunnudag
**99 kr.** KAFFI GARÐUR






Nói Síríus kynnir páskaegg

LAZY TOWN

**Latibær skemmtir**
Laugardag og sunnudag kl. 14



**Byggjum á betra verði**




**Fararstjóri:** Vilborg Halldórsdóttir

Í þessari ferð gefst farþegum tækifæri til að skyggnast inn í framandi heim Marokkó. Komdu með og upplifðu borgirnar Marrakech, Essaouira og Agadir í Marokkó!

Marrakech er forn konungsborg sem á rætur sínar að rekja til 11. aldar en dvalið er þar fyrstu 5 næturnar. Í dag er borgin fjórða stærsta borg Marokkó eftir Casablanca, Fez og Tanger. Í borginni er mikið um að vera, þá sérstaklega á miðbæjartorginu Djemaa El Fna en þar er einstök stemming. Sagt er að hvergi í Marokkó finnist betur þessi samruni gamla tímans og nútíma en í Marrakech, borgin dáleiði, töfri og kryddi upplifun þess sem sæki hana heim! Frá Marrakech er ekið til sjávarþorpsins Essaouira, þar sem gist er í 3 nætur.



Essaouira er ein af elstu hafnarborgum Marokkó og í borginni er að finna vel varðveitt borgarvirki frá 18. öld sem er á heimsminjaskrá Unesco. Á slóðum Essaouira fóru fram tökur Orson Welles á kvikmyndinni Óþelló og upp úr 1970 fóru hippar að flykkjast í borgina. Í bænum er gaman að rölta um gamla bæjarhlutann en ólíkt Marrakech er auðvelt að rata um borgina. Essouira er einnig þekkt fyrir áhugaverðar verslanir og hér hefur þróast sérstakur s.k. „naive“ myndstíll sem kallast Gnawa og finna má á markaðnum og í galleríum. Eftir dvölina í Essaouria er svo ekið til Agadir.

Agadir borgin er við strandlengju Marokkó en Agadir er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Við dveljum síðustu 3 næturnar í Agadir og þegar komið er til borgarinnar heimsækjum við „Kasbah“ sem eru rústir af borgarmúr sem byggður var árið 1540 til varnar Portúgölum. Frá borgarmúrnum er gott útsýni yfir alla borgina. Í Agadir er bæði upplagt njóta alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða ásamt því að slaka á í sólinni, fara í arabískt Hammam nudd / gufubað og njóta góða veðursins!

**Frá kr. 254.995 m/hálfu fæði o.fl.**

**Innifalið:** Flug og flugvallarskattar til og frá Agadir, innrituð 23 kg taska og 10 kg handfarangur. Gisting á 4* hótelum í 11 nætur m/ hálft fæði innifalið. Hádegisverður daga 2, 3, 4, 6 og 8. Akstur og kynnisferðir samkvæmt ferðatilhögun. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

## Segðu aaa ...



Það fór vel á með dýrahirðinum í Schönbrunn dýragarðinum í Vín í Austurríki og suðuameríska sæljóninu, þegar sá fyrrnefndi glennti upp ginið á dýrinu. Bæði fagna þau því að hitinn er kominn yfir frostmark í Austurríki og vel það, ólíkt því sem var í síðustu viku. Dýragarðurinn í Vín er sá elsti í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Huliðshjúpi slegið yfir sýndarveruleikasafn

Ónefndir fjárfestar hyggjast setja á fót á Sauðárkróki sýndarveruleikasafn byggt á Sturlungu og Örlygsstaðabardaga. Mjög spennandi segir formaður byggðaráðs en fulltrúi minnihlutans gagnrýnir leyndarhjúp yfir kostnaði sveitarfélagsins.

**SAUÐÁRKRÓKUR** „Við teljum að þessi sýning muni klárlega fúnkera sem segull fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðaráðs Skagafjarðar.

Byggðaráð Skagafjarðar hefur samþykkt drög að samningi við Sýndarveruleika ehf. um uppsetningu á sýningu í húsnæði bæjarins á Aðalgötu 21 á Sauðárkróki. Stefán segir um að ræða utanaðkomandi fjárfesta, að mestu einstaklinga, sem ætli að setja upp sýningu byggða á Sturlungaslóðum í Skagafirði og Örlygsstaðabardaga.

„Það er verið að reyna að færa gesti nær atburðunum þannig að þeir upplifi þetta með öðrum hætti en þeir eru að gera í dag. Þetta er mjög metnaðarfullt og mjög spennandi verkefni. Þetta verður útskýrt betur á næstu dögum en þetta verður einstök sýning,“ segir Stefán. Vonast sé til að opnað verði seint næsta haust.

Bjarni Jónsson, fulltrúi VG og óháðra, sagðist á fundi byggðaráðs á fimmtudag ekki geta stutt málið að svo stöddu vegna trúnaðar sem lagður sé á efnisatriði samninganna og fjárhagsskuldbindingar sveitarfélagsins vegna verkefnisins.

> **Þegar um er að ræða mjög stór mál með verulegum fjárhagslegum skuldbindingum og jafnvel til lengri tíma þá er mikilvægt fyrir sveitarstjórnarfulltrúa að geta farið yfir það með sínu samstarfsfólki.**
>
> Bjarni Jónsson, fulltrúi VG og óháðra

„Þegar um er að ræða mjög stór mál með verulegum fjárhagslegum skuldbindingum og jafnvel til lengri tíma þá er mikilvægt fyrir sveitarstjórnarfulltrúa að geta farið yfir þau með sínu samstarfsfólki,“ segir Bjarni sem kveðst sjálfur hafa aðgang að ýmsum upplýsingum sem bundnar séu trúnaði. Hann vilji þó að teknar verði saman frekari upplýsingar um heildarskuldbindingar sveitarfélagsins og áhrif verkefnisins.

Stefán segir framlag Skagafjarðar fyrst og fremst felast í að leggja fram húsnæðið á Aðalgötu 21 sem sveitarfélagið eignaðist í makaskiptum við Kaupfélag Skagafjarðar og lét í staðinn svokallað Minjahús þar skammt frá.

Stefán bendir á að um sé að ræða samninga viðskiptalegs eðlis. Um þá eigi að gilda trúnaður eins og alla aðra slíka samninga sem sveitarfélagið hafi gert. „Það er búið að kynna þetta fyrir öllum í byggðaráði þannig að menn vita alveg um hvað þetta snýst,“ undirstrikar hann.

Varðandi skuldbindingar sveitarfélagsins sjálfs segir Stefán það ekki leyndarmál að það leggi safninu til húsnæði. „Sveitarfélagið mun standsetja húsnæðið,“ segir hann.

Þess ber að geta að byggðaráðið samþykkti á fimmtudag 120 milljóna króna aukaframlag í eignasjóð og Stefán játar að áætla megi heildarframlag sveitarfélagsins í peningum. „En ég er ekki með þá tölu í kollinum,“ segir byggðaráðsformaðurinn.

gar@frettabladid.is

# OUTLET

HOLTAGARÐAR

# ÓTRÚLEG VERÐ

*Öll leikföng 500 kr*

*Allir brjóstahaldarar á 1.000 kr*

*Barnaúlpur frá 500 kr*

*Snyrtivörur frá 100 kr*

*Fatnaður frá 200 kr*

*Tamaris skór 3.000 kr*

**OPIÐ ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA 12-18**

# Guðríður verður áfram formaður

**MENNTAMÁL** Guðríður Arnardóttir sigraði í formannskjöri Félags framhaldsskólakennara og er kjörin til ársins 2022. Atkvæðagreiðslu lauk klukkan tvö í gær. Guðríður gaf kost á sér til endurkjörs en hún hefur gegnt embætti formanns síðastliðin fjögur ár. Auk hennar var Guðmundur Björgvin Gylfason, framhaldsskólakennari í Fjölbrautaskóla Suðurlands, í framboði til formanns.

Þá hafa þau Guðjón Hreinn Hauksson, Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Helga Jóhanna Baldursdóttir og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir verið kjörin í stjórn Félags framhaldsskólakennara. Þeir Baldvin Björgvinsson, Óli Njáll Ingólfsson og Simon Cramer Larsen voru kjörnir varamenn.

Ný stjórn tekur formlega við á aðalfundi félagsins í apríl. **– jhh**



Guðríður Arnardóttir.


KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Opið hús 12. mars 2018




Mánudaginn 12. mars nk. verður opið hús í Kvennaskólanum í Reykjavík fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra frá kl. 17:00 til 18:30. Kynnt verður námsframboð, félagslíf og fleira. Þá gefst einnig tækifæri til að skoða húsnæði skólans að Fríkirkjuvegi 9 (Aðalbygging), Fríkirkjuvegi 1 (Miðbæjarskóli) og í Þingholtsstræti 37 (Uppsalir).

*Verið velkomin, skólameistari.*




Garðabær sér Stjörnunni fyrir tveimur einbýlishúsum og einni íbúð, leigulaust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Garðabær sér á báti með leigulaus afnot

**Hvorki Reykjavíkurborg, Kópavogur né Hafnarfjörður veita íþróttafélögum sínum leigulaus afnot af íbúðum í eigu sveitarfélaganna líkt og Garðabær. Þekkt er að félög leigi íbúðir fyrir leikmenn og starfsmenn án aðkomu sveitarstjórna.**

**HÚSNÆÐISMÁL** „Það er ekkert slíkt í gangi hjá okkur. Við eigum alveg nóg með að útvega fólki félagslegt húsnæði í gegnum Félagsbústaði,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, aðspurður hvort borgin útvegi íþróttafélögum í hverfum borgarinnar íbúðarhúsnæði til að hýsa íþróttamenn eða starfsfólk félaganna.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær þá leigir Garðabær íþróttafélaginu Stjörnunni íbúðarhúsnæði í eigu bæjarins endurgjaldslaust til að hýsa afreksíþróttamenn og starfsfólk á vegum félagsins. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, lét hafa eftir sér að litið væri á hina endurgjaldslausu leigu sem styrk til íþróttafélagsins. Bæjarfulltrúi í Garðabæ hefur krafist svara við því hvers vegna fasteignirnar þrjár, auk ellefu annarra í eigu bæjarins, séu leigðar út á almennum markaði á félagshúsnæðisverði á meðan biðlisti sé eftir félagslegu húsnæði. Gunnar sagði fasteignirnar, tvö einbýlishús og íbúð, ekki henta til félagslegrar útleigu.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn til nágrannasveitarfélaganna Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og Kópavogs til að kanna hvort svona nokkuð tíðkaðist þar. Svo reyndist ekki vera.

Geir Bjarnason, íþrótta- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar, segir að bærinn feli íþróttafélögum að reka mörg íþróttamannvirki í bænum, en þau megi ekki nota þau sem íbúð eða gististað.

„Bærinn á félagslegar íbúðir og leigir slíkar fyrir skjólstæðinga sína en það er ekki í neinum tengslum við íþróttafélög heldur ætlað lágtekjufólki, öryrkjum og þeim sem eru staddir illa félagslega. Fjölskylduþjónusta bæjarins sér um það kerfi.“

Ekkert í líkingu við fyrirkomulagið í Garðabæ tíðkist í Hafnarfirði.

„Hins vegar veit ég að íþróttafélög hafa leigt fyrir sitt fólk íbúðir úti í bæ, en það er ótengt okkur.“

Svar Sigríðar Bjargar Tómasdóttur, almannatengils Kópavogsbæjar, var stutt og laggott, þvert nei við spurningunni um hvort bærinn leigði félögum húsnæði.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa boðað að fyrirspurn Maríu Grétarsdóttur, bæjarfulltrúa M-lista fólksins í bænum, um ráðstöfun fasteigna bæjarins verði svarað á fundi bæjarráðs næstkomandi þriðjudag. **mikael@frettabladid.is**

> **„Við höfum fært þetta sem styrki. Þetta er húsnæði sem við erum ekki að leigja almennt út og er tímabundið.**
>
> Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar







Prófkjör Sjálfstæðisflokksins 10. mars 2018

Hafnarfjörður - Besti bærinn

Helga Ingólfsdóttir Bæjarfulltrúi www.facebook.com/1312.is/


# Sjötíu prósent hækkun á 5 árum

**HÚSNÆÐISMÁL** Verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um nær 70% á síðustu 5 árum eða frá því að framboðsskortur fór að gera vart við sig. Á sama tíma hafa laun hækkað um 45% og leiguverð um 50%. Þetta kom fram í máli Unu Jónsdóttur, hagfræðings og deildarstjóra leigumarkaðsmála hjá Íbúðalánasjóði á ráðstefnu Verks og vits.

„Það er ljóst að þótt þörfin sé víða mikil þá er verð á íbúðum ef til vill ofar kaupgetu hópsins sem þarf mest á húsnæði að halda,“ sagði Una og vísaði þá til langra biðlista hjá sveitarfélögunum eftir félagslegu húsnæði og eins hjá Félagsstofnun stúdenta eftir námsmannaíbúðum.

Una vakti einnig athygli á því að fjöldi utangarðsfólks í Reykjavík hefur nær tvöfaldast síðan 2012 sem sé dæmi um það hvernig húsnæðisskorturinn hefur komið verst niður á jaðarhópum samfélagsins. Einnig valdi það áhyggjum þegar fréttir berast um að ekki sé hægt að útskrifa fólk af sjúkrastofnunum sökum húsnæðisskorts.

Una lýsti því hvernig aðgangur að öruggu húsnæði geti skipt sköpum fyrir andlega og líkamlega heilsu fólks og verið veigamikill þáttur í endurkomu fólks inn í samfélagið eftir veikindi. „Það þarf að fara að líta á húsnæði sem lýðheilsumál,“ sagði hún og lagði áherslu á að byggja þyrfti upp öruggan leigumarkað þar sem fólk gæti búið til langs tíma í öruggu húsaskjóli þar sem leiga yrði í samræmi við greiðslugetu. **– jhh**



Una Jónsdóttir.





# Vetrarsýning Mercedes-Benz.
# Njóttu besta tíma ársins.

Í dag, laugardag, kl. 12–16 bjóðum við þér að kynnast vetrartöfrum Mercedes-Benz. Skoðaðu glæsilegt úrval bíla og finndu þér ferðafélaga fyrir öll ævintýrin sem bíða þín, hvert sem leiðin liggur.

Á sýningardegi fylgir skíðaferð fyrir tvo til Austurríkis með hverjum seldum bíl. Auk þess bjóðum við 25% afslátt af þverbogum, skíðafestingum, farangursboxum og mottum fyrir alla Mercedes-Benz bíla.

Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

Flokkur fólksins

Flokkur fólksins óskar eftir áhugasömum einstaklingum sem vilja í framboð fyrir flokkinn í komandi sveitastjórnakosningum.

Ef þú telur þig eiga samleið með okkur og hefur brennandi áhuga á pólitísku starfi, þá hvetjum við þig til að senda upplýsingar um þig ásamt ferilskrá, á flokkurfolksins@flokkurfolksins.is

Farið verður með allar upplýsingar af virðingu og trúnaði.
**Skilafrestur er til og með 19. mars n.k**

**Flokkur fólksins er flokkurinn þinn**

www.flokkurfolksins.is


# Varpar ljósi á Sýrlandsstríðið

**ALÞJÓÐAMÁL** Blaðakonan Vanessa Beeley flytur í dag fyrirlestur í Safnahúsinu um átökin í Sýrlandi og fréttaflutning af stríðinu. Byggir hún á eigin reynslu af vettvangi á undanförnum árum að því er segir í tilkynningu.

„Vanessa heldur því fram að fréttaflutningur frá Sýrlandi sé mjög tengdur hagsmunum stórveldanna og er hún þá sérstaklega gagnrýnin á Vesturveldin, Sádi-Arabíu og bandalagsríki þeirra í Mið-Austurlöndum, ekki síst Ísrael. Segir hún þessi ríki einskis hafa svifist til að koma á stjórnarskiptum í Sýrlandi og hafi öfgahópum og herjum málaliða verið beitt í því skyni. Færir hún fyrir þessu rök og tilgreinir dæmi.“

Fundurinn hefst klukkan tólf. Fundarstjóri er Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra. **– gar**

**» Blaðakonan heldur því fram að fréttaflutningur frá Sýrlandi sé mjög tengdur hagsmunum stórveldanna.**



**Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra byggðamála, sagði það mikilvægt að á þessu kjörtímabili yrði mikið lagt til raforkumála.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Tryggja þarf dreifingu orku

**Raforka er uppseld víðast hvar á landinu vegna getuleysis flutningskerfis raforku. Rangárvallalína 1 flutti rafmagn yfir stöðugleikamörkum helming ársins í fyrra. Ráðherra segir að efla þurfi dreifikerfið.**

**ORKUMÁL** Rangárvallalína 1, raflína frá Blönduvirkjun að Rangárvöllum ofan Akureyrar, flutti rafmagn yfir stöðugleikamörkum helming ársins í fyrra sem eykur líkurnar á raforkutruflunum til muna á svæðinu. Eyfirðingar búa enn við afar takmarkað framboð á raforku á svæðinu og hafa fyrirtæki þurft frá að hverfa á síðustu árum vegna skorts á raforku á svæðinu.

Málþing Byggðastofnunar um raforkumál á Íslandi var haldið í Hofi í fyrradag.

Átta einstaklingar, þar af sjö karlar, fluttu erindi um raforkumálin í víðu samhengi en umfjöllunarefnið var um orkuþörf og afhendingaröryggi raforku.

Verkfræðiskrifstofan Lota vann fyrir Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar skýrslu um raforkuskort við Eyjafjörð. Þar kom fram að raforkunotkun var yfir 80 MW í tæplega 25.000 klukkustundir eða 42 prósent þess tíma sem skoðaður var í fyrra. Flutningurinn inn til Rangárvalla fór yfir 100 MW í heila tvo sólarhringa.

„Aflflutningur hefur ítrekað farið upp að og yfir stöðugleikamörk línunnar. Þetta ástand býður hættunni heim fyrir raforkukerfið í heild sinni og kemur einnig í veg fyrir að hægt sé að mæta nýrri eða aukinni eftirspurn eftir raforku á svæðinu án þess að ganga á raforkuöryggi,“ segir í skýrslu Lotu.

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra byggðamála, setti málþing Byggðastofnunar. Sagði hann mikilvægt að tryggja aðgang landsmanna allra að raforku og það sé kirfilega sett í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að forgangsverkefni sé að nýta þá orku sem þegar hefur verið virkjuð. Í þeim tilgangi þurfi að treysta betur flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, framkvæmdastjóri Landsnets, sagði í erindi sínu á þinginu að raforka væri uppseld nánast alls staðar annars staðar en á suðvesturhorni landsins einungis vegna getuleysis kerfisins til að dreifa raforku nægilega um landið.

Sagði Guðmundur Ingi að með tilkomu nýrrar Blöndulínu 3 frá Blöndu til Akureyrar, Kröflulínu sem tengir Kröflu við Fljótsdalsstöð ásamt Hólasandslínu áfram til Akureyrar, myndi staðan strax batna.

sveinn@frettabladid.is


**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir gagnrýninni og hressilegri fundarröð um þróun og mótun borgarinnar**

**Til hvers skipulag?**

**Þriðjudaginn 13. mars 2018 kl. 20 á Kjarvalsstöðum**


Ásdís Hlökk Theodórsdóttir


Þórhildur Þórhallsdóttir


Haraldur Sigurðsson


Hjálmar Sveinsson

Borgir þenjast út eða þéttast og breytast. En geta þær þróast án skipulags? Erum við að skipuleggja of mikið? Hverjir eru kostir og gallar skipulagðrar byggðar? Hvert er samhengið í skipulaginu? Breytir skipulag lífi fólks? Breytir skipulagsfræðin borgarmenningu? Hvar er fagurfræði óreiðunnar? Er skipulagsleysi andstætt hagsmunum almennings? Getur skipulag útilokað hópa? Hvernig getur skipulag lagt grunn að farsælu lífi borgarbúa?

Til að ræða málin munu taka til máls: **Ásdís Hlökk Theodórsdóttir**, forstjóri Skipulagsstofnunar, **Þórhildur Þórhallsdóttir**, landslagsarkitekt hjá Landmótun, **Haraldur Sigurðsson**, skipulagsfræðingur og deildarstjóri aðalskipulags hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar ásamt **Hjálmari Sveinssyni**, formanni umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

**Allir velkomnir. Heitt á könnunni.**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA










Bæði grunnskóli og leikskóli eru á Skagaströnd. Námsstofa fyrir m.a. háskólaborgara, góð líkamsræktarstöð, sundlaug, félagsheimili, bókasafn, verslun, apótek og heilsugæsla.

**Alveg einstakt tækifæri!**

**Hólanesvegur 11 er til sölu eða leigu.**

Skagaströnd vex og dafnar, meðal annars vegna aukinnar ferðaþjónustu, því ný gisting hefur hafið starfsemi í bænum. Með fjölbreyttri afþreyingu, útivist og aukinnar eftirspurnar ferðamanna, teljum við kosti eignarinnar augljósa.

Hafirðu áhuga á eða reynslu af ferðaþjónustu og veitingarekstri og vilt njóta þess að starfa og búa á Norðurlandi er í boði bjálkahús sem er afar athyglisvert. Hvort sem þú kýst að kaupa eða leigja Hólanesveg 11 er þetta einstakt tækifæri.

**Um eignina:** 2 hæðir, 383 m2
Byggingarár er 1998

**Nánari upplýsingar í síma 869-1709 eða 847-6622 tölvupóstur - gshal0306@gmail.com**

# 20 ÁR Á SMÁRATORGI

Í TILEFNI ÞESS BJÓÐUM VIÐ UPP Á FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR LAUGARDAGINN 10.03 OG SUNNUDAGINN 11.03

ALLAR MOTTUR
25%
AFSLÁTTUR

ALLIR SOKKAR
25%
AFSLÁTTUR

ALLIR SÓFAR
20%
AFSLÁTTUR

ALLIR SKENKIR OG GLERSKÁPAR
20-30%
AFSLÁTTUR

ALLAR GARDÍNUR
20-40%
AFSLÁTTUR

ALLIR SPEGLAR
25%
AFSLÁTTUR

ÖLL SÆNGURVERASETT
20-40%
AFSLÁTTUR

ÖLL SÓFABORÐ
20%
AFSLÁTTUR

ALLAR COMFORT LUXE DÝNUR
30%
AFSLÁTTUR

ALLIR SKRIFBORÐSSTÓLAR
20%
AFSLÁTTUR

ALLAR SÆNGUR
20%
AFSLÁTTUR

ALLT NAVIA GARN
25%
AFSLÁTTUR

ALLAR BASTKÖRFUR
20%
AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

ÖLL TILBOÐIN GILDA Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR LAUGARDAGINN 10.03 OG SUNNUDAGINN 11.03

ALLIR WELLPUR HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR






## Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar sem haldnar verða laugardaginn 24. mars 2018 skulu lagðar fram eigi síðar en 14. mars 2018. Kjörskrár skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórna eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður. Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

***Dómsmálaráðuneytinu***
***9. mars 2018***

# Sakar kjörinn fulltrúa um spillingu í starfi

**Hiti er í sveitarstjórn Langanesbyggðar en meirihlutinn hefur sprungið tvisvar á kjörtímabilinu. Nú sakar sveitarstjórinn kjörinn fulltrúa um spillingu og sérhagsmunagæslu. Oddviti minnihlutaflokksins segir mikilvægt að bjóða út verk.**

**LANGANES** Fulltrúar U-listans í minnihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar óskuðu eftir því að sveitarstjóri gæfi þeim upp sundurliðað einingarverð verktakafyrirtækis vegna gerðar bílastæðis og akvegar að nýjum leikskóla sveitarfélagsins. Sveitarstjórinn segir í minnisblaði að ætlunin hafi verið að fara með upplýsingarnar til annarra verktakafyrirtækja svo þeir gætu boðið lægra verð. Sveitarstjórinn sakar minnihlutann um spillingu.

Málið var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar í vikunni. Fulltrúar U-listans óskuðu þess að fá svör við spurningum vegna þess að bílastæðið og vegurinn, sem samanlagt kostar um 8 milljónir, var ekki boðinn út. Siggeir Stefánsson, oddviti U-listans segir það mikilvægt að öll verk séu boðin út. „U-listinn telur að það hefði verið eðlilegt af sveitarfélaginu að bjóða út framkvæmdir við akveg og bílastæði við leikskóla en ekki afhenda verkið einum aðila eins og var gert og að það hafi verið eðlilegt að gera verðkönnun og samanburð á kostnaði frá fleiri aðilum en ekki ræða eingöngu við einn aðila um að vinna verkið.“

Sveitarstjórinn, Elías Pétursson, húðskammaði sveitarstjórnarfulltrúa U-listans á síðasta sveitarstjórnarfundi. Hann segist alltaf hafa gætt almannahagsmuna en sveitarstjórnarmenn sumir séu meira í því að gæta hagsmuna einhverra annarra. „Í þessu máli er verið að óska eftir því að fá heimild sveitarstjórnar til að dreifa trúnaðarupplýsingum úr viðskiptasamningi við tiltekinn viðskiptamann til þess eins að geta dreift þeim til samkeppnisaðila viðskiptamannsins. Hvað gengur mönnum til?“ sagði Elías í ræðu sinni.



**Frá Þórshöfn á Langanesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það hefði verið eðlilegt af sveitarfélaginu að bjóða út framkvæmdir við akveg og bílastæði við leikskóla**
>
> Siggeir Stefánsson, oddviti U-listans



> **Forsvarsmenn U-lista eru, nú sem fyrr, að ganga fram í því skyni að afla vinum sínum upplýsinga um atriði í verksamningi viðskiptamanns sveitarfélagsins**
>
> Elías Pétursson sveitarstjóri



„Í þessu máli eru forsvarsmenn U-lista, nú sem fyrr, að ganga fram í því skyni að afla vinum sínum upplýsinga um atriði í verksamningi viðskiptamanns sveitarfélagsins sem ætlað er að fari leynt, bæði samkvæmt almennum siðareglum í viðskiptum og ákvæðum laga um opinber innkaup. Hvernig má það vera að kjörnir fulltrúar almennings í sveitarstjórn, sem ætlað er að gæta almannahagsmuna, skuli ganga jafn grímulaust fram og raun ber vitni til þess eins að gæta hagsmuna útvalinna á kostnað viðskiptamanns og samfélagsins?“ **sveinn@frettabladid.is**






**Sjálfbærni og samfélagsábyrgð**

Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Salt gott að frétta?

Þegar þú hélst að rjómasúkkulaðið okkar gæti bara ekki batnað þá kemur þetta stórkostlega egg, með saltlakkrísflögum og íslensku sjávarsalti. Þú verður bara að prófa til að sannfærast, en við ábyrgjumst ekki að þú getir hætt að gæða þér á öllu góðgætinu.

**Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.**

facebook.com/noisirius

Ford · Volvo · Mazda · Peugeot · Citroën

# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

## LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
***– við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

**GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR!**



## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 AIRCROSS
**TILNEFNDUR SEM BÍLL ÁRSINS 2018 Í EVRÓPU**

CAR OF THE YEAR 2018 FINALIST

Verð frá: 2.990.000 kr.



### MAZDA CX-3
**VINSÆLASTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI Á EINKABÍLAMARKAÐI**

Verð frá: 2.920.000 kr.



### PEUGEOT 3008
**BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018**

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA – BÍLL ÁRSINS 2018

Verð frá: 3.790.000 kr.



## BRIMBORG
## ÚRVAL, REYNSLA OG ÞJÓNUSTA

Brimborg hefur veitt víðtæka bílaþjónustu í yfir 50 ár og er í hópi stærstu bílaumboða landsins.




# ALLT Á EINUM STAÐ

## VOLVO XC60

**JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018**
**VALINN ÖRUGGASTI BÍLL Í HEIMI!**

Verð frá: 6.790.000 kr.

BÍLL ÁRSINS 2018

EURO NCAP



## FORD FIESTA

**MEST SELDI SMÁBÍLL Í EVRÓPU Í MÖRG ÁR!**

Verð frá: 2.250.000 kr.

MEST SELDI SMÁBÍLL Í EVRÓPU




***SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG***

Ekki missa af fjörinu!
***– Komdu í Brimborg í dag***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Eldflaugamaðurinn og sá elliæri funda

**Kim Jong-un og Donald Trump munu funda á næstunni. Verður það fyrsti fundur sem forseti Bandaríkjanna á með leiðtoga Norður-Kóreu. Bandaríkjastjórn undrandi á viðsnúningi Kim sem talar nú um afvopnun gegn því að öryggi einræðisstjórnar hans verði tryggt.**

**BANDARÍKIN** Stefna ríkisstjórnar Donalds Trump í Bandaríkjunum um að einangra Norður-Kóreu virkar. Þetta sagði Mike Pence varaforseti í gær og sagði væntanlegan fund Trumps með Kim Jong-un einræðisherra, líkt og tilkynnt var um í fyrrinótt, sanna að stefnan virkaði. Bandaríkjastjórn hefði ekki gefið tommu eftir og hefði jafnt og þétt aukið þrýstinginn á Kim-stjórnina.

En tilkynningin um leiðtogafundinn kom á óvart. „Satt best að segja erum við undrandi. Málflutningur Kim í viðræðunum við sendinefnd Suður-Kóreu kom okkur einnig á óvart,“ sagði Rex Tillerson utanríkisráðherra en á téðum fundi Kim og erindreka nágrannaríkisins sagðist einræðisherrann meðal annars tilbúinn til að losa sig við kjarnorkuvopnin gegn því að öryggi einræðisstjórnarinnar yrði tryggt.

Fleiri en Bandaríkjastjórn eru undrandi á snörpum skoðanaskiptum Kim, einræðisherrans sem hótaði því fyrir ekki svo löngu að varpa kjarnorkusprengju á bandarísku eyjuna Gvam og skiptist á uppnefnum við Trump.

Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, sagði í gær að fréttirnar af væntanlegum fundi Kim og Trumps væru eins og kraftaverk. Sjálfur ætlar hann að funda með Kim í apríl. „Ef Trump forseti og Kim formaður hittast í kjölfar fundar okkar er hægt að ná miklum árangri,“ sagði Moon.




**Trump og Kim hafa undanfarið kallað hvor annan „eldflaugamanninn“ og „elliæran geðsjúkling“.** NORDICPHOTOS/AFP

Fréttaskýrandi BBC benti á það í gær að stuðningsmenn Moon Jae-in lofuðu hann fyrir að vera afburða samningamann. Hann hefði komið auga á möguleikann á því að losa um spennuna á Kóreuskaga þegar hann heyrði Kim segjast vera opinn fyrir viðræðum í nýársávarpi sínu. Í sama nýársávarpi minnti Kim reyndar á að hann væri með virkan kjarnorkuhnapp á skrifborði sínu.

Svo virðist sem Moon hafi stokkið á tækifærið en frá því nýársávarpið var flutt hafa ríkin opnað aftur á beina neyðarlínu, sent sameinað lið á Vetrarólympíuleikana í Pyeongchang, fundað í Pjongjang og skipulagt leiðtogafund á landamærunum.

Óljóst er hvað veldur þessum skyndilega vilja Kim til að setjast við borðið og ræða afvopnun.

Sumir hafa haldið því fram að áralangar þvingunaraðgerðir séu að bera árangur, aðrir að Kim telji sig geta beygt Trump undir vilja sinn og enn aðrir telja að með þessu vilji Kim styrkja stöðu ríkisins og fá það loks viðurkennt á opinberum vettvangi að Norður-Kórea sé kjarnorkuveldi.

Þá má benda á að Norður-Kórea hefur enn ekki skuldbundið sig til neins og ekki sóst eftir neinu enn sem komið er. Yfirvöld þar hafa áður gengið á bak orða sinna og jafnvel þótt Kim samþykki að eyða kjarnorkuvopnum sínum verður erfitt að sanna það nema eftirlitsmönnum sé hleypt inn í landið og þeim gefið svigrúm til að sannreyna það.

Prófessor Haksoon Paik, rannsakandi við Sejong-stofnunina í Suður-Kóreu, sagði við BBC í gær að Moon hefði miklar áhyggjur af því að kjarnorkustríð brytist út. Kim deildi þeim áhyggjum enda hefði Bandaríkjastjórn hótað öllu illu.

Annar suðurkóreskur prófessor, Lee Sung-yoon, sagði við sama miðil að með því að tala nú um afvopnun væri Kim greinilega að sækjast eftir því að losað yrði um þvinganir og væri að sækjast eftir fyrrnefndri viðurkenningu á því að Norður-Kórea sé svo sannarlega kjarnorkuveldi.

**thorgnyr@frettabladid.is**





T-Roc
Nýr og ferskur
Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum seldum T-Roc í mars.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Karoq
Sá nýjasti frá ŠKODA
Comfortline + pakki fylgir frítt með í mars
• Þriðja sætaröð
• Lyklalaust aðgengi
• Aðfellanlegir speglar
• LED aðalljós (Dynamic)
Andvirði 490.000 kr.
Í boði sjö manna
Tiguan Allspace
Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum pöntuðum Kodiaq og Karoq í mars.
Kodiaq
Fullt hús
jeppa og jepplinga
Outlander PHEV
Vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga 2017
Q5
Audi Q5 Sport Quattro er á sérstöku tilboðsverði í mars.
Úrvalið af jeppum og jepplingum frá Volkswagen, Audi, Škoda og Mitsubishi hefur aldrei verið meira í HEKLU. Komdu og nýttu þér frábær tilboð á fram- og fjórhjóla gæðingum sem gera aksturinn betri á alla vegu. Hlökkum til að sjá þig!
Eclipse Cross
Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum Mitsubishi sem pantaðir eru í mars.
HEKLA
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Þjóðarskömm



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Heilbrigðiseftirlitið sendi á fimmtudag frá sér viðvörun vegna magns svifryks í lofti í Reykjavík. Fólki sem er viðkvæmt í öndunarfærum og börnum var ráðlagt að forðast útivist í nágrenni umferðaræða.

Þessi síðari setning er um margt lýsandi fyrir umferðarborgina Reykjavík. Lausnin við mengunarvandanum er ekki að hvetja fólk til taka almenningssamgöngur eða til að sameinast um bílferðir heldur eiga gangandi vegfarendur og börn að víkja. Forsvarsmenn Vesturbæjarskóla tóku heilbrigðisyfirvöld á orðinu og héldu börnunum inni.

Til að gæta fullrar sanngirni, sá eftirlitið nú að sér og sendi frá sér skilaboð um að vitaskuld væri heillavænlegast ef ökumenn legðu einkabílnum meðan mesta mengunin gengi yfir. Auðvitað er það mergurinn málsins. Það getur varla gengið upp að börn og gangandi eigi að mæta afgangi svo fólk geti ferðast eitt í sínum einkabíl.

Það gengur heldur ekki upp að í Reykjavík og nágrenni, með sína tvö hundruð þúsund íbúa, mælist meira svifryk í lofti en í margfalt stærri iðnaðarborgum annars staðar í heiminum. Augljóst er að eitthvað þarf að gera í málinu.

Það varðar ekki bara eldri kynslóðir sem vanar eru að geta farið allra sinna ferða á sínum einkabíl, heldur ekki síður yngri kynslóðir sem erfa munu borgina. Mengunin er ekki einkamál bílstjóra, og vandamálið fer einungis vaxandi ef ekkert er að gert. Heilsa næstu kynslóða hlýtur að skipta meira máli en bílar.

Björn Teitsson, formaður Samtaka um bíllausan lífsstíl, telur að stjórnmálamenn skorti hugrekki til að taka á málinu. Það er auðvitað hárrétt.

Stjórnmálamenn eiga að sjá til þess að hér séu boðlegar samgöngur. Þeir eiga líka að hafa kjark til að hvetja fólk og fyrirtæki til að skilja bílana eftir heima, og nýta hverja ferð betur en nú er gert. Jafnvel þótt slíkt kunni að vera óvinsælt.

Fólki er hins vegar að einhverju leyti vorkunn. Almenningssamgöngur í Reykjavík eru ekki nógu góður kostur fyrir alla höfuðborgarbúa. Vonandi stendur það til bóta með einhverri útgáfu af Borgarlínu. Lýðskrum um fríar strætóferðir er ekki lausnin. Þjónustuna þarf að bæta og nýtingin ætti að fylgja í kjölfarið.

Sömuleiðis þarf að ræða það af alvöru að banna nagladekk sem valda miklu um svifryksmenguninna. Síðast en ekki síst þarf að dreifa áfangastöðum betur um borgina. Þar myndi strax muna miklu ef stærsti vinnustaður landsins, Landspítalinn, flyttist í austurborgina. Til dæmis að Keldum.

Lýst er eftir alvöru lausnum á samgönguvandanum, og þeirri þjóðarskömm sem svifryksmengunin er. Stórborgir eins og London og Tókýó hafa tekið til í eigin garði og dregið stórlega úr mengun, meðal annars með því að draga úr bílaumferð. Smáborg eins og Reykjavík ætti að geta gripið í taumana. Vilji og leiðtogahæfileikar er allt sem þarf.

**Þar myndi strax muna miklu ef stærsti vinnustaður landsins, Landspítalinn, flyttist í austurborgina.**


## Sólarfilmur!

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.




XPRENT Hönnun & Merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is


## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Sokkar sem bjarga mannslífum

Þeir eru helsti höfuðverkur þvottasnúrunnar. Sameinaðir standa þeir – sundraðir þorna þeir. Sokkar. Svo erfitt er að sameina sokka í pör eftir þvott að kenningar eru uppi um handanheim stakra sokka sem hafa horfið með dularfullum hætti.

Við gefum sokkum sjaldan gaum. Það er kannski helst þegar við eigum ekki hreint par að við veltum fyrir okkur tilvist þeirra. En talið er að sokkar hafi fylgt manninum lengst alls fatnaðar.

Sögu sokksins má rekja allt aftur til steinaldar. Fornleifar og hellamyndir benda til þess að 5000 árum f. Kr. hafi forfeður okkar bundið skinn af dýrum um fætur sér í eins konar sokka.

Fyrsta skriflega heimildin um sokka er kvæðið Verk og dagar eftir gríska skáldið Hesíódos sem uppi var um 700 f. Kr. Um er að ræða eins konar sjálfshjálpar-kveðskap þar sem Hesíódos leggur samtíðarmönnum sínum lífsreglurnar og hvetur þá meðal annars til að klæðast flíkinni „piloi“, fléttuðum sokkum úr dýrahári, með sandölum sínum.

Elstu ullarsokkar sögunnar fundust við fornleifauppgröft á Norður-Englandi við rústir rómverska virkisins Vindolanda. Parið er saumað úr ullarefni og er frá annarri öld e. Kr. Ekki langt frá sokkunum fannst rómversk viðartafla, eins konar sendibréf, þar sem hermaður biður fyrir kveðju heim ásamt orðunum: „Sendið fleiri pör af sokkum.“

Bylting átti sér stað í sokkagerð árið 1589 þegar William Lee, enskur klerkur, fann upp prjónavélina. Með henni var hægt að prjóna sokka sex sinnum hraðar en í höndunum. Fer tvennum sögum af því hvers vegna Lee smíðaði vélina. Sumir segja að hann hafi viljað létta undir með ástkærri eiginkonu sinni sem þurfti að prjóna sokka til að drýgja heimilistekjurnar. Aðrir segja að hvati Lee hafi verið gremja. Hann hafi átt ástkonu sem hafði svo mikla unun af því að prjóna að hún hafði ekki tíma til að sinna honum. Lee vildi koma áhugamáli hennar fyrir kattarnef.

### Banvæn blaðra

En hvers vegna klæðumst við sokkum? Jú, auðvitað til að halda á okkur hita. Það er þó ekki eina ástæðan. Í fótum okkar eru 250.000 svitakirtlar. Fætur geta svitnað allt að 250 millilítrum af vökva á dag en sokkar hjálpa til við að draga svitann í sig. Enn eru ástæðurnar þó ekki taldar.

Calvin Coolidge var yngri sonur þrítugasta forseta Bandaríkjanna sem einnig hét Calvin Coolidge. Dag einn, sumarið 1924, hirti Calvin yngri, þá sextán ára, ekki um að klæða sig í sokka áður en hann hélt út í garð Hvíta hússins til að leika tennis. En sokkar verja fætur okkar undan núningi við skó. Ekki leið á löngu uns Calvin fékk blöðru undan öðrum skóm sínum. Þetta var fyrir tíma sýklalyfja. Sýking komst í blöðruna og dró meinið drenginn til dauða.

### Íslenskir sokkar í skotgröfum

Árið 1915 gekk Gunnar Richardsson, nítján ára Íslendingur, í kanadíska herinn svo hann mætti berjast í fyrri heimsstyrjöldinni. Í bréfum til fjölskyldu sinnar heima á Íslandi lýsir Gunnar vígstöðvunum sem ógnvekjandi stað, fullum af „dauðum mönnum, hestum, múldýrum, brotnum vögnum, byssum, rifflum, og fleiru“. Verst þótti honum þó „regnið og forin“. „Skotgrafirnar eru upp fyrir hné í for og vatni, hvergi staður til að setjast eða leggjast. Forin er um allt, hvergi gras, allt landið tætt af sprengikúlum, stráð dauðra manna búkum.“

Gunnar fékk stundum senda pakka að heiman með alls kyns kræsingum og þörfum hlutum. Þakklátastur var Gunnar fyrir „þann besta hlut sem við gátum óskað, þurra sokka“. Hann sagði íslensku ullarsokkana miklu betri en sokkana sem herinn skaffaði.

### Vantar þig sokka?

Sokkar. Máttur þeirra er mikill. Og enn geta sokkar bjargað mannslífum.

Mottumars er árlegt árvekni- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélagsins tileinkað baráttunni gegn krabbameini í körlum. Krabbameinsfélagið selur nú sérdeilis glæsilega sokka til styrktar baráttunni gegn krabbameini í blöðruhálskirtli. Þeir sem vilja leggja átakinu lið – eða eiga ekki lengur samstæða sokka – geta keypt sér par á slóðinni www.mottumars.is.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


-25%
25% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru 8.-12. mars
JOHN DERIAN
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16



Leikmenn Fram fagna sigrinum á Selfyssingum og sætinu í úrslitaleik Coca Cola-bikars karla þar sem þeir mæta Eyjamönnum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ævintýri Fram heldur áfram

**Fram og ÍBV mætast í úrslitaleik Coca Cola-bikars karla. Fram vann Selfoss í vítakastkeppni en ÍBV bar sigurorð af Haukum eftir magnaðan endasprett.**

**HANDBOLTI** Það verða Fram og ÍBV sem eigast við í úrslitaleik Coca Cola-bikars karla í handbolta í dag.

Seinni undanúrslitaleikurinn, milli Selfoss og Fram, var afar sveiflukenndur og frábær skemmtun. Selfyssingar leiddu með þremur mörkum í hálfleik, 15-12. Í seinni hálfleik vaknaði hinn 17 ára gamli Viktor Gísli Hallgrímsson til lífsins í marki Fram. Með hann í miklum ham milli stanganna náðu Frammarar yfirhöndinni og komust mest þremur mörkum yfir, 19-22.

Selfoss lagði ekki árar í bát, skoraði fjögur af síðustu fimm mörkum leiksins og tryggði sér framlengingu.

Framlengingin var jöfn og aldrei munaði meira en einu marki á liðunum. Selfyssingar fengu tvö tækifæri til að tryggja sér sigurinn í lokasókninni en Viktor Gísli varði bæði skot þeirra.

Í vítakeppninni nýtti Fram öll sín víti en Teitur Örn Einarsson skaut í stöng úr öðru víti Selfoss sem reyndist dýrkeypt. Fram fagnaði sigri, 31-32.

**Ótrúlegur viðsnúningur**

Haukar voru lengst af með frumkvæðið gegn ÍBV og þegar 16 mínútur voru eftir kom Heimir Óli Heimisson Hafnfirðingum fjórum mörkum yfir, 20-16. Þá sögðu Eyjamenn hingað og ekki lengra, skoruðu níu mörk gegn engu og náðu fimm marka forskoti, 20-25.

Haukar áttu ágætis áhlaup á lokamínútunum en tíminn var of naumur og ÍBV fagnaði tveggja marka sigri, 25-27. Aron Rafn Eðvarðsson lagði grunninn að sigrinum með frábærri markvörslu í seinni hálfleik. ÍBV getur bætt þriðja bikartitlinum í safnið í dag. **ingvithor@frettabladid.is**

## Undanúrslit karla

**Selfoss 31-32 Fram**
(15-12)

**Selfoss:** Teitur Örn Einarsson 8/2, Elvar Örn Jónsson 6/1, Atli Ævar Ingólfsson 6/1, Árni Steinn Steinþórsson 5/1, Einar Sverrisson 2, Haukur Þrastarson 2/1, Richard Sæþór Sigurðsson 1, Sverrir Pálsson 1.
**Fram:** Matthías Daðason 8/5, Valdimar Sigurðsson 7, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 7/1, Arnar Birkir Hálfdánsson 4/1, Andri Þór Helgason 3/1, Þorgrímur Smári Ólafsson 2/1, Svanur Páll Vilhjálmsson 1.

## Undanúrslit karla

**Haukar 25-27 ÍBV**
(13-11)

**Haukar:** Hákon Daði Styrmisson 5/3, Daníel Ingason 5/1, Atli Már Báruson 4, Adam Haukur Baumruk 4, Heimir Óli Heimisson 2, Halldór Ingi Jónasson 2, Leonharð Þorgeir Harðarson 2, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1.
**ÍBV:** Theodór Sigurbjörnsson 8, Róbert Aron Hostert 5, Grétar Þór Eyþórsson 4, Agnar Smári Jónsson 3, Kári Kristján Kristjánsson 3, Sigurbergur Sveinsson 2, Andri Heimir Friðriksson 1, Friðrik Hólm Jónsson 1.



IÐNFYRIRTÆKI TIL SÖLU

Rótgróið iðn- og þjónustufyrirtæki með 35 ára sögu er nú til sölu.

Um er að ræða skerpingarverkstæði og rekstur verslunar í Kópavogi. Fyrirtækið vinnur fyrir álver og stærstu trésmíðaverkstæði landsins og hefur leiðandi stöðu á sínu sviði. Góð vaxtartækifæri.

Rekstur fyrirtækisins er nú til sölu ásamt stórum vélasal. Ársvelta um 45 milljónir króna og hjá fyrirtækinu starfa tveir starfsmenn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 840-3425.



Valdís Þóra á toppi Table fjallsins í S-Afríku. MYND/LET/TRISTAN JONES

# Valdís Þóra í toppbaráttu

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr GL, er í toppbaráttunni fyrir lokahringinn á Investec-mótinu í Suður-Afríku en mótið er hluti af LET-mótaröðinni, þeirri sterkustu í Evrópu.

Valdís fékk fimm fugla og tvo skolla í gær en það kom henni undir parið þegar einn hringur er eftir. Eins og á síðasta móti er átjánda hola vallarins að reynast Valdísi erfið en hún hefur leikið hana á þremur höggum yfir pari og hinar holur vallarins á fjórum undir eftir tvo hringi. **– kpt**



Stjórar liðanna, José Mourinho og Jürgen Klopp. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjendur mætast á Old Trafford

**FÓTBOLTI** Þrítugasta umferð ensku úrvalsdeildarinnar hefst með stórleik Manchester United og Liverpool á Old Trafford klukkan 12.30 í dag. United situr í 2. sæti deildarinnar og Liverpool í því þriðja en aðeins tvö stig skilja liðin að. Með sigri í dag fer Rauði herinn því upp í 2. sætið.

Síðan José Mourinho tók við United hefur liðið gert jafntefli í öllum þremur leikjunum gegn Liverpool. Portúgalinn fékk mikla gagnrýni fyrir varfærna nálgun í fyrri leik liðanna á þessu tímabili sem endaði með markalausu jafntefli. **– iþs**

# Bikarkeppnin í Kaplakrika

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Flest af okkar fremsta frjálsíþróttafólki tekur þátt í bikarkeppni FRÍ í Kaplakrika í dag. Sjö lið eru skráð til leiks í kvennaflokki og átta í karlaflokki. ÍR varð hlutskarpast í fyrra, í karla- og kvennaflokki.



Meðal þeirra sem taka þátt í dag er Arna Stefanía Guðmundsdóttir sem hefur byrjað árið frábærlega og sankað að sér gullverðlaunum. Arna keppir í 800 metra hlaupi. Aníta Hinriksdóttir keppir í 1500 metra hlaupi en hún setti Íslandsmet í greininni í síðasta mánuði. **- iþs**












## Langar þig að vera ferðamaður í einn dag?

Með hverju árinu laðar borgin okkar að sér sífellt fleiri erlenda gesti og við hjá Icelandair hótelunum leggjum nótt við dag til að gera heimsóknir þeirra sem ánægjulegastar. En án gestrisni Íslendinga væri það til lítils.

Okkur finnst höfuðborgarbúar og landsmenn allir eiga hrós skilið fyrir höfðinglegar móttökur og fyrir að gæða borgina lífi og þeim einstaka anda sem heillar ferðamenn hvaðanæva að. Þess vegna langar okkur að bjóða ykkur að upplifa borgina eins og ferðamenn.

**Í samstarfi við Reykjavíkurborg munum við gefa heppnum einstaklingum kost á gistingu fyrir tvo með morgunverði á einu af hótelum okkar í borginni ásamt 24 tíma Reykjavík City Card frá Höfuðborgarstofu á tímabilinu 3.-29. apríl. Um leið munu veitingastaðirnir Geiri Smart, Slippbarinn, Satt og VOX bjóða upp á sérstök tilboð í apríl.**

Skráðu þig til leiks á **takkreykjavik.is** og þú gætir komist í hóp þeirra heppnu. Þátttakendur verða dregnir út daglega á tímabilinu 10.-24. mars.

REYKJAVÍK NATURA Icelandair Hotels | REYKJAVÍK MARINA Icelandair Hotels | REYKJAVÍK KONSÚLAT HÓTEL | canopy REYKJAVÍK | CITY CENTRE | Hilton REYKJAVIK NORDICA

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

## KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 301 × 200 × 78 cm



**25%** AFSLÁTTUR

**164.993 kr.** ~~219.990 kr.~~

IDdesign

## EIFFEL
Eldhússtóll með krómlöppum. Litir: Rautt, turkis, grátt, svart eða hvítt.



**34%** AFSLÁTTUR

**7.913 kr.** ~~11.990 kr.~~



## ANDROS
3ja sæta sófi. Grátt eða blátt sléttflauel. Stærð: 216 x 85 x 77 x cm

**20%** AFSLÁTTUR

**119.992 kr.** ~~149.990 kr.~~

## HOVE
Borðstofustóll. Ljósbrúnt PU-áklæði og svartir fætur.



**25%** AFSLÁTTUR

**14.993 kr.** ~~19.990 kr.~~

## DC 6000 XL
Vandaður tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Steingrátt slitsterkt áklæði. (Ath fætur viðalitir) Stærð: 258 x 149 x 83 cm



**28%** AFSLÁTTUR

IDdesign

**259.193 kr.** ~~359.990 kr.~~

## PRIME
Borðstofustóll. Svart PU áklæði og svartir fætur.



**25%** AFSLÁTTUR

**14.993 kr.** ~~19.990 kr.~~

## FALLEG OG SKEMMTILEG SMÁVARA Í HÖLLINNI

1.


2.


3.


4.


5.

6.


7.


8.


**1.** Vanilla Fly púðar með fyllingu, 50 cm **7.990 kr.** **2.** Boltze bananalauf 106 cm **3.490 kr.** **3.** Vanilla Fly kertastjaki **9.990 kr.** **4.** Bodum Pour over kaffikanna með korki 1 l. **6.990 kr.** **5.** Bodum Bistro krúsir með korki 2 stk. **4.990 kr.** **6.** Vanilla Fly kertastjaki með apa **5.990 kr.** **7.** Sophia Venus stytta **11.990 kr.** **8.** Iittala Maribowl skál 155 mm dökkgrá **6.390 kr.**

## HYPE
Borðstofustóll, Dusty Rose, Midnight eða svart PU og svartar lappir.



**27%** AFSLÁTTUR

**21.893 kr.** ~~29.990 kr.~~




**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

Þú finnur nýjasta blaðið okkar á www.husgagnahollin.is

# Fjölbreytt og spennandi fyrir páskana í Höllinni

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN




## HOLIDAY
Hornsófi með tungu. Limaq grátt eða svart slitsterkt áklæði
Stærð: 279 x 238 x 89 cm

**258.993 kr.** ~~349.990 kr.~~

**26%** AFSLÁTTUR



## NATUZZI EDITIONS
**B908** Sófasett, brúnt leður.
Einnig fáanlegt í svörtu leðri.

Sófi 2ja sæta: 178 x 97 x 88 cm
**239.993 kr.** ~~319.990 kr.~~

Sófi 3ja sæta: 218 x 97 x 88 cm
**277.493 kr.** ~~369.990 kr.~~

Stóll: 106 x 97 x 88 cm
**170.193 kr.** ~~229.990 kr.~~

NATUZZI EDITIONS



## CORK
Gegnheil, svört viðargrind. Svart, eða grátt leður. Einnig viðarlit grind og brúnt leður.



**22%** AFSLÁTTUR

**35.092 kr.** ~~44.990 kr.~~

## DURHAM
Hægindastóll. Brúnt leður. Armar og grind úr viði.



**25%** AFSLÁTTUR

**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

## BOUILLON
Hægindastóll. Grátt sléttflauel. Viðargrind.



**20%** AFSLÁTTUR

**79.992 kr.** ~~99.990 kr.~~

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 3. apríl eða á meðan birgðir endast.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Árið 2017 í myndum

Ást, sorg, átök, fátækt, stjórnmál og barátta voru á meðal viðfangsefna blaðaljósmyndara á árinu 2017.



Bebba hefur beðið eftir félagslegri íbúð hjá Akureyrarbæ í fjögur ár. Hún er númer 44 á biðlista og þarf jafnvel að bíða í fjögur ár í viðbót. LJÓSMYND/HEIÐA HELGADÓTTIR



Anna Katrín, Nína Rún, Glódís Tara og Halla Ólöf á húðflúrstofunni Bleksmiðjunni. Umsögn dómnefndar: Ekki er annað að sjá en að hér sé eitthvað alvanalegt að gerast. Húðflúr sem ristir ekki djúpt. Vinkonur saman. Það er þó víðsfjarri öllum sanni og myndin er á margan hátt táknræn fyrir árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Nú stendur yfir árleg sýning íslenskra blaðaljósmyndara í Esju í Hörpu. Á henni er að finna 105 myndir teknar á árinu 2017. Úr þeim voru valdar sigurmyndir í sjö flokkum auk bestu myndar ársins.

Stefán Karlsson var verðlaunaður fyrir mynd ársins 2017. Aðrir ljósmyndarar sem voru verðlaunaðir voru Eyþór Árnason sem átti bestu mynd í fréttaflokki, Heiða Helgadóttir sem átti myndröð ársins og portrait ársins, Kristinn Magnússon sem átti bestu íþróttamynd ársins, Hörður Sveinsson sem tók bestu umhverfismynd ársins, Heiðdís G. Gunnarsdóttir sem fangaði bestu mynd í flokki daglegs lífs og Aldís Pálsdóttir sem tók tímaritamynd ársins 2017.

**Órjúfanleg bönd**

„Þær voru að hittast í fyrsta skipti og maður fann það á stemningunni sem þarna ríkti,“ segir Stefán Karlsson ljósmyndari um þann anda sem ríkti á hlúðflúrstofunni Bleksmiðjunni þar sem hann tók mynd ársins 2017 af þeim Nínu Rún Bergsdóttur, Önnu Katrínu Snorradóttur, Glódísi Töru og Höllu Ólöfu Jónsdóttur. Þær voru komnar saman til þess að fá sér sama húðflúrið: I am the storm.

Þær eiga það sameiginlegt að Robert Downey braut á þeim í æsku. Myndin þótti táknræn fyrir árið því reynsla þeirra og barátta fyrir réttlæti kom af stað hreyfingunni: Höfum hátt. „Við erum allar tengdar órjúfanlegum böndum,“ sagði Anna Katrín í viðtali við blaðamann af því tilefni.

**Móðurást**

„Þetta er systir mín á myndinni,“ segir Heiðdís G. Gunnarsdóttir um fallega mynd af móður að gefa barni brjóst sem þótti besta mynd í flokki daglegs lífs. „Þetta er nokkrum dögum eftir að stúlkan hennar fæddist. Eldri strákurinn er upptekinn af móður sinni og nýrri systur. Það er mikil nánd í þessari mynd, ég kom til þess að taka hefðbundna ungbarnamynd en stúlkan vildi ekki sofa og systir mín er að gefa henni brjóst,“ segir Heiðdís frá.

**Náungakærleikur í Laugardalnum**

„Ég tók þessar myndir í mánaðartímabili, þetta er indælisfólk,“ segir Heiða Helgadóttir um myndaröð sína af fólki sem bjó í húsbílum í Laugardal. „Mig langaði að kynnast samfélaginu og komst að því að þarna ríkti mikill náungakærleikur á milli fólks í vondri stöðu. Þetta fólk stóð saman. Þarna var til dæmis maður sem bjó í bílnum sínum en fólkið á svæðinu lagðist á eitt um að finna fyrir hann hjólhýsi. Þarna var líka hún Bebba sem hefur búið í húsbílnum sínum í fjögur ár. Hún fór út úr íbúðinni sinni á Akureyri því hún taldi hana of stóra fyrir sig. Vildi rýma hana fyrir stærri fjölskyldu. Svo fékk hún ekki minni íbúð fyrir sig sjálfa og hefur verið á biðlista í fjögur ár, segir Heiða frá sem tók myndirnar fyrir Stundina.

Sýningin stendur til 25. mars og er hægt að nálgast bók með öllum myndum sýningarinnar á Blurb.com.

**frettabladid.is** Meira um sýninguna og sögurnar á bak við myndir ljósmyndara í Fréttablaðinu plús, sérstökum viðauka við vefútgáfu blaðsins.



Umsögn dómnefndar: Hér hefur tekist að fanga eitt af undrum hversdagsleikans. Fjarri öfgum blaðaljósmynda skynjum við hér kjarna mannlegrar tilveru. Svona er lífið. Þessi friðsæla mynd sem snertir okkur í hjartastað og fær okkur til að brosa hið innra. LJÓSMYND/HEIÐDÍS GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR

## Einu sinni var




10. mars 1986. Árfari, Fokker-vél Flugleiða, á Suðurgötu eftir misheppnað flugtak. Sem betur fer urðu engin slys á fólki. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR.

## Um helgina, af hverju ekki að ...




**LESA**

Átta fjöll eftir Paolo Cognetti, um vináttu tveggja drengja sem eiga sér ólíkan bakgrunn. Það er óhætt að mæla með bókinni fyrir þá sem hafa bæði áhuga á fjallgöngum og bókmenntum.



**FYRSTA FERMINGARVEISLA VORSINS UM HELGINA**

Ég fór út í drykki með góðum vinkonum á föstudagskvöldinu og ætla svo að eiga rólegan laugardag með fjölskyldunni. Á sunnudag er síðan fyrsta fermingarveisla vorsins. **Áslaug Karen Jóhannsdóttir, blaðamaður á Stundinni.**

**HORFA**

á Andið eðlilega, fyrstu kvikmynd Ísoldar Uggadóttur í fullri lengd. Myndin fjallar um einstakt samband tveggja kvenna, einstæðrar móður og konu á flótta, og hreyfði við frumsýningargestum á fimmtudaginn.





**Mynd eftir Stefán Karlsson af Karólínu, þýskum verkfræðingi sem býr ein hátt í hlíðum fjalla á mótum Húnavatnssýslu og Skagafjarðar fangar veruleika þeirra sem búa afskekkt á landsbyggðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**Ísland skorar eitt markanna í 8-0-sigri. Ljósmyndin táknræn fyrir ójöfnuð milli kynjanna í íþróttaheiminum.** LJÓSMYND/KRISTINN MAGNÚSSON



**Heiða fékk einnig verðlaun fyrir portrait ársins, fyrir mynd af Sylviane Lecoultre Pétursson sem studdi eiginmann sinn, Steinar Pétursson, þegar hann fór til Sviss að fá dánaraðstoð eftir að hafa greinst með illkynja heilaæxli.** LJÓSMYND/HEIÐAHELGUDÓTTIR



**Þetta var ekki fyrsta ferð okkar ljósmyndara og blaðamanna á Bessastaði á síðasta ári. Og ekki hans Bjarna Benediktssonar heldur, segir ljósmyndarinn Anton Brink um þessa mynd eftir óvænt stjórnarslit.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK



**Eyþór Árnason ljósmyndari Fréttablaðsins myndaði leit að Birnu Brjánsdóttur. Umsögn dómnefndar: Birnu Brjánsdóttur var leitað um afar víðáttumikið svæði. Svo stórt var það að leitarfólkið virðist agnarsmátt andspænis eilífðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Margir héldu að sambandið mundi ekki þola fjarlægðina og tímamismuninn en annað hefur komið á daginn. Nú eiga þau Dagný og Ómar Páll von á sínu fyrsta barni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Finnst alltaf gaman saman

Eftir tíu ára fjarbúð hafa **Dagný Brynjarsdóttir** fótboltastjarna og **Ómar Páll Sigurbjartsson** rafvirki flutt í eigin íbúð á Selfossi og eiga von á erfingja í sumar. Hjá Dagnýju er gleðin blandin, enda er hún hrjáð af morgunógleði núna og ekki tilbúin að leggja skóna á hilluna en Ómar er nær því að upplifa drauminn um eðlilegt fjölskyldulíf.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þetta er í fyrsta skipti sem ég er boðaður í viðtal og það undir nafni. Hingað til hef ég bara verið „kærastinn“ eða „kærastinn hennar Dagnýjar“!“ segir Ómar Páll Sigurbjartsson rafvirki hlæjandi um leið og hann hendist út úr RARIK-bíl við heimili sitt á Selfossi. Við höfðum mælt okkur þar mót. Sambýliskona hans, fótboltastjarnan Dagný Brynjarsdóttir, býður okkur velkomin þegar við stígum inn en biður um frest á viðtalinu í nokkrar mínútur meðan hún bursti tennur og þvoi framan úr sér, morgunógleði vegna óléttu sé að hrella hana og nú hafi ferðaþreyta bæst við. Ómar Páll upplýsir að þau séu nýkomin heim eftir tveggja vikna ferðalag til Bandaríkjanna og tímamismunurinn segi líka til sín.

Svartur og hvítur köttur mætir okkur, forvitinn, það er Batman. Dagný á hann. „Kettir eru nú hlöðudýr í mínum huga,“ segir Ómar Páll brosandi. „Ég er ekki gæludýramaður en það er Dagný hins vegar.“

**Búin að æla í 14 vikur**

Íbúðin þeirra er í raðhúsi á einni hæð í nýju hverfi út með Ölfusánni. Allt í kring er verið að byggja og athygli vekur tveggja hæða hús sem er að rísa skammt utan við stofugluggann. „Þegar við fluttum inn í fyrrasumar höfðum við útsýni hér til Eyrarbakka,“ segir Ómar sem er vanur víðáttu úr Þykkvabænum þar sem hann ólst upp við sveitastörf, einkum kartöflurækt. Dagný er frá Hellu og þau eru búin að vera par í rúm tíu ár. „Ómar var fimmtán og ég sextán þegar við byrjuðum saman. Ég var í Fjölbraut á Selfossi og hann í grunnskóla á Hellu,“ rifjar hún upp. „Við kynntumst náttúrlega í skóla og fótbolta á Hellu og vorum orðin skotin en ekki byrjuð sem kærustupar. Það komst ekkert annað að en fótbolti hjá mér.“ „Það er svo sem enn þannig í dag,“ laumar Ómar inn. Hún kveðst hafa tilkynnt honum þegar þau byrjuðu saman að hann yrði bara að vera númer tvö og hann hefði gengið að því. En hvernig líkar henni þá þetta nýja líf, að vera orðin húsfreyja á Selfossi og eiga von á barni í júlí?

„Viltu að ég sé hreinskilin? Mér finnst það mjög erfitt. Vinkonur mínar eiga börn og systkini okkar Ómars, mér fannst það bara nóg, ég ætlaði jú einhvern tíma að eignast barn – en ekki alveg strax. Svo segja allir við mig eftir að ég varð ólétt: „Ó, til hamingju, þetta er yndislegur tími, þú átt eftir að glansa,“ – og ég er búin að æla í fjórtán vikur. Hugsa á hverjum morgni: Hvenær kemur þessi yndislegi tími? Það sem heldur mér gangandi er að þrátt fyrir allt er ég með mikla orku og þarf hreyfingu og þó ég hafi ekki matarlyst hugsa ég: Ég verð að borða svo ég geti farið að æfa.“ Hún kveðst æfa fótbolta tvisvar í viku með stelpunum í meistaraflokki Selfoss. Auk þess lyfti hún þrisvar í viku og reyni að hlaupa einu sinni í viku. Hversu langt fram eftir meðgöngunni er henni ráðlagt að halda þessu áfram?

„Ljósmóðirin mín er mikið tengd inn í íþróttaheiminn og hún segir að um leið og ég finni einhver veikleikamerki í grindinni eigi ég að trappa mig niður. Auðvitað verð ég að vera skynsöm og á fótboltaæfingum sleppi ég tæklingum og spila öðruvísi leik en venjulega. En mér finnst geggjað að geta spilað.“

Aðspurður kveðst Ómar ekki hafa teljandi áhyggjur af Dagnýju og fóstrinu heldur treysti dómgreind hennar. „Hún hefur samt lent í að gera aðeins of mikið, meira en líkaminn segir henni að gera,“ bendir hann á og það viðurkennir hún hreinskilnislega.

Dagný er atvinnumanneskja í fótbolta, síðustu árin hjá Portland í Bandaríkjunum og kveðst ekki hafa verið tilbúin til að koma alveg strax heim. „En þegar ég komst að því að ég væri ólétt sagði ég við Ómar: Þú verður að lofa að koma með mér út. Þannig að planið er að fara aftur út og hafa Ómar og barnið með. Ég veit enn ekki hvert. Kannski aftur til Portland.“

**Gaman í útivinnu og brasi**

Ómar starfar hjá RARIK og segir það eiga vel við hann. „Þetta er frábært framhald á því sem ég var vanur að gera í sveitinni, að vera úti í einhverju drullumalli og veseni. Ég hef gaman af því. Pabbi hennar Dagnýjar er hjá RARIK á Hvolsvelli og dró mig með sér í vinnuna í kringum jólin 2012. Nokkrum dögum seinna varð stórtjón á línum í óveðri vestur á Snæfellsnesi, fjöldi staura brotnaði og við vorum viku í viðgerðum í snjó og erfiðum aðstæðum – ekta brasi. Haustið eftir fór ég að læra rafvirkjun og útskrifaðist 2014 frá Tækniskólanum. Er svo að bæta við mig rafiðnfræði og á einn áfanga eftir við Háskólann í Reykjavík. Þar næ ég í meistararéttindi.“

> MÉR FANNST LÍKA ERFITT ÞEGAR VEL GEKK HJÁ HENNI AÐ GETA EKKI VERIÐ Á LEIKNUM OG FAÐMAÐ HANA Á EFTIR OG FAGNAÐ MEÐ HENNI
>
> Ómar

Ómar segir vinnu við háspennulínur geta tekið í. „Ég finn alveg fyrir því að klifra upp í 10 til 20 staura á dag þó ég sé 25 ára og telji mig fullfrískan, meðan helmingi eldri menn, sem hafa unnið við fagið í áratugi, blása ekki úr nös. Það er líka áskorun að fara í viðgerðir í hvaða veðri sem er en það á alveg við mig, að minnsta kosti þar til ég er orðinn illa þreyttur,“ segir hann og kveðst ekki lofthræddur. „En við strákarnir segjum stundum að við séum fallhræddir.“

Nú vil ég vita meira um sambandið. Hvenær sáust þau fyrst? Dagný lítur á Ómar. „Má ég segja? Við mættum á fótboltaæfingu á Hellu, hann líklega sex ára og ég sjö og hann var alveg að drepast úr feimni. Mamma hans var með honum og sagði: „Þarna er Dagný, þú þekkir hana nú.“ Þetta er fyrsta minning mín af honum.“

Hún kveðst yfirleitt hafa verið eina stelpan í fótboltanum á Hellu. Ómar er því spurður hvort hann hafi ekki lent í gríðarlegri samkeppni um hana. „Jú, en Dagný man ekkert eftir því. Hún var bara venjuleg fótboltastelpa – eða eiginlega fótboltastrákur,“ svarar hann. „Já, mér fannst ég bara ein af strákunum,“ viðurkennir hún. „Var ber að ofan alveg þangað til í sjöunda bekk.“

**Rökræður yfir hafið erfiðar**

Áður fyrr voru það karlmennirnir sem sigldu og konur sátu heima í festum árum saman. Nú hefur Dagný dvalið mikið erlendis undanfarin ár en Ómar þurft að taka á þolinmæðinni. Hann kveðst samt hafa reynt að heimsækja hana þegar úrslitaleikir voru, hún að útskrifast úr háskólanum eða eitthvað annað stórt var um að vera. Einn veturinn hafi hann líka verið hjá henni í sex mánuði. „Það hafði enginn trú á að sambandið myndi endast – og við á þessum aldri. Auðvitað koma upp árekstrar þegar fólk er svona aðskilið mánuðum og árum saman en einhvern veginn ➡

**18. MARS** 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# GESTAHLJÓMSVEIT GAUTABORGARSINFÓNÍAN Á ÍSLANDI



**Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar**
**Santtu-Matias Rouvali** hljómsveitarstjóri
**Hélène Grimaud** einleikari

**Richard Strauss**
**Svíta úr Rósarriddaranum**

**Ludwig van Beethoven**
**Píanókonsert nr. 4**

**Jean Sibelius**
**Sinfónía nr. 1**

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í tónleikahúsinu í Gautaborg í apríl síðastliðnum við frábærar undirtektir og nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda heimsóknina.

Einleikari á tónleikunum er hin franska Hélène Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Þetta er í fyrsta sinn sem Grimaud leikur á Íslandi og er það mikið tilhlökkunarefni. Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir en hann tók við stöðu aðalstjórnanda í Gautaborg haustið 2017.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

➡ hefur þetta haldið,“ segir hann.

Þegar Dagný var á förum út í háskólann í Flórída fyrir rúmum sex árum kveðst hún hafa verið spurð: „Bíddu, ætlið þið ekki að hætta saman áður en þú ferð?“ „Nei,“ svaraði ég. „Ég hætti bara með honum á Skype ef þess þarf.““

En voru þau aldrei hrædd um að hitt héldi framhjá? Dagný er fyrri til svars. „Ég held við séum bæði svo opin að við myndum segja hinu upp áður. Ef ég hefði orðið skotin í strák úti hefði ég bara hringt og sagt: „Ómar, þetta er búið.“ Ég hef alveg verið spurð: „Varstu aldrei með einhverjum öðrum? En eitthvað smá?“ Nei, er svarið.“

Ómar kveðst ekki beint hafa óttast framhjáhald af hennar hálfu. „Auðvitað poppaði stundum upp – hvað ef? Dagný á rosalega marga karlkyns vini því það eru aðallega karlmenn kringum fótboltann þarna úti. Eina kvenfólkið sem hún umgekkst var liðsfélagarnir.“ Hún tekur undir það. „En ég bara ólst mikið upp með strákum og í hópverkefnum í skólum enda ég einhvern veginn alltaf á að vera með strákum. Enda spurði Ómar stundum: „Eru engar stelpur í þessum áföngum með þér?“ Jú, þær voru þarna en mér fannst ég ekki eiga neina samleið með þeim.“

Ómar segir rökræður yfir hafið stundum hafa tekið á. „Það getur bara verið drulluerfitt ef það koma upp vandamál og við erum ekki sammála um eitthvað að geta ekki verið saman að rífast um það, heldur hvort í sinni heimsálfu.“ „Ég gat bara skellt á,“ skýtur Dagný inn í. „Já, þá gat ég ekki hlaupið á eftir henni og útskýrt hlutina heldur þurfti að hringja og hringja. Og mér fannst líka erfitt þegar vel gekk hjá henni að geta ekki verið á leiknum og faðmað hana á eftir og fagnað með henni,“ segir Ómar sem kveðst alltaf hafa reynt að fylgjast með þegar hún var að spila, þó hann þyrfti að vaka á nóttunni til þess.

Þau segjast hafa gengið í gegnum samskiptabyltingu í tölvunum. „Fyrst var eitthvert forrit sem hét Viber, eftir það kom Skype, svo Imessage, síðan Facetime, við fylgdum bara þróuninni,“ lýsir Ómar og Dagný tekur við: „Stundum var þetta erfitt út af tímamismuninum. Ég var upptekin þegar Ómar var laus og hann þegar ég var laus. Það gátu alveg liðið þrír dagar þannig að við komumst ekki í símann en þá gátum við alltaf sent SMS. Við reyndum líka að láta ekki líða meira en þrjá mánuði milli þess sem við hittumst. Ef það dróst lengur varð tíminn alltof lengi að líða. Mér fannst það erfiðast.“

**Urðu vinir fyrst**

Dagný kveðst alltaf hafa komið heim um jól og auðvitað líka til að spila með landsliðinu og þá hafi Ómar sótt hana á völlinn og verið með henni allan tímann nema leikdag og nóttina fyrir hann. „Ég gat samt ekki bara eytt tíma með honum, ég varð líka að rækta tengslin við fjölskyldu mína og hans, vera með landsliðinu og stundum hitta aðra vini mína. En við vorum eins mikið saman og hægt var. Ómar lenti samt oft í því að vera bara með – hálfgert úti í horni.“

„Það var kannski stundum pirrandi meðan það leið en svo þegar maður hugsar aftur í tímann þá situr það ekkert í mér, enda er ég ekkert eini maðurinn í heiminum hennar Dagnýjar, hún á líka fjölskyldu og vini,“ segir Ómar skilningsríkur.

*Vilja þau kannski gefa öðrum pörum góð ráð sem eru í fjarbúð?* „Ég held að ef fólk er nógu góðir vinir þá gangi þetta upp. Við urðum vinir áður en við urðum kærustupar og það er góð undirstaða,“ segir Dagný. Ómar er sama sinnis. „Okkur finnst alltaf gaman saman. Vissum að einn daginn kæmi að því að fótboltaferillinn tæki enda og þá tæki við aðeins venjulegra líf.“

Hann viðurkennir að hafa beðið þeirrar stundar. „Ég vissi líka að mig langaði að klára skóla, finna mér vinnu og eignast heimili. Nú er það allt komið og við getum ekki verið lengur hvort í sinni heimsálfu eftir að barnið fæðist,“ segir hann en sver einlæglega af sér að hafa beitt einhverju trixi til að Dagný yrði ólétt. „Ég myndi segja frá því ef það væri þannig. Það var sko ekki.“

Dagný kveðst hafa verið að fresta barneignum en forlögin tóku í taumana. „Eftir EM, eftir HM, hugsaði ég og hélt svo að ég gæti lengt frestinn þar til ég legði skóna á hilluna en nú er barnið á leiðinni. Mér finnst ég samt eiga smá inni til að verða betri í boltanum og þykir enn ótrúlega gaman í atvinnumennsku erlendis svo ég stefni ótrauð út – með Ómar og barnið.“

Talið berst að tekjumöguleikum í boltanum og Dagný lýsir reynslu sinni af þeim. „Þegar ég fór frá Val hélt ég til Bandaríkjanna í háskóla, þar sem skólagjöldin voru felld niður vegna þátttöku minnar í fótboltaliði skólans. Önnin kostar svona fimm milljónir og ég fékk allt frítt, bækur, skóla, allt. Það er besti samningur sem ég hugsanlega gat fengið, miðað við kvennabolta. Svo fór ég til Bayern München, það var mjög lélegur samningur og mér líkaði illa bæði þar og í Þýskalandi almennt. Þá fór ég til Portland í Bandaríkjunum og fékk vel borgað.“

**Bæði dálítið kappsöm**

Dagný stundar nám í Keili, tók einkaþjálfaranám í fjarnámi þegar hún var úti í atvinnumennsku og nú er það styrktarþjálfun sem hún leggur stund á. „Þetta er ein önn sem ég bæti við mig, bæði bóklegt og verklegt nám. Það bóklega tek ég í fjarnámi en þarf að mæta í Keflavík eða Reykjavík tvær helgar í mánuði til að læra æfingarnar sjálf og hvernig ég á að koma þeim áfram. Ég kann svo sem flestar æfingarnar enda búin að vera lengi í íþróttum en það er verið að fínpússa þær. Ég þarf líka að fara yfir íþrótta- og næringarfræðina til að geta aðstoðað aðra. Svo er ég þjálfari yngri flokka hér á Selfossi. Var að hugsa um að fara að vinna eitthvað en hefði aldrei getað það, miðað við hvað ég er búin að vera lasin á meðgöngunni.“

Spurningu um hvort lítið sé á hana sem stjörnu á Selfossi svarar Dagný:

> EN OFT ÞEGAR VIÐ KOMUM HEIM ÚR ÍÞRÓTTUNUM TÖLUM VIÐ REYNDAR EKKI SAMAN, ÞAÐ ER AÐEINS OF MIKIL KEPPNI MILLI OKKAR
>
> Dagný

„Ég held fólk sé ánægt að hafa mig hér. Þegar ég sagði yfirþjálfara yngri flokkanna af ástandi mínu, áður en við sögðum foreldrum okkar frá því, varð hann mjög glaður, (hlæjandi) lá við að hann fagnaði meira en Ómar!“

„Það fer ekki framhjá manni í búðinni að fólk veit hver hún er,“ segir Ómar. „En það eru allir rosalega almennilegir, bara Íslendingar almennt, þeir eru ekkert að trufla okkur.“ „Það var frekar þegar við vorum á Tene,“ segir Dagný. „Og svo langar yngri krakkana að fá selfí með mér, það er bara ekkert mál.“

Þeim Dagnýju og Ómari líður greinilega vel saman og innt eftir hvernig þau skemmti sér best svarar hann: „Ég held við skemmtum okkur best í Þykkvabænum í einhverju fjórhjólaveseni. „Já, úti að leika okkur og líka í íþróttahúsinu þar,“ segir hún og bætir við brosandi: „En oft þegar við komum heim úr íþróttunum tölum við reyndar ekki saman, það er aðeins of mikil keppni milli okkar. Lilja, mamma hans Ómars, hefur sagt: „Jæja, á ég að búa um í hinu herberginu?““ „Já, við erum bæði dálítið kappsöm,“ viðurkennir Ómar brosandi. „Sérstaklega þegar við erum hvort gegnt öðru. Ef við horfum á íþróttir í sjónvarpinu reynum við að halda ekki með sama liði eða keppnismanneskju, til að hafa smá spennu.“

„Við erum bæði ljón, það er stál í stál að sögn stjörnufræðinga,“ botnar Dagný.



**„Við erum bæði ljón, það er stál í stál að sögn stjörnufræðinga,“ segir Dagný.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

**Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 4.790.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM87132

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is





Hinn fjórtán ára gamli Davíð Thor Morgan segir að sér finnist gaman að vinna með höndunum og því henti starfið í Bauhaus honum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tækifærin finnast víðar en í bóknámi

Það er mikilvægt að unglingar sem þrífast illa í hefðbundnu bóknámi finni sér stefnu í lífinu. Mörg reykvísk börn fá mikla hjálp í gegnum verkefnið Atvinnutengt nám. Þar fá þau aðstoð frá eldra og reyndara fólki við að stíga sín fyrstu skref í nám eða á vinnumarkað.

Við mælum okkur mót við Brúarskólanema í verslun Bauhaus rétt við Úlfarsfellið. Davíð Thor Morgan er fjórtán ára, en alveg að verða fimmtán. Hann er einn nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sem taka þátt í verkefninu Atvinnutengt nám. Verkefnið er ætlað nemendum sem hafa dregist verulega aftur úr í námi og líður ekki vel í hefðbundnum grunnskóla. Nemendurnir sem taka þátt í því eru launþegar hjá Reykjavíkurborg en starfa víðsvegar í einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum um borgina. Þeir sem eru í 9. bekk frá rúmar 600 krónur á tímann en þeir sem eru í 10. bekk fá rúmar 800 krónur.

„Ég bara er ekki viss, kannski svona þrjá til fjóra mánuði. Ég er bara hérna á miðvikudögum frá 9-13,“ segir Davíð þegar hann er spurður að því hvað hann sé búinn að vera lengi hjá Bauhaus.

Davíð segist ekki kunna sérlega vel við sig í Brúarskóla. „Það eru allt of strangar reglur þar,“ segir hann. „Ég hef áhuga á að gera eitthvað, að vinna með höndunum. Þetta er góður staður fyrir það,“ segir Davíð um vinnuna í Bauhaus. Hann segist sinna þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hann. „Stundum er ég að vörumerkja og eitthvað. Svo er ég að pakka inn og stundum er ég ekki að gera neitt,“ bætir hann við. Davíð segir starfsfólkið í Bauhaus taka sér mjög vel. „Það er góður andi hérna,“ segir hann og segist vel geta hugsað sér að vinna í Bauhaus þegar hann er útskrifaður úr 10. bekk í Brúarskóla, eða fara í framhaldsskóla.

Arna Hrönn Aradóttir, starfsmaður Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, hefur umsjón með Atvinnutengdu námi af hálfu Reykjavíkurborgar. Hún heldur utan um skráningu, sér til þess að nemendur fái greitt fyrir sína vinnu og er tengiliður við grunnskóla og vinnustaði nemenda.

Arna segir að ein rannsókn hafi verið gerð á verkefninu, árið 2013. Þá var könnuð staðan á krökkum sem höfðu lokið námi í grunnskóla og höfðu gengið í gegnum verkefnið. Ungmennin voru spurð í rannsókninni hvernig þau hefðu upplifað verkefnið og hver staða þeirra væri þegar rannsóknin var gerð. „Við vildum vita hvernig þeim fannst þetta verkefni, hvernig þeim leið eftir að þau byrjuðu í verkefninu og hvernig mætingin, líðanin og námsárangurinn hefði batnað,“ segir Arna og bætir við að niðurstaðan hafi orðið sú að nemendum hefði liðið betur eftir að þau byrjuðu. Úrtakið í rannsókninni var 109 nemendur og af þeim tókst að ná í 84. Niðurstaðan var að 60 prósent nemenda sem svöruðu voru í námi, einhverjir voru í vinnu og enn aðrir að gera eitthvað annað. Einungis einn eða tveir höfðu ekkert fyrir stafni og fengu þeir viðeigandi aðstoð. „Það er mjög ánægjulegt að þau fóru öll að gera eitthvað tengt því sem þau fengu að taka þátt í þegar þau voru í atvinnutengda náminu. Þau voru að stefna á kokkanám, þau voru að stefna á leikskólakennara, á háriðn, einhver í bifvélavirkjun og einhver í málmiðn. Öll voru þau að stefna á eitthvað og það er auðvitað það sem við viljum,“ segir Arna.

Hún segir að það sé alltaf grunnskólans að meta það hvort barn þurfi á verkefninu að halda og skólinn geti þá mælt með þessu úrræði. „Barnið þarf að uppfylla ákveðin atriði þannig að skólinn fari að mæla með þessu úrræði.“ Arna segir að eftirspurn eftir þátttöku í verkefninu sé mjög mikil. Þess vegna sé mjög mikilvægt að atvinnurekendur sýni því áhuga og séu fúsir til að taka nemendur að sér.

Þeir atvinnurekendur sem Fréttablaðið hefur rætt við eru ánægðir með hvernig til hefur tekist og margir þeirra fá nemendur til sín ár eftir ár. Einn þeirra er Ásgeir Bachmann, framkvæmdastjóri Bauhaus.

„Þegar vel tekst til þá sér maður ánægða unga einstaklinga sem öðlast sjálfstraust og vilja til að leggja eitthvað af mörkum. Oft er það þannig að unga fólkinu sem nær ekki að sinna skólanum finnst það vera út undan gagnvart jafningjum sínum og jafnöldrum. Það kemur oft ekki með fullt sjálfstraust. Um leið og ungmennin fara að vinna með fullorðnu fólki sem hjálpar því áleiðis með fyrstu skrefin og þau fá síðan verkefni við hæfi þá sjá þau að þau geta þetta líka. Þá kemur trúin og það skiptir miklu máli,“ segir Ásgeir.

Hann segir að Bauhaus hafi tekið að sér einn til tvo nemendur á hverju einasta ári. Ásgeir starfaði hjá Byko áður en hann fór til Bauhaus og þar tók hann líka á móti nemendum í tengslum við þetta verkefni. Hann segir flesta einstaklinga hafa komið vel út hjá sér. „En þá skiptir líka máli að foreldrarnir séu jákvæðir fyrir þessu, að börnin fái stuðning fyrir þetta heima fyrir,“ segir Ásgeir og viðurkennir að það sé allur gangur á því hvort börnin fái þennan mikilvæga stuðning heima fyrir.

Ásgeir segir starfsmenn vera mjög jákvæða gagnvart verkefninu. Hvort sem það er hér eða í Byko þá hafa starfsmenn aldrei tekið neikvætt í þetta. Þeir hafa bara tekið mjög vel utan um krakkana og hjálpað þeim áleiðis. Það er algjörlega til fyrirmyndar.“

Hann segir dæmi um að börn komi síðar í launuð störf hjá Bauhaus eftir að hafa verið þar í atvinnutengdu námi. „Já, já. Það eru alveg dæmi um það. Þá eru það yfirleitt helgarstörf með skóla og þvíumlíkt.“

Mörgum þeim sem hafa farið í atvinnutengt nám hefur farnast vel á eftir. Einn þeirra er Theódór Páll Theódórsson kokkur, sem ólst upp í Grafarvogi og gekk í Engjaskóla. Hann er með lesblindu og var í sérdeildarbekk í grunnskóla.

Hann segir að bóklegt nám hafi aldrei höfðað til sín. „Eina fagið sem mér fannst skemmtilegt í grunnskóla var heimilisfræði. Eftir það langaði mig alltaf til að vinna í eldhúsi og verða kokkur,“ segir Theódór.

Hann fékk pláss á Grand Hóteli tvisvar í viku í atvinnutengda náminu. „Ég var á þriðjudögum í eldhúsinu. Þá var ég að hjálpa til með hópa og með undirbúning. Á fimmtudögum var ég meira í bakaríinu með bökurum. Að undirbúa brauðbakstur og svona,“ segir hann.

Um leið og Theódór Páll útskrifaðist úr grunnskóla fór hann með ferilskrá og labbaði inn á hvern einasta veitingastað sem hann fann til að leita að vinnu. Hann var um stutta stund á Orange, en hætti fljótlega þar. Eftir það gekk atvinnuleitin ekki eins og best varð á kosið fyrr en Theodór Páll talaði við heimilisfræðikennarann sinn úr grunnskóla sem kom honum að á samning hjá La Primavera. Síðar fylgdi hann eiganda La Primavera yfir í Hörpuna. Hann útskrifaðist sem kokkur árið 2013. Þá sótti hann um starf á Hótel Reynihlíð, þar sem hann var yfirkokkur í tvö og hálft ár. „Að vera tvítugur og yfirkokkur úti á landi, það var svolítið stórt stökk,“ segir hann. Eftir starfið á Hótel Reynihlíð hefur Theódór Páll unnið á Húsavík, Egilsstöðum og víðar. Nú er hann í afleysingum hjá HB Granda og ætlar svo að vera í veiðihúsi við Blöndu í sumar.

Theódór Páll lætur mjög vel af atvinnutengda náminu á grunnskólaárunum. „Ég hef séð fullt af fólki sem er í skóla án þess að bóknám henti því og ég veit um fullt af fólki sem hefur flosnað upp frá skóla af því að bóklegi parturinn er erfiður,“ segir hann.




**ÉG VEIT UM FULLT AF FÓLKI SEM HEFUR FLOSNAÐ UPP ÚR SKÓLA AF ÞVÍ AÐ BÓKLEGI PARTURINN ER ERFIÐUR.**



Theodór Páll Theódórsson, til vinstri, segir að eina skemmtilega fagið í grunnskóla hafi verið heimilisfræði. MYND/SIGURJÓN RAGNAR







### Suites at Hollywood Mirage

**Frá kr. 75.530 m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 75.530 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 119.430 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
**14. mars í 10 nætur.**




### Suites at the Beverly Heights

**Frá kr. 76.880 m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 76.880 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 112.730 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
**14. mars í 10 nætur.**




### Hotel Paradise Park

**Frá kr. 88.705 m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 88.705 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 106.330 m.v. 2 fullorðna í herb.
**14. mars í 10 nætur.**




### H10 Conquistador

**Frá kr. 151.900 m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 151.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 176.630 m.v. 2 fullorðna í herb.
**14. mars í 10 nætur.**




### Playa Real Resort

**Frá kr. 99.885 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 99.885 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 124.335 m.v. 2 fullorðna í herb.
**15. mars í 9 nætur.**




### Suites at Hollywood Mirage

**Frá kr. 67.935 m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 67.935 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 109.535 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
**15. mars í 9 nætur.**




### Hotel Bahia Principe

**Frá kr. 121.635 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 121.635 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 139.135 m.v. 2 fullorðna í herb.
**15. mars í 9 nætur.**




### H10 Las Palmeras

**Frá kr. 138.570 m/hálft innifalið**
Netverð á mann frá kr. 138.570 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 161.035 m.v. 2 fullorðna í herb.
**15. mars í 9 nætur.**

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SÍA • NM86983




Síðasti opnunardagur bókamarkaðarins er nú á sunnudag þannig að bókaunnendur sem eiga eftir að leggja leið sína þangað hafa ekki langan tíma til stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Maður lætur alltaf freistast

Því fylgir ætíð nokkur tilhlökkun að mæta á hinn árlega bókamarkað og sú tilfinning var ráðandi hjá þeim gestum sem blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins mættu í stúkubyggingu Laugardalsvallar á dögunum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Við eigum nokkuð af bókum. Reyndar svo mikið að nú verðum við eiginlega að fara að hætta að kaupa þær, en þegar maður kemur á þennan markað lætur maður alltaf freistast,“ segir Hreinn Bergsveinsson sem mættur er á svæðið ásamt Valgerði Pálsdóttur. Meðal bóka sem vekja áhuga þeirra er ritsafn Þorsteins frá Hamri og barnabækur, þar á meðal Vaknaðu, Sölvi eftir Eddu Heiðrúnu Backman og Þórarin Eldjárn og Stígvélaði kötturinn. „Við erum með barnabarn sem verður þriggja ára nú í mars, heldurðu að hann verði ekki að fara að lesa,“ segir Hreinn kankvís.

Hafsteinn Guðjónsson og Anna Helgadóttir eru einnig í bókakaupum og sömuleiðis með börnin í huga. „Það er mikilvægt að börn lesi,“ segir Anna og sýnir blaðamanni stafla af bókum um hinn skemmtilega Skúla skelfi. Orð að sönnu eftir Jón G. Friðjónsson er einnig í körfunni. „Ég hef gaman af slíkum bókum og kaupi þær oft,“ segir Hafsteinn. Anna valdi sér Snarkið í stjörnunum eftir Jón Kalman Stefánsson sem er höfundur sem hún hefur mikið dálæti á. Smásögur heimsins, Rómanska Ameríka er einnig með í bókakaupunum. „Við erum nýbúin að vera í Perú þannig að okkur finnst freistandi að lesa sögur frá þessum heimshluta,“ segja þau.



Hreinn og Valgerður láta alltaf freistast á bókamarkaðnum.



Hafsteinn og Anna eru ekki síst með börnin í huga við val sitt á bókum.



Sveinn Einarsson segir gaman að vera innan um bækur því þær séu svo lifandi.



Nóg er af fræðibókum á markaðnum og slíkar bækur heilla Ármann Schelander.

### Lifandi bækur

Blaðamaður rekst á Svein Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóra. Eiginkona hans, Þóra Kristjánsdóttir, er skammt frá niðursokkin í að skoða bækur. Sveinn segist hafa komið á bókamarkaðinn frá unga aldri. „Það er svo gaman að vera innan um bækur, þær eru svo lifandi.“ Hann segir þau hjón eiga mikið af bókum. „Reyndar svo margar að nú er ég kominn á það stig í lífinu að ég er að gefa bækur frá mér. Á seinni árum hef ég sagt við sjálfan mig þegar ég mæti á bókamarkaðinn: Nú kaupi ég ekkert því við eigum svo mikið af bókum, en hef alltaf svikið það. Alltaf geng ég út af markaðnum með fullt af bókum.“ Meðal bóka í kerrunni hjá Sveini er Orð að sönnu. „Ég hef svo gaman af orðaleikjum og spakmælum og er alltaf að geta mér þess til hvernig orðatiltæki hafa orðið til,“ segir hann.

Ármann Schelander er að skoða bókina Eitt þúsund tungumál þegar blaðamaður ónáðar hann. Hann ➡

**Á SEINNI ÁRUM HEF ÉG SAGT VIÐ SJÁLFAN MIG ÞEGAR ÉG MÆTI Á BÓKAMARKAÐINN: NÚ KAUPI ÉG EKKERT ÞVÍ VIÐ EIGUM SVO MIKIÐ AF BÓKUM, EN HEF ALLTAF SVIKIÐ ÞAÐ.**

Sveinn Einarsson



VÍTI Í VESTMANNAEYJUM
BÓK EFTIR GUNNAR HELGASON
990.-
GULLÖLD BÍLSINS
GLÆSIVAGNAR RISANNA ÞRIGGJA 1946–1960
ÖRN SIGURÐSSON
1990.-
EMOJI MYNDIN
TJÁKN
590.-
OPIÐ
KL. 10 – 21
ÖLL KVÖLD
BÓKAMARKAÐURINN
Laugardalsvelli
ÓTRÚLEGT ÚRVAL
SÍÐASTA HELGIN!
LÍFTAUG LANDSINS
SAGA ÍSLENSKRAR UTANLANDSVERSLUNAR 900–2010
9990.-
SÖLVI SVEINSSON
ÍSLENSK ORÐTÖK
2990.-
GÖNGULEIÐIR
Páll Ásgeir Ásgeirsson
KJALVEGUR
ÖSKJUVEGUR
LÓNSÖRÆFI
LAUGAVEGURINN
FIMMVÖRÐUHÁLS
990.-
DÝRIN
999.-
Ómótstæðileg Ella
Ælisleg hráefni og ljúffengir, einfaldir réttir sem þú verður sólgin í
Ella Mills
2990.-
LIANE MORIARTY
LEYNDARMÁL eiginmannsins
BÓK ÁRSINS
1990.-
LÓI
ÞÚ FLÝGUR ALDREI EINN
1490.-
SMÁSÖGUR HEIMSINS
RÓMANSKA AMERÍKA
1990.-




Felix og Baldur kampakátir og kaupglaðir.

**VIÐ ERUM BÆÐI AÐ KAUPA FYRIR OKKUR SJÁLFA OG BÆKUR TIL GJAFA.**

➡ segist hafa mestan áhuga á fræðibókum og hefur þegar ákveðið að kaupa Jörund hundadagakonung eftir Sarah Bakewell og líklegt er að tungumálabókin verði sömuleiðis fyrir valinu. Hann segist einnig vel geta hugsað sér að kaupa bók um málvísindi.

Katrín Ósk Þráinsdóttir segist yfirleitt mæta á markaðinn enda sé hún bókaormur. „Mér finnst líka gaman að gefa bækur,“ segir hún með fangið fullt af bókum, þar innan um eru þýddar erlendar skáldsögur sem hún ætlar meðal annars að gefa. Þar á meðal eru Undur eftir RJ Palacio og Ólæsinginn og Víga-Anders eftir Jonas Jonasson. „Svo er ég með bækur fyrir litlar frænkur sem búa erlendis, ég vil leggja mitt af mörkum til að halda íslenskunni að þeim. Ég hef áhuga á göngum og valdi mér 25 gönguleiðir á Þingvallasvæðinu og er svo með hjólabók fyrir manninn minn sem gæti nýst honum vel.“

### Bækur til fermingargjafa

Baldur Þórhallsson og Felix Bergsson eru að sanka að sér bókum þegar blaðamaður mætir þeim. Baldur hefur verið bókaormur frá unga aldri. „Ég er alinn upp við Hellu á Rangárvöllum og þá biðum við krakkarnir alltaf spennt eftir því að bókamarkaðurinn væri opnaður á kaupfélagsloftinu. Bókamarkaðurinn stóð frá 1. desember fram yfir jól. Ég gat ekki beðið eftir að sjá nýjustu jólabækurnar, keypti kannski eina og pantaði aðrar í jólagjöf.“

„Við erum bæði að kaupa fyrir okkur sjálfa og bækur til gjafa,“ segir Felix sem segist iðulega mæta á bókamarkaðinn. Meðal þeirra bóka sem hann keypti fyrir sjálfan sig eru Egils sögur eftir Pál Valsson og Stuð vors lands eftir Dr. Gunna. Úr fjötrum – Saga Alþýðuflokksins eftir Guðjón Friðriksson er bók sem Baldur valdi sér ásamt bókinni Stríðið mikla eftir Gunnar Þór Bjarnason. Í körfunni eru einnig bækur sem þeir segja



Bókaormurinn Katrín Ósk Þráinsdóttir keypti fyrir sjálfa sig og til gjafa.



Þóra Guðmundsdóttir var mætt ekki síst til að kaupa bækur til fermingargjafa.

**MÉR FINNST AÐ ÞAÐ EIGI AÐ GEFA BÆKUR OG KANNSKI LÁTA EINHVERN PENING FYLGJA MEÐ.**

Þóra Guðmundsdóttir



Erlín og Gerður komu saman á markaðinn í leit að bókum við hæfi.

ætlaðar til fermingargjafa, þar á meðal Vísindabókin.

Þóra Guðmundsdóttir er mætt á bókamarkaðinn ekki síst í þeim erindagjörðum að kaupa bækur til fermingargjafa. „Ég er ekki fylgjandi því að gefa einungis peninga í fermingargjöf,“ segir hún. „Mér finnst að það eigi að gefa bækur og kannski láta einhvern pening fylgja með. Til fermingargjafa hefur hún meðal annars valið draumaráðningabók, tilvitnanabók og Eitt þúsund tungumál, en blaðamaður sér einmitt nokkra gesti markaðarins skoða þá bók af miklum áhuga. „Unglingarnir eiga eftir að kíkja í þessar bækur einhvern tíma,“ segir Þóra af ákveðni.

### Í minningu mömmu

Gerður Steinarsdóttir og Erlín Katla Birgisdóttir eru síðustu gestir markaðarins sem blaðamaður heilsar upp á. Erlín, sem segist lesa þó nokkuð, er að leita að bókum við hæfi. Hún á sína uppáhaldshöfunda og nefnir Yrsu Sigurðardóttur og Stefán Mána. Gerður er að kaupa barnabækur handa barnabörnunum. „Mér finnst gífurlega mikilvægt að þau lesi bækur. Ég byrja að lesa fyrir þau strax þegar þau eru kornung. Það skiptir öllu máli fyrir málþroska og orðaforða. Ég er líka með tvítyngd barnabörn og lykillinn að því að þau nái góðum tökum á íslensku er að þau lesi bækur á því máli,“ segir hún. Hin sívinsæla Pollýanna er meðal þeirra bóka sem hún hefur ákveðið að kaupa. „Það er í minningu mömmu sem var Pollýannan,“ segir hún.

Blaðamaður og ljósmyndari kveðja markaðinn eftir að ljósmyndarinn hefur fallið í freistni og sankað að sér bókum til kaupa. Blaðamaður ætlar svo að mæta um helgina með tveggja ára bókelska frænku sína sem hún veit að mun una sér hið besta innan um bókaflóðið. Síðasti opnunardagur er nú á sunnudag þannig að bókaunnendur sem eiga eftir að leggja leið sína þangað hafa ekki langan tíma til stefnu.

# GÓÐIR GULLMOLAR!




Kalak
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




Áttunda dauðasyndin
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




Konan sem át fíl
og grenntist (samt)
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




Stalín - Ævi og aldurtili
**VILDARVERÐ: 4.599.-**
Verð: 5.799.-




Mistur
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




Ekki gleyma mér
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-







Óþægileg ást
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




Uppruni
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-

Norðlingabók (tvö bindi saman)
**VILDARVERÐ: 7.999.-**
Verð: 9.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 12. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Nurnahar, 35 ára, í flóttamannabúðum í Bangladess. Myndin var tekin 6. mars síðastliðinn. MYND/ALLISON JOYCE FYRIR UN WOMEN



Móðir með barn á brjósti í búðunum í Bangladess.
MYND/UN WOMEN

# Ekkert eldfimara en orðræða um konur

**Stella Samúelsdóttir** bjó ytra í fimmtán ár áður en hún flutti aftur heim til Íslands til að taka við stöðu framkvæmdastýru landsnefndar UN Women. Nefndin svarar neyðarkalli frá Bangladess. Ef ekkert verður að gert verður neyðarskýli fyrir Róhingjakonur lokað í apríl.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastýra landsnefndar UN Women, hefur verið búsett erlendis síðustu fimmtán ár. Hún tók við starfinu af Ingu Dóru Pétursdóttur í júlí í fyrra. „Ég bjó nú síðast í New Orleans. Það er frábær staður að búa á, gott veður, tónlist, matur og menning. Þar starfaði ég sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi í þróunarmálum. Ég vann meðal annars fyrir frjáls félagasamtök, skrifaði umsagnir fyrir þau þegar þau sóttu um styrki í sjóði og gerði úttektir og árangursmat á verkefnum þeirra. Ég stofnaði líka fyrirtæki og flutti inn til Bandaríkjanna íslenskt sjávarsalt frá Saltverki. Ég kom því inn hjá Whole Foods og Amazon, á veitingastaði og í verslanir,“ segir Stella um síðustu verkefni sín áður en hún fluttist til Íslands.

### Bjó í fimm ár í Malaví

Þar áður starfaði Stella í New York fyrir utanríkisráðuneytið hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. „Ég var þar í tvö ár og vann að jafnréttis-, umhverfis- og þróunarmálum. Ég tók meðal annars þátt í samningaviðræðum fyrir hönd Íslands varðandi stofnun UN Women. Það var ótrúlega áhugavert að taka þátt í því. Að finna á eigin skinni að það er ekkert eldfimara en orðræða um konur og líkama kvenna. Ég hef aldrei upplifað aðrar eins viðræður og um stofnun UN Women,“ segir Stella frá.

„Áður en ég fluttist til New York bjó ég í Malaví. Þar bjó ég í fimm ár og vann á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Það var ótrúleg reynsla að starfa að þróunarmálum á vettvangi í svona langan tíma. Það gaf mér góða reynslu að starfa í einu af fátækustu löndum heims og verkefnin sem ég vann voru margvísleg. Þau voru af félagslegum toga, sneru að jafnrétti, valdeflingu kvenna, fullorðinsfræðslu fyrir konur, byggingu barnaskóla og fleira.

Við Íslendingar erum búnir að vera starfandi í Malaví í rúm tuttugu ár á afmörkuðu svæði. Þar hefur meðal annars verið mikil áhersla á byggingu sjúkrahúsa og unnið að því að bæta fæðingaraðstöðu, mæðravernd og þess háttar. Svo voru líka vatns- og hreinlætismál í forgangi. Á þessum tíma sem ég var þar var til dæmis kóleru útrýmt á þessu svæði,“ segir Stella sem segist stolt af þeim árangri sem hefur náðst á svæðinu í gegnum árin þó margt sé enn óunnið.

### Magnaður lærdómstími

„Það var gaman að sjá börnum sem sækja skóla fjölga og konurnar í fullorðinsfræðslu sem lærðu að lesa, að sjá þær valdeflast. Þannig að þær þurfi ekki að stóla á aðra, geti lesið bréf og skilaboð, talið peninga og stólað á sjálfar sig. Það var ótrúlega gefandi. Þær fóru að stofna eigin rekstur til þess að hafa í sig og á og auka sína afkomu og gátu þá líka hjálpað börnunum sínum því ef þú menntar konur þá menntar þú börnin í leiðinni. Þetta helst allt í hendur. Þetta var magnaður lærdómstími. Það var ótrúlega gott að búa í Malaví, fólkið er svo yndislegt,“ segir Stella frá.

### Þora ekki út

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna blés UN Women á Íslandi til neyðarsöfnunar fyrir Róhingjakonur á flótta í Bangladess. Neyðarsöfnunin er svar við neyðarkalli sem barst frá höfuðstöðvum UN Women. Í Bangladess rekur UN Women neyðarathvarf fyrir konur, fjármagnið dugar aðeins út apríl og því skammur tími til stefnu.

„Þessar konur hafa flúið hræðilegar aðstæður í Mjanmar. Það er skelfilegt að það sé ekkert gert til að stöðva þetta. Nauðganir, hópnauðganir og ofsóknir. Þær flúðu yfir til Bangladess og eru komnar í flóttamannabúðir þar sem eru komin átta hundruð þúsund manns. Rúmlega helmingurinn er konur. Þær þora flestar ekki út fyrir kofans dyr. Eru að meðaltali 21 til 24 klukkutíma á dag innanhúss.



**ÞÆR ÞORA FLESTAR EKKI ÚT FYRIR KOFANS DYR. ERU AÐ MEÐALTALI 21 TIL 24 KLUKKUTÍMA Á DAG INNANHÚSS.**

Maður getur ekki ímyndað sér þessar aðstæður sem konur búa við í flóttamannabúðunum, þar sem þær eru búnar að flýja neyðina en eru komnar í aðrar hættulegar aðstæður. Það er bara svo erfitt að halda utan um svona stórar búðir. Það er alltaf fólk sem nýtir sér neyð annarra og það er staðreynd að konur í neyð sem þessari eru mjög berskjaldaðar fyrir ofbeldi, mansali og kynlífsþrælkun.

Það er sorglegt að eftir allt sem þær hafa upplifað, þá er þetta veruleiki sem þær búa við í búðunum í dag,“ segir Stella.

„Markmiðið er að halda starfsemi neyðarathvarfsins gangandi. Við vitum að þarfir kynjanna eru ólíkar. Um 24 þúsund konur í búðunum eru ófrískar eða með barn á brjósti. Í neyðarathvarfinu fá þær atvinnutækifæri, til dæmis við að búa til sápur sem er svo dreift með sæmdarsettum til kvennanna, svo það er sjálfbærni í þessu,“ segir Stella sem segir biðlistann í athvarfið langan og fjármögnunina litla. „Það er alltaf vandinn sem við erum að kljást við. Þegar maður les þessar sögur og sér þörfina finnst manni það ótrúlega sorglegt að það sé ekki meira fjármagn veitt en sem betur fer hafa Íslendingar verið ótrúlega öflugir að styðja við okkar starf,“ segir Stella. „Ef ekkert verður að gert verður neyðarathvarfinu lokað nú í apríl.“

### Styðja við áfallasögur kvenna

Verkefni UN Women eru fjölmörg á ári hverju. Nú er nýafstaðið átakið Fokk ofbeldi og þar áður söfnun fyrir sýrlenskar konur sem halda til í Zaatari-flóttamannabúðunum í Jórdaníu. „Allur ágóði af sölu Fokk ofbeldi húfunnar rennur beint í starf til að uppræta ofbeldi gegn konum, Vodafone hefur styrkt átakið. Þá er á næstunni viðburðurinn Milljarður rís. Það er dansbylting gegn ofbeldi og hann verður haldinn í blálokin á neyðarsöfnun okkar fyrir Róhingjakonur. Í ár ætlum við að tengja dansbyltinguna við konur af erlendum uppruna. Þær koma fram og segja sínar sögur, lesa upp fyrir okkur. Undanfarin ár hafa þúsundir manna mætt á viðburðinn sem við höldum í samstarfi við Sónar Reykjavík í sjötta sinn í ár,“ segir Stella frá.

UN Women ákvað líka að styðja við verkefni sem felur í sér rannsókn á áfallasögum kvenna sem Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, stýrir með liðsinni Örnu Hauksdóttur. Á næstunni verða allar íslenskar konur á fullorðinsaldri beðnar að taka þátt í rannsókn og svara ítarlegum spurningalista um áfallasögu sína og spurningum um heilsufar og sjúkdómasögu.

„Við viljum hvetja konur til að taka þátt. Þó að við séum ekki hluti af þessari rannsókn vildum við tengja okkur við þetta því öll okkar verkefni tengjast því að útrýma ofbeldi gegn konum. Við sáum samlegðaráhrif í þessu. Við förum saman í þetta með það fyrir augum að hefja enn frekari vitundarvakningu um mikilvægi þess að það liggi fyrir upplýsingar um áhrif ofbeldis á konur,“ segir Stella.




Í neyðarskýli UN Women fá konur skjól, hjálp og atvinnutækifæri.
MYND/UN WOMEN.

## Nauðganir sem stríðsvopn:

Um 400 þúsund Róhingjakonur búa við stöðugan ótta við ofbeldi í búðunum. Nánast allar hafa orðið vitni að eða verið beittar grófu kynferðislegu ofbeldi. Í mörgum tilfellum voru konur og stúlkur látnar horfa á þegar hermenn myrtu börn þeirra eða foreldra áður en þeir hófu að nauðga þeim. En nauðganir á konum og stúlkum hafa verið notaðar sem markvisst stríðsvopn í þessum blóðugu ofsóknum gegn Róhingjum í Mjanmar.

**SMS-IÐ KONUR í 1900** UN Women á Íslandi hvetur alla til að senda SMS-ið KONUR í 1900 (1900 kr.) og styrkja starfsemi neyðarathvarfs fyrir konurnar í flóttamannabúðunum.

# Fólk
## Helgin

LAUGARDAGUR 10. MARS 2018



# Tekinn við kyndlinum

Martin Hermannsson hefur tekið við leiðtogahlutverkinu í landsliðinu í körfubolta. Körfuboltaárið verður annasamt auk þess sem hann og unnusta hans, Anna María Bjarnadóttir, eiga von á sínu fyrsta barni í sumar. 2

„Að vera svona ungur og stýra liði í þessari deild er sjaldgæft og ég á margt eftir ólært. En mér finnst ég vera að bæta mig og þá sérstaklega líkamlega og varnarlega og það er það sem skiptir mestu máli,“ segir Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfubolta. MYND/GUNNAR SVERRISSON



Anna Birgis Hannesson er formaður Kvenfélags Langholtskirkju en kökusala verður í kirkjunni á morgun. Margar hnallþórur verða þar á boðstólum. 4






NÝ SENDING AF MEERT HILLUM



habitat
TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Framhald af forsíðu ➪

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Hafi einhver efast um að Martin Hermannsson væri nýr leiðtogi íslenska karlalandsliðsins í körfubolta staðfestist það heldur betur í síðustu tveimur leikjum liðsins í lok febrúar. Martin átti stórleik gegn Finnlandi og Tékklandi og leiðir íslenska liðið í bæði stigaskorun og stoðsendingum í undankeppninni fyrir HM í körfubolta sem haldin verður í Kína 2019. Eftir þessa tvo sætu sigra er íslenska liðið komið í annað sæti riðilsins og á góða möguleika á að komast í aðra umferð riðlakeppninnar sem hefst í september.

Martin leikur með Champagne Châlons-Reims Basket í frönsku Pro A deildinni og hefur leikið afar vel í vetur og m.a. vakið athygli stærri klúbba í Evrópu. En það er ekki bara innan vallar sem góðir hlutir gerast. Fyrr í þessum mánuði kynntu hann og unnusta hans, Anna María Bjarnadóttir, að þau ættu von á sínu fyrsta barni sem fæðist um mitt sumar. Það er því óhætt að segja að árið 2018 verði annasamt og eftirminnilegt ár hjá Martin.

## Mikill léttir

Hann segir sigrana tvo í febrúar hafa verið risastóra á alla vegu. „Það er búið að liggja þungt á okkur að skila sigri í hús og ekki var verra að gera það á móti svona sterkum þjóðum fyrir framan stuðningsmenn okkar. Þetta léttir helling á okkur en aftur á móti þurfum við að vera fljótir niður á jörðina því leikurinn við Búlgaríu í júní er léttur úrslitaleikur fyrir framhaldið.“

Tímabilið í Frakklandi er langt og strangt að sögn Martins og því hafi verið kærkomið að brjóta það aðeins upp með landsleikjunum tveimur. „Mér leið mjög vel eftir þessa leiki og vildi helst ekki fara aftur til Frakklands heldur bara halda áfram að spila með strákunum. Ég er mjög bjartsýnn á framhaldið hjá landsliðinu. Auðvitað verður mikill missir að Jóni Arnóri, Hlyni, Jakobi og Loga. Þeir eru búnir að vera klettarnir í liðinu í langan tíma og fyrirmyndir okkar yngri leikmannanna. En ég er mjög þakklátur fyrir að hafa komið ungur inn í landsliðið og náð öllum þessum árum með þeim því þeir hafa kennt mér mjög mikið. En á sama tíma eigum við mikið af góðum og efnilegum leikmönnum sem eiga vonandi eftir að passa vel inn í þennan kjarna sem þegar er farinn að myndast.“

## Finnur fyrir athygli

Martin hefur spilað vel í vetur með liði sínu. Hann segist þó alltaf vilja gera betur og bæta sig enn frekar enda setur hann sjálfur mestu pressuna á sig að eigin sögn. „Ég gleymi samt oft að ég er bara 23 ára og spila á móti mönnum sem hafa verið í þessu í mörg ár og spilað um allan heim. Deildin er mjög sterk en fimm Bandaríkjamenn mega spila með hverju liði. Að vera svona ungur og stýra liði í þessari deild er sjaldgæft og ég á margt eftir ólært. En mér finnst ég vera að bæta mig og þá sérstaklega líkamlega og varnarlega og það er það sem skiptir mestu máli.“



„Markmið mitt hefur alltaf verið að komast í eitt af bestu liðum í Evrópu og spila í Euroleague og stefnan er að vera kominn þangað innan þriggja ára,“ segir Martin sem er hér með unnustu sinni, Önnu Maríu Bjarnadóttur.



Jón Arnór Stefánsson (nr. 9) og Martin faðmast eftir Tékkaleikinn. Kynslóðaskipti eru að verða í landsliðinu og mun Martin taka við kyndlinum.



Það er strákur! Fyrsta barn Martins og Önnu Maríu fæðist í sumar.

Góður leikur Martins með félagsliði sínu og landsliði hefur vakið athygli víða og hann finnur fyrir henni. „Ég hef alveg fundið fyrir athyglinni, sérstaklega á þessu ári. En þetta er harður heimur og hlutirnir geta breyst fljótt. En ef maður heldur bara áfram að gera sitt besta og leggja hart að sér, þá gerast góðir hlutir. Markmiðið mitt hefur alltaf verið að komast í eitt af bestu liðum í Evrópu og spila í Euroleague og stefnan er að vera kominn þangað innan þriggja ára. NBA er svo auðvitað draumur allra körfuboltamanna en ég hugsa lítið um það. Ef tækifærið kemur, þá kemur það bara.“

## Dýrmæt reynsla

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Martin tvisvar tekið þátt í Evrópumótinu í körfubolta (Eurobasket), fyrst í Berlín árið 2015 og svo aftur í Helsinki tveimur árum síðar. „Það eru auðvitað algjör forréttindi að vera 23 ára Íslendingur og hafa farið tvisvar á Eurobasket. Ég grínast oft með það að ég þekki ekkert annað og skilji ekki af hverju eldri leikmenn voru ekki löngu búnir að gera það. Þessi tvö mót hafa mótað mig mikið sem leikmann og hjálpað mér að sjá hvar ég stend á móti þeim bestu í Evrópu og heiminum. Þau fara bæði djúpt í reynslubankann og eiga vonandi eftir að koma að góðum notum í framtíðinni.“

Á Eurobasket hefur Martin leikið gegn mörgum af bestu leikmönnum Evrópu. „Það er erfitt að gera upp á milli þeirra leikmanna sem ég hef spilað gegn en þeir sem standa helst upp úr eru t.d. Nowitzki, Dragic og Pau Gasol. Svo held ég að Luka Doncic verði það seinna meir en hann verður líklega valinn fyrstur í nýliðavali NBA-deildarinnar á næsta ári.“

## Aldrei einmana

Hann segir lífið í Frakklandi vera mjög gott og nú þegar styttist í vorið verður hægt að verja enn meiri tíma úti við. „Ég er svo heppinn að hafa kærustuna mína hérna hjá mér og því er ég aldrei einmana. Á síðasta ári voru leikdagar á föstudögum og þá fengum við frí um helgar. Þá vorum við dugleg að heimsækja París í helgarfríinu og einnig Brussel og Lúxemborg sem voru í tveggja tíma fjarlægð. Á þessu tímabili spilum við á laugardögum og því eru ekki eins margir frídagar. Við fáum þó margar heimsóknir og nánast allar helgar eru uppbókaðar hjá okkur. En annars venst Frakkland bara vel en tungumálið er reyndar önnur saga.“

## Æðisleg tilfinning

Í upphafi þessa mánaðar tilkynntu Martin og Anna María að þau ættu von á sínu fyrsta barni og segir Martin tilfinninguna vera æðislega. „Þessi spenningur sem ég er að upplifa núna toppar alla aðra spennu sem ég hef upplifað í gegnum tíðina. Pabbi var 22 ára þegar hann átti mig og mamma 24 ára og því hefur planið alltaf verið að verða ungur pabbi. Það eru forréttindi að eiga svona unga foreldra sem eiga sömu áhugamál og maður sjálfur og eru fyrirmyndir manns í lífinu. Ég veit hversu mikilvægt það er að eiga gott bakland og tek fullt af því sem þau hafa kennt mér inn í þetta nýja hlutverk. Ef þetta verður körfuboltaeða fótboltagaur kem ég sterkur inn. Ef þetta verður handboltamaður er mamma hans algjörlega á heimavelli.“

FYRIR ÞARMAFLÓRUNA!




Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

**Probi Mage LP299V®** *(Lactobacillus plantarum 299v)* er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hylki á dag.

Finndu muninn með **Probi Mage LP299V®**.

**Fæst í velflestum apótekum og heilsuverslunum um land allt.**

abel heilsuvörur

**HEIMILI OG SKÓLI**
ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL
**FORELDRAVERÐLAUNA 2018**

Tilnefningar sendist með því að fylla út rafrænt eyðublað á **heimiliogskoli.is**. Hægt er að tilnefna til Foreldraverðlauna en einnig má tilnefna dugnaðarfork Heimilis og skóla. Síðasti skiladagur tilnefninga er **10. apríl 2018**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Laus við magavandamál

**Meltingarensímin frá Enzymedica eru nýjung á íslenskum markaði en öflug ensím bæta meltinguna og gefa okkur aukna orku ásamt því að losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.**

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Líkaminn framleiðir sjálfur meltingarensím sem brjóta niður fæðuna en margt getur orðið til þess að hann framleiði ekki nóg.

### Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefndur fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósann. Meltingarensímin eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Þar drepast einnig flestar örverur sem geta fylgt með matnum en magasafinn sem er mjög sterk saltsýra sér um þá vinnu. Hvert ensím hefur svo mjög sérstakt (afmarkað) hlutverk og þau virkjast hver við sitt hita- og sýrustig (pH-gildi).

Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Það er t.d. ef að við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm en þá nær líkaminn ekki að „lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn (eða bætiefnin) á að skila okkur.

### Margföld orka og laus við magavandamál

Anna Gréta öðlaðist nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur náði hún betri svefni og því varð hún orkumeiri og glaðari eins og gefur að skilja. Hún hefur þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“

### Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreysti og vellíðan.



Anna Gréta öðlaðist nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica.

> **„Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.**
>
> Anna Gréta, 67 ára




### Nokkrar staðreyndir um ensím

- Ensím taka þátt í hverju einasta efnafræðilegu ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensím hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensím í bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols.
- Ensím í bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu.
- Ensím geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr.

Með inntöku getur fólk skilað meiru frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

### Byltingarkennd ensím

Enzymedica meltingarensímin vinna á mismunandi pH-gildum í meltingarveginum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana og stórmarkaða.

Hin fullkomna þrenna fyrir alla fjölskylduna



Grænn og vænn smoothie daglega!
Vel samsett boost getur verið uppfullt af næringarefnum sem auka orkuna, jafna blóðsykurinn og örvar meltinguna.

+




ENZYMEDICA
Digest Basic – Gegn vægum meltingarvandamálum
• Bætir meltingu og frásog næringarefna.
• Gegn ónotum, lofti og uppþembu.
• Henta einnig fyrir börn (lítil hylki).
• Tekið rétt fyrir máltíð.

+




Bio-Kult
Öflugir gerlar sem styrkja meltinguna
7 gerlastofnar sem hjálpa við að byggja upp og koma jafnvægi á þarmaflóruna, bakteríudrepandi hvítlaukur sem er einnig öflugur fyrir ónæmiskerfið og þykkni úr fræjum greipaldins sem vinnur gegn fjölmörgum bakteríutegundum, veirum og sveppum.

# Laus við hitakóf, þreytu og slen

Macarót er þekkt fyrir að hafa sérlega góð áhrif á hormónatengd óþægindi. Notkun hennar er náttúruleg leið til að draga úr óþægindum tengdum breytingaskeiðinu og hormónaójafnvægi.

Hormónar og ójafnvægi í hormónastarfsemi getur farið að hafa áhrif á líðan kvenna tiltölulega snemma á ævinni. Yngri konur verða varar við óreglulegar blæðingar, fyrirtíðaspennu, skapsveiflur og jafnvel litla frjósemi en konur sem eru komnar yfir 35-40 ára aldur finna frekar fyrir svita- og hitakófum sem hafa áhrif á nætursvefninn, pirring, þunglyndi, leiða, minni kynlöngun og þurrk í leggöngum.

### Femmenessence fyrir ólíka aldurshópa

Femmenessence vörurnar eru unnar úr sérhönnuðum blöndum ólíkra arfgerða macajurtarinnar sem eins og áður sagði er þekkt fyrir að hafa afar góð áhrif á hormónana og koma betra jafnvægi á hormónabúskapinn. Samsetning þessara arfgerða fer eftir því á hvaða aldri konur eru og hvernig hormónabúskapurinn er en um er að ræða þrjár mismunandi vörur sem henta fyrir mismunandi aldursskeið.

### Konur á barneignar- og frjósemisaldri

Konur á barneignar- og frjósemisaldri geta haft ýmiss konar einkenni sem tengjast hormónabúskapnum þó svo að það sé ótengt breytingaskeiðinu. Þetta eru einkenni eins og fyrirtíðaspenna, sársaukafullar blæðingar, óreglulegar blæðingar, húðvandamál, skapsveiflur, pirringur og síðast en ekki síst frjósemisvandamál. Femmenessence MacaHarmony er sérstaklega hönnuð með þennan hóp í huga og hefur hún Anna Sóley Herbertsdóttir afar góða reynslu af þessari vöru:

„Ég var alltaf svo þreytt og orkulítil og var búin að prófa margt sem virkaði ekki á mig þegar ég ákvað að prófa Femmenessence MacaHarmony. Ég var bara búin að taka það inn í nokkra daga þegar ég fann mun en ég varð orkumeiri, hressari og léttari í lund. Eftir nokkrar vikur var ég laus við þreytu og slen og mér til mikillar gleði hefur það líka haft mjög góð áhrif á húðina. Hún varð hreinni og bjartari og eins hefur það haft jákvæð áhrif á þyngdina. Ég get því hiklaust mælt með Femmenessence MacaHarmony.“

> **„Ég var bara búin að taka MacaHarmony inn í nokkra daga þegar ég fann mun en ég varð orkumeiri, hressari og léttari í lund. Eftir nokkrar vikur var ég laus við þreytu og slen og mér til mikillar gleði hefur það líka haft jákvæð áhrif á þyngdina.**
>
> Anna Sóley Herbertsdóttir, 2 drengja móðir


Anna Sóley Herbertsdóttir hefur góða reynslu af Femmenessence MacaHarmony. MYND/ARTASAN

### Breytingaskeiðið

Konur um og yfir fertugt sem eru enn með blæðingar, reglulegar eða óreglulegar, en eru farnar að finna fyrir einkennum breytingaskeiðsins hafa notið góðs af Femmenessence MacaLife. Þetta getur verið gríðarlega erfiður tími fyrir margar konur en hitakóf, nætursviti, svefntruflanir, geðsveiflur, þunglyndi, beinþynning, heilaþoka, minnkuð kynhvöt og leggangaþurrkur getur verið að angra og oftar en ekki eru það fleiri en eitt einkenni sem þær finna fyrir.

### Breytingaskeiðið eftir að blæðingar hætta

Konur sem ekki hafa haft blæðingar síðustu 12 mánuði og þær sem hafa farið í aðgerðir eins og brottnám á eggjastokkum finna oft fyrir sömu einkennum og konur sem eru að byrja á breytingaskeiðinu. Þetta gerist oft kringum 47-52 ára aldur en reynslan sýnir þó að konur geta verið mun yngri og jafnvel eldri. MacaPause er hugsað fyrir konur sem eru hættar með blæðingar og er styrkur macarótarinnar í þessari vöru helmingi meiri en í MacaLife.

Anna Margrét Geirsdóttir hefur bæði notað MacaLife og MacaPause:

„Fyrir ca. 5-6 árum fór ég að finna fyrir hitakófum, bæði daga og nætur. Ég prófaði Femmenessence MacaLife eftir ábendingu frá vinkonu og þrátt fyrir að sagt væri að það tæki tíma að virka, fann ég strax mun og svitakófin hurfu. Skömmu eftir fimmtugt skipti ég svo yfir í MacaPause enda hætt á blæðingum fyrir töluverðu síðan. Ég tek ekki fullan skammt ennþá en það virkar vel og ég finn strax fyrir því ef ég gleymi að taka inn töflu.“

### Náttúruleg og lífræn lausn

Femmenessence er náttúruleg og lífræn macarót sem inniheldur ekki hormóna en styður við framleiðslu líkamans á þeim. Virkni hefur verið staðfest í rannsóknum en búið er að einangra virku efnin úr macarótinni sem hjálpa til við hormónatengd vandamál. Vörurnar eru ekki erfðabreyttar, hafa sanngirnisvottun (Fair Trade) og eru glútenlausar.




**Femmenessence er náttúruleg og lífræn macarót sem inniheldur ekki hormóna en styður við framleiðslu líkamans á þeim.**

Sölustaðir: Fæst í apótekum, heilsuhúsum og heilsuhillum verslana.




# Collagen Beauty formula

## Minni hrukkur og frísklegri húð

Inniheldur 500 mg af kollageni ásamt náttúrulegri bætiefnablöndu sem styður við kollagenframleiðslu húðarinnar.

Regluleg inntaka getur hægt á öldrunareinkennum og dregið úr líkum á að fínar línur og hrukkur fari að myndast of snemma.

natures aid




Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.








LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Sautján sortir af hnallþórum

Kökusala í anda fröken Hnallþóru, ráðskonu Jóns Prímuss í Kristnihaldi undir Jökli, verður í Langholtskirkju á morgun til að vekja athygli á tónleikum og átaki til að klæða að nýju sæti kirkjunnar.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það er dýrmætt að vera í kvenfélagi. Félagsskapurinn er frábær og það er gefandi að geta látið gott af sér leiða,“ segir Anna Birgis Hannesson, formaður Kvenfélags Langholtssóknar.

Anna er nýbúin að setja súkkulaðikrem, rjóma og ávexti á dýrindis Pavlovu fyrir kökubasarinn og í ofninum er sænsk prinsessukaka.

„Prinsessukökuna lærði ég að baka í Svíþjóð og hún er mikil spariterta innan fjölskyldunnar. Ég hef bakað hana fyrir skírnarveislur barnabarnanna og mér þykir gaman að koma með aðeins öðruvísi bakkelsi á basarinn. Prinsessukakan er úr svampbotni sem er skorinn í þrennt, sett er sulta á milli tveggja laga og svo frómas yfir allt saman og marsipan yfir.“

Kökubasarinn er upphitun fyrir Listahátíð Langholtskirkju, Sungið fyrir sætum, sem er átak til að safna fé svo mögulegt sé að klæða að nýju sæti kirkjunnar, og eru tvennir stórtónleikar fyrirhugaðir sunnudaginn 18. mars.

„Sætin hafa sannarlega skilað sínu enda hafa hátt í milljón manns tyllt sér og notið fagurra tóna þá áratugi sem liðnir eru,“ segir Anna.

## Hlýlegar móttökur kvenna

Anna tók að sér formennsku í kvenfélaginu árið 2016 eftir að hafa búið um veröld víða sem sendiráðsfrú í nær fjóra áratugi. Eiginmaður hennar er Hjálmar Waag Hannesson, fyrrverandi sendiherra.

„Við störfuðum fyrst fyrir utanríkisþjónustuna í Brussel og Svíþjóð en svo varð Hjálmar sendiherra í Þýskalandi þar sem við bjuggum í sex ár. Við opnuðum svo sendiráð Íslands í Kína og líka í Ottawa í Kanada, unnum hjá Sameinuðu þjóðunum í New York og enduðum í Winnipeg, samfélagi Vestur-Íslendinga. Nú erum við komin á eftirlaun og þá þarf maður að hafa eitthvað að gera, eins og kvenfélagið,“ segir Anna kát.

Í þeim þremur heimsálfum þar sem Anna hefur búið hafa kvenfélög boðið hana velkomna á öllum stöðum.

„Þegar maður kemur á nýjan stað og þekkir engan tekur kvenfélagið á móti manni, hjálpar manni að kynnast öðrum konum og sýnir manni áhugaverða staði. Það hef ég upplifað alls staðar og er mjög notalegt og mikilvægt. Ég hef því alltaf verið þátttakandi í kvenfélögum þar sem áherslan er alls staðar sú sama; að bindast vinaböndum, hjálpast að og láta gott af sér leiða.“

Hjá Sameinuðu þjóðunum voru kvenfélagsfundir einu sinni í mánuði, einn fyrir sendiherrafrúrnar og annar fyrir allar konur innan SÞ.

„Oftast hittumst við yfir morgunkaffi og konurnar kynntu land sitt, þjóð og menningu. Margar höfðu verið útivinnandi áður en þær komu í sendiráðin og við tók tómarúm yfir daginn sem þurfti að fylla. Í New York er mjög auðvelt að vera einn þótt þar sé mikið af fólki, og til þess voru kvenfélögin hugsuð; að kynnast hver annarri, ólíkri menningu og þjóðum,“ útskýrir Anna sem á margar kærar vinkonur frá áratugunum ytra.

„Mínar kærustu vinkonur í gegnum kvenfélagsstarfið eignaðist ég í Þýskalandi og Svíþjóð, en eiginlega á ég alls staðar vinkonur sem voru mínar bestu í hverju landi fyrir sig. Það er sannarlega fallegt og mikilvægt veganesti. Margar hafa komið og heimsótt okkur til Íslands og þótt það séu ekki nema jólakortasamskipti í dag er enn munaður eftir manni og maður fær fréttir af þessum góðu konum og því sem þær aðhafast í dag.“

## Konur sjálfstæðari nú

Anna segir öll löndin sem þau Hjálmar settust að í hafa verið áhugaverð og góð til búsetu.

„Það var mjög gott að vera í Belgíu og Svíþjóð með unga krakka, og svo allt öðruvísi og áhugavert að vera í Kína. Þar var margt að læra í fyrstu og stundum erfitt, en þegar kallið kom vildum við helst ekki fara þaðan. Okkur finnst New York líka vera mjög skemmtilegur staður, áhugaverður og líflegur, og við kunnum mjög vel við okkur í Winnipeg, sem var svolítið eins og að vera innan um fjölskylduna þar sem Vestur-Íslendingar droppuðu inn í kaffi, sem var yfirleitt ekki gert í sendiráðunum nema að melda sig fyrst. En satt að segja hefðum við helst viljað vera lengur á öllum stöðum.“

Heimþráin gerði stundum vart við sig hjá Önnu en þó ekki svo að það plagaði hana.

„Við komum til Íslands einu sinni til tvisvar á ári og vorum alltaf heima tvo mánuði á sumrin þegar börnin voru í sumarfríi í skólunum, segir Anna en þau Hjálmar eiga þrjú uppkomin börn sem öll uppskáru mikla tungumálakunnáttu á búferlaflutningum fjölskyldunnar.

Anna segir mun á konum í dag og þegar hún flutti fyrst utan til sendiráðsstarfa árið 1977.

„Aðalmunurinn er sá að konur voru ekki eins sjálfstæðar og þær eru í dag. Það fer þó eftir því hvar maður er staddur í heiminum og menningu staðarins. Í Arabalöndunum eru konur yfirhöfuð ekki mjög sjálfstæðar en þegar þær hittust með konum annarra sendiráða, einar og sér, tóku þær niður slæðurnar og dönsuðu eins og við hinar í leikfimi og dansi. Það þótti mér sérstakt að upplifa.“

Í Kína var einnig kvenfélag á meðal sendiráðsfólksins.

„Við ferðuðumst saman og auðvitað var meira gaman að fara saman í hóp að skoða Forboðnu borgina heldur en ein. Svo var alltaf farið í kaffi og spjall yfir kínverskum mat á eftir og virkilega gaman og gefandi stundir. Ég naut þess í botn að vera í Kína því þar var svo margt að sjá og kínverskar konur eru mjög sjálfstæðar. Þar ræður amman öllu á heimilinu og þar er borin virðing fyrir fullorðnu fólki,“ segir Anna.

Þess má geta að Anna er stofnandi og fyrsti formaður UN Women for Peace, sem hafði að markmiði að hjálpa konum að komast í meistarapróf í Friðarháskólanum í Kostaríku. Á fimmtudaginn, 8. mars, voru tíu ár síðan hreyfingin var stofnuð en hún hefur margfaldast í starfi sínu síðan.



Anna Birgis hefur verið í kvenfélögum í þremur heimsálfum og bakar sænska prinsessuköku fyrir kökubasarinn á morgun. MYND/STEFÁN

## Byrjaði í Breiðholtinu

Fyrstu kynni Önnu af kvenfélagsstörfum var á áttunda áratugnum í Efra-Breiðholtinu.

„Þar áttum við hjónin okkar fyrstu íbúð en hverfið var nýtt og því var stofnað framfarafélag, fótboltafélag, sóknarnefnd og kvenfélagið Fjallkonurnar sem er enn mjög öflugt í Breiðholtinu. Ég gekk auðvitað í það og var komin í sóknarnefndina rétt 25 ára,“ segir Anna sem vill einkum starfa í kvenfélögum vegna þess að henni þykir gaman að vasast í félagsstörfum og láta gott af sér leiða.

„Konurnar eru góðar og hressar og félagsskapurinn frábær. Alls eru um 75 konur í Kvenfélagi Langholtssóknar og við erum sjö í stjórninni. Margar konurnar eru orðnar fullorðnar en undanfarin ár hafa bæst við yngri konur sem eru virkar í starfinu.“

Kvenfélagið er með margt á prjónunum yfir árið. Jóla- og vorbasar eru haldnir til stuðnings góðgerðarmálum og starfandi eru gönguhópar, listhópur og hópur matgæðinga. Þá er prjónakaffi mjög vel sótt af yngri konum og á vorin er vinsæll vormarkaður sem er stór viðburður í hverfinu.

„Við styrkjum enga með milljónum en látum fé af hendi rakna til félaga sem munar um hverja krónu. Samveran er dýrmæt og við fáum til okkar góða gesti með áhugavert erindi sem höfða til allra aldurshópa. Þannig fengum við Guðrúnu Ágústsdóttur formann öldrunarráðs Reykjavíkur, Önnu Steinsson þjálfara hjá Kvam, og Önnu Þóru Baldursdóttur, sem rekur mæðraheimili í Kenýa, á afmælisfundinn okkar á dögunum,“ segir Anna en kvenfélagið er 65 ára í ár.

„Nokkrar af stofnfélögunum eru enn í félaginu og sú elsta er Aðalbjörg Jónsdóttir, fædd 1916 og orðin 102 ára. Hún er mörgum kunn fyrir prjónaða kjóla úr eingirni og var með sýningu á Akureyri í fyrra,“ útskýrir Anna.

Hún segir samstöðu og samkennd einkenna kvenfélagsstarfið.

„Velflestar standa nú í bakstri fyrir kökubasarinn á morgun og við fáum konur til að lesa valda kafla úr Kristnihaldi undir Jökli og Kór Langholtskirkju kemur og syngur. Þetta snýst því ekki bara um að koma inn og kaupa köku heldur getur fólk tyllt sér niður með kaffi og kökusneið og upplifað skemmtilegan viðburð í ró og næði.“

Kökubasarinn stendur yfir frá klukkan 12 til 15.30 á morgun, sunnudag. Allir velkomnir.

OPIÐ HÚS Í MK
Fimmtudag, 15. mars
Kl.16.30-18.30

Menntaskólinn í Kópavogi
Þekking - þroski - þróun - þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel– og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

Alþjóðabraut
Félagsgreinabraut
Opin braut
Raungreinabraut
Viðskiptabraut
Framhaldsskólabraut
Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari
Framreiðsla -þjónn
Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla - kokkur
Grunndeild matvæla– og ferðagreina

Ferðamála– og leiðsögunám
Matsveina– og matartæknanám
Meistaranám í matvælagreinum

Hjartað slær í MK



Kynntu þér málið á www.mk.is og á facebooksíðu skólans

# VERTU FYRSTUR Í **HEIMINUM** TIL AÐ SMAKKA




• ENGINN SYKUR • GEFUR ORKU • EYKUR EINBEITINGU

OPTIMUM NUTRITION



# Allir detta einu sinni á skíðum

Jóhann Jökull Sveinsson vinnur við það skemmtilegasta sem hann veit. Að kenna á skíði og snjóbretti.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Búast má við að margir skelli sér á skíði um helgina en skíðatímabilið stendur nú sem hæst. Jóhann Jökull Sveinsson ætlar að vera í Bláfjöllum en þar kennir hann börnum og fullorðnum á skíði og snjóbretti. „Þetta er alveg frábær vinna. Besta vinna í heimi. Ég lifi fyrir að vera á snjóbretti og skíðum og það er ekki verra að fá að vera uppi í fjalli og vinna við það sem manni finnst skemmtilegast. Mér finnst bæði gaman og gefandi að kenna börnum og fullorðnum og sjá nýtt skíðafólk fara út í lífið,“ segir hann.

Sjálfur byrjaði Jóhann Jökull að skíða þegar hann var fjögurra ára og fimm árum seinna fór hann í fyrsta sinn á snjóbretti og eftir það varð ekki aftur snúið. „Ég hef verið viðloðandi starfsemina í Bláfjöllum síðan 2009 og byrjaði að vinna á skíðaleigunni. Í fyrra fór ég að kenna á skíði og snjóbretti. Það sem mér finnst skemmtilegast við skíðin er útiveran, frelsið og hraðinn og svo finnst mér gaman að stökkva og fá smá adrenalínkikk,“ segir Jóhann Jökull sem vinnur með fötluðum ungmennum þegar hlé er á skíðatímabilinu.

## Allir detta einu sinni

Greinilegt er að áhugi fólks á skíðaíþróttinni er geysimikill og segir Jóhann Jökull mikla aðsókn að Skíðaskólanum í Bláfjöllum. „Við erum með námskeið um helgar fyrir krakka á aldrinum fimm til fjórtán ára og það er nær alltaf fullbókað á þau. Á virkum dögum erum við með einkatíma og þeir eru mjög vinsælir, sérstaklega meðal fullorðinna. Í þá koma margir sem fóru á skíði þegar þeir voru kannski tíu, ellefu ára og hafa áhuga á að byrja aftur. Síðan eru margir sem koma á námskeið einfaldlega til að bæta hjá sér skíðastílinn,“ segir Jóhann Jökull.

Hann mælir með að börn jafnt sem fullorðnir komi í tvo skíðatíma til að ná góðum tökum á undirstöðuatriðunum og segir að eftir það ættu allir að hafa lært að beygja og bremsa, auk þess að kunna á barnalyftuna. Þegar hann er spurður hvort fólk sé ekkert feimið við að koma í skíðakennslu segir hann svo ekki vera. „Nei, ég hef ekki fundið mikið fyrir því. Ég reyni yfirleitt að stappa í fólk stálinu. Það detta allir einu sinni á skíðum og það er best að klára það bara sem fyrst,“ segir hann og bætir við að áhugi á snjóbrettum sé sífellt að aukast.

„Við reynum að koma til móts við brettafólkið og búið er að setja upp park sem hefur aldrei litið jafn vel út og núna,“ upplýsir hann.

## Ferðamenn á skíðum

Jóhann Jökull segir skíðaíþróttina vinsæla meðal fólks á öllum aldri og nefnir einnig að æ fleiri ferðamenn noti tækifærið og skelli sér á skíði hér á landi. „Ég held að fáir komi gagngert í skíðaferðir til Íslands en nota kannski hálfan eða heilan dag í brekkunum,“ segir hann.

En hvaða ráð á Jóhann Jökull fyrir þá sem eru algjörir byrjendur á skíðum? „Fyrst og fremst að klæða sig eftir veðri. Hægt er að leigja skíðabúnað hjá okkur. Svo mæli ég með að hafa góða skapið með í för og muna að það getur tekið smá tíma að ná fullum tökum á íþróttinni.“



Jóhann Jökull mælir með að hafa góða skapið með í för og muna að það getur tekið smá tíma að ná fullum tökum á skíðaíþróttinni.

„Það sem mér finnst skemmtilegast við skíðin er útiveran, frelsið, hraðinn og svo finnst mér gaman að stökkva og fá smá adrenalínkikk,“ segir Jóhann Jökull.



„Ég lifi fyrir að vera á snjóbretti og skíðum og það er ekki verra að fá að vera uppi í fjalli og vinna við það sem manni finnst skemmtilegast,“ segir Jóhann Jökull.

Föstudaginn 16. mars mun Fréttablaðið gefa út aukablaðið

**ÍSLENSKUR STRANDBÚNAÐUR**

Blaðið er unnið að hluta til í samstarfi við **Strandbúnað ehf** sem er samstarfsvettvangur fyrirtækja í strandbúnaði á Íslandi.
Í blaðinu er áhugaverð og fróðleg umfjöllun íslenskan strandbúnað.
M. a. ítarleg umfjöllun um ráðstefnuna Strandbúnaður 2018 sem fer fram **dagana 18 – 19. mars á Grand Hótel.**

**Í þessu blaði bjóðum við öllum fyrirtækjum sem tengt eru íslenskum strandbúnaði að kynna sína starfsemi, vörur og þjónustu.**
Unnið aðra hverja helgi. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

**Umsókn sendist á netfangið gardar@sbh.is fyrir 21 mars.**

---

# Skólastjóri Grunnskóla Borgarfjarðar




Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. júní 2018.

Grunnskóli Borgarfjarðar er starfræktur á þremur starfsstöðvum, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Nemendur eru um 200 talsins í 1-10 bekk. Einkunnarorð skólans eru gleði, heilbrigði og árangur. Þau er höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Í skólanum er unnið eftir hugmyndafræði leiðtogans sem er ætlað að auka sjálfsöryggi, ábyrgðartilfinningu og frumkvæði með það fyrir augum að nemendur hafi færni til að takast á við áskoranir og tækifæri 21. aldarinnar. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðum og hæfum hópi kennara og er stöðugleiki í starfsmannahaldi. Helsta verkefni skólastjóra er að viðhalda góðum skólabrag og samstarfi á starfsstöðvum skólans og hafi ánægju af því að vinna með nemendum, starfsfólki og foreldrum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands.

Umsókninni skal fylgja ferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur hvers vegna viðkomandi sækir um starfið. Umsókn skal skilað á borgarbyggd@borgarbyggd.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, annamagnea@borgarbyggd.is og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri, ingibjorg.inga@gbf.is

Umsóknarfrestur er til 26. mars nk.

## Starfssvið:

- Veitir skólanum faglega forystu
- Mótar framtíðarstefnu skólans í samræmi við aðalnámsskrá grunnskóla og skólastefnu Borgarbyggðar
- Ber ábyrgð á mannnauðsmálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun
- Ber ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans
- Tekur þátt í samstarfi við aðra skóla í sveitarfélaginu og annarra sem koma að málefnum barna og ungmenna

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða æskileg
- Reynsla af faglegri forystu í námi og kennslu
- Þekking og færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni

Samkvæmt jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.

BORGARBYGGÐ

---

# Vilt þú taka þátt í baráttunni gegn krabbameinum?

**Krabbameinsfélagið leitar að metnaðarfullum starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að vinna að markmiðum Krabbameinsfélags Íslands: að fækka þeim sem greinast með krabbamein, draga úr dauðsföllum af völdum krabbameina og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra.**

Hjá Krabbameinsskrá eru skráð öll krabbamein sem greinast hjá þjóðinni. Einnig eru þar stundaðar faraldsfræðilegar rannsóknir er tengjast orsökum og útbreiðslu krabbameina og horfum krabbameinssjúklinga.

Til starfa hjá Krabbameinsskrá vantar okkur starfsmann í afleysingar í eitt ár frá og með 1. júní 2018. Um er að ræða fjölbreytt starf, sem m.a. felur í sér framsetningu tölfræðiupplýsinga um krabbamein, skráningu á forspárþáttum krabbameina og umsjón með tölvuforritum. Möguleiki er á sveigjanlegum vinnutíma.

Í starfinu er gerð krafa um meistaragráðu, gjarnan í heilbrigðisverkfræði eða skyldum greinum.

Gerð er rík krafa um frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum. Kunnátta í ensku er nauðsynleg og reynsla af forritun æskileg.

Launakjör fara eftir kjarasamningi við viðeigandi stéttarfélag.

**Umsóknir, ásamt náms- og starfsferilsskrá skulu berast Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár á netfangið laufeyt@krabb.is í síðasta lagi 23. mars. Laufey veitir einnig nánari upplýsingar.**

**www.krabb.is** Krabbameinsfélagið




## EAK óskar eftir meiraprófsbílstjórum

EAK óskar eftir meiraprófsbílstjórum til starfa hjá fyrirtækinu í sumar. Starfið felst í afgreiðslu á flugvélaeldsneyti. Unnið er á vöktum 5-5-4

**Hæfniskröfur.**

- Meirapróf er skilyrði.
- Hreint sakavottorð og íslenskukunnátta er skilyrði.
- Stundvísi
- Æskilegt að viðkomandi sé reyklaus

**Upplýsingar veitir Melkorka Sigurðardóttir í netfang: melkorka@eak.is**

*EAK er fyrirtæki sem tekur á móti, geymir og afgreiðir flugvélaeldsneyti á Keflavíkurflugvelli fyrir olíufélögin. Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli en þar starfa á vegum fyrirtækisins 50 starfsmenn.*

**EAK ehf.**
**Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland**

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Skrifstofustarf/Bókhald

Málmsmíðafyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu.
Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 16:00.

### » Starfssvið

- Færsla og umsjón verkbókhalds
- Reikningagerð
- Færsla fjárhagsbókhalds
- Teiknivinna í Autocad og Inventor
- Tilfallandi skrifstofustörf

### » Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Autocad kostur
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

KSÍ

## Starfsmaður í ræstingar

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) auglýsir eftir starfsmanni í almenn þrif og frágang á húsnæði sambandsins í Laugardal.

**Helstu verkefni:**

- Almenn þrif á húsnæði KSÍ
- Frágangur í eldhúsi
- Frágangur eftir fundi
- Umsjón með kaffivélum
- Aðstoð við þvott

Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar nauðsynlegir.
Íslensku og/eða enskukunnátta nauðsynleg.
Um 100% starf er að ræða og ráðið er í starfið frá 1. apríl 2018.

***Nánari upplýsingar veitir Jóhann G. Kristinsson – johann@ksi.is - 5102915***

***Vinsamlegast sendið kynningarbréf og ferilskrá fyrir 17.mars.***

## Cleaning Employee

Football Association of Iceland (KSÍ) is looking for a cleaning person for the office in Laugardalur, Reykjavík.

**Main tasks:**

- General office cleaning
- Kitchen cleaning and maintenance
- Coffee machine maintenance
- General conference room cleaning
- Help with laundry

Positive attitude and good communication skills.
Icelandic and/or English speaking.
100% job, hiring from April 1. 2018.

***For more information contact Jóhann G. Kristinsson – johann@ksi.is - 5102915***

***Please send an introductory letter and a CV before March 17th.***

---

ORKUSTOFNUN

# Sérfræðingur

## – eftirlit með fyrirtækjum á raforkumarkaði

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings við eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

### Helstu verkefni:

- Eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemi þeirra gilda.
- Samskipti við stjórnvöld og fyrirtæki á raforkumarkaði.
- Þjónusta og upplýsingagjöf á sviði raforkueftirlits.
- Öflun og miðlun gagna á sviði raforkueftirlits.
- Vinna við ákvörðun tekjumarka og eftirlit með gjaldskrám raforkufyrirtækja.
- Greining á rekstrarforsendum fyrirtækjanna og virkni tekjumarkalíkansins.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði rekstrarhagfræði, viðskiptafræði eða verkfræði.
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði og þekking á einu norðurlandamáli æskileg.
- Hæfileiki til þess að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þekking á rekstrarumhverfi fyrirtækja æskileg.
- Raforkueftirlitið er samstarfsverkefni teymis starfsmanna við Orkustofnun og gerir kröfu um hæfni til ríkra samskipta og sveigjanleika í starfi.

### Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

- Ferilskrá.
- Bréf þar sem áhuga á starfinu er lýst og fjallað um hvað umsækjandi telur sig geta lagt af mörkum til þess.
- Afrit af prófskírteinum.
- Upplýsingar um umsagnaraðila.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Orkustofnun stefnir að því að halda jöfnu hlutfalli kynjanna í starfsliði sínu.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A Jóhannesson orkumálastjóri, sími **569 6000**, netfang **gudni.a.johannesson@os.is.**

Umsóknir berist til Guðnýjar Þórsdóttur starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang gd@os.is eigi síðar en **5. apríl 2018**.

Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Orkumálastjóri*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**




## BIFVÉLA-/VÉLVIRKI Á EGILSSTAÐAFLUGVELLI

Leitað er að kraftmiklum starfsmanni til þess að sinna fjölbreyttum störfum sem tengjast rekstri flugvallar, s.s. daglegu eftirliti og viðhaldi tækja, flugvernd, björgunar og slökkviþjónustu, umsjón og framkvæmd snjóruðnings og hálkuvarna.

Nánari upplýsingar veitir Jörundur Ragnarsson, umdæmisstjóri á Egilsstöðum, **jorundur.ragnarsson@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**

- Próf í bifvélavirkjun/vélvirkjun
- Reynsla af slökkvistörfum er kostur
- Aukin ökuréttindi eru skilyrði
- Góð tök á íslenskri og enskri tungu
- Góð tölvukunnátta

## SUMARSTÖRF Á EGILSSTAÐAFLUGVELLI

**Framlengdur umsóknarfrestur**
Isavia leitar að starfsfólki til sumarafleysinga við flugvallarþjónustu og á vélaverkstæði Egilsstaðaflugvallar. Helstu verkefni eru björgunar- og slökkviþjónusta, viðhald flugvallar og umhverfis hans, viðhald á tækjum og önnur störf tengd flugvallarrekstri.

Nánari upplýsingar veitir Jörundur Ragnarsson, umdæmisstjóri á Egilsstöðum, **jorundur.ragnarsson@isavia.is.**

**Hæfniskröfur**

- Aukin ökuréttindi eru skilyrði
- Reynsla af slökkvistörfum er kostur
- Iðnmenntun (bifvélavirki, vélvirki eða svipað) sem nýtist í starfi, sem og vinnuvélapróf, eru kostir
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar. Umsækjendur þurfa að vera heilsuhraustir og kröfur eru gerðar til líkamlegs atgervis.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.

STARFSSTÖÐ: **EGILSSTAÐIR**
UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**
UMSÓKNARFRESTUR: **25. MARS**

isavia

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Lögfræðingur

Dómsmálaráðuneytið auglýsir eftir reynslumiklum lögfræðingi til starfa á skrifstofu réttinda einstaklinga. Undir skrifstofuna heyra ýmsir málaflokkar sem varða réttindi einstaklinga, m.a. fjölskyldumál, málefni útlendinga, mannréttindamál, happdrætti, persónuvernd og málefni sýslumanna.

Leitað er að einstaklingi til að sinna verkefnum tengdum málefnum og verkefnum sýslumanna, svo sem samskiptum við embættin, stjórnsýslueftirliti og stefnumótun, þ. á m. samningu frumvarpa, reglugerða og reglna á sviðinu. Þá felast einnig í starfinu ýmis önnur tilfallandi verkefni á málefnasviði skrifstofunnar.

**Menntunar– og hæfniskröfur**

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi
- Að lágmarki þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur
- Þekking og reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar æskileg
- Þekking og reynsla af málefnasviði ráðuneytisins æskileg
- Þekking eða reynsla af stefnumótun æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking á einu Norðurlandamáli æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Mjög góð forystu- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veitir Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.**

Umsóknir skulu berast í gegnum vef Dómsmálaráðuneytisins, www.dmr.is

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

Hjúkrunarheimilið Fellsendi

## MATREIÐSLUMEISTARI

Hjúkrunarheimilið Fellsendi óskar eftir matreiðslumeistara til framtíðarstarfa í eldhúsi heimilisins. Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir,
Jóna Helga Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar og reksturs í síma 863 5090. Einnig hægt að hafa samband á jona@fellsendi.is

Hjúkrunarheimilið Fellsendi, Fellsenda 371 Búðardal

## Embassy of India in Reykjavík requires a Clerk

The Embassy of India immediately seeks to employ an Office Assistant on regular basis against the post of a Clerk.

Candidate should be in possession of necessary qualifications and knowledge in handling the commercial and trade related work, besides having sufficient knowledge in Book Keeping and related accounts work.

Candidates should be proficient in computer skills-**MS Office**, and should be fluent in both **English** and **Icelandic** (read, write & speak) language.

The consolidated salary presently payable is **EURO 4000/-** per month with annual increment, as per Govt. of India rules.

Interested candidates may send in their CVs in **English only** along with their photographs at the following e-mail ID, latest by **Friday, 23d March 2018** : hoc.reykjavik@mea.gov.in

Fasteignasala Mosfellsbæjar

# FASTEIGNASALI ÓSKAST

Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf. óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala til starfa hjá fyrirtækinu.

Við leitum að fasteignasala sem vill vinna með góðum hópi starfsfólks sem hefur sameiginlega hagsmuni að viðskiptivinir okkar gangi sáttir og öryggir frá fasteignaviðskiptum hjá okkur.

Fasteignasala Mosfellsbæjar er 20 ára gamalt fyrirtæki og hjá því starfar samhentur hópur starfmanna – í góðu starfsumhverfi með einstöku útsýni út á sundin og að Esjunni.

Allir starfsmenn eru launþegar hjá fyrirtækinu – góð laun í boði fyrir gott starfsfólk.

Umsóknir óskast sendar á einar@fastmos.is fyrir 26. mars nk. – fullum trúnaði heitið.



Fasteignasala Mosfellsbæjar • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • www.fastmos.is

# Safnstjóri Stöðvar 2

Við leitum að eldhressum safnstjóra til að hafa umsjón með dagskrárefni Stöðvar 2 og koma því á rétta staði. Helstu verkefni eru m.a. skráning á öllu efni sem kemur inn, samskipti við bæði dagskrárgerðarfólk sem og kaupendur efnis og ábyrgð á að koma nýju og eldra efni yfir á stafrænt form.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg reynsla er nauðsynleg.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður til að ná árangri.
- Jákvætt viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk.**
**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á radningar.fjarskipti.is/storf**

MARGFALT SKEMMTILEGRI

# Sjúkraþjálfari óskast í Sunnuhlíð

**Sunnuhlíð auglýsir eftir sjúkraþjálfara í 60% - 80% afleysingarstarf tímabilið 15. apríl 2018 til 1. febrúar 2019. Möguleiki er á fastráðningu að afleysingartímabilinu loknu.**

Starfið er fjölbreytt og felur í sér þjónustu við íbúa Sunnuhlíðar og einstaklinga í endurhæfingarinnlögn auk göngudeildarþjónustu. Í Sunnuhlíð eru sjötíu hjúkrunarrými og þar af eru fjögur skammtíma endurhæfingarrými.
Aðstaðan til sjúkraþjálfunar er góð og tækjasalur, bjartur, rúmgóður og ágætlega tækjum búinn.

Við leitum að kröftugum einstaklingi sem er fær í mannlegum samskiptum og hefur áhuga á teymisvinnu og þátttöku í uppbyggingu faglegs starfs. Viðkomandi þarf að hafa íslenskt starfsleyfi Landlæknis sem sjúkraþjálfari.

**Umsóknarfrestur er til 17. mars 2018.**

**Nánari upplýsingar veitir Kristín Harðardóttir í síma 560 4172 eða 895 7976 og í tölvupósti á kristin@sunnuhlid.is**

*Á Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.*

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi




Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Hefur þú áhuga á að taka þátt í að þróa öflugt félagsstarf með íbúum í Háaleitis- og Bústaðahverfi?

Virkniþjálfi í félagsstarfi fullorðinna óskast í 100% stöðu. Virkniþjálfa er ætlað að vera vera stuðningur við sjálfsprottið félagsstarf og styðja einstaklinga til heilsueflingar og þátttöku í félagsstarfi

**Helstu verkefni**
- Skipulagning, undirbúningur og framkvæmd félagsstarfs í samráði við þátttakendur, notendaráð og samstarfsfólk
- Stuðningur við einstaklinga til heilsueflingar og þátttöku í félagsstarfi
- Heldur utan um og styður sértækt hópastar
- Sér um innkaup á aðföngum fyrir félagsstarf og færir bókhald þeim tengdum
- Er í samstarfi við aðra sem vinna að því að virkja fólk til samfélagsþátttöku og heilsueflingar.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. í félags- og tómstundafræði.
- Þekking og reynsla af þjónustu við fólk.
- Þekking og reynsla af félagsstarfi og að virkja fólk til þátttöku æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

**Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.**
**Umsóknarfrestur er til 21. mars 2018.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Anna Björnsdóttir í síma 899-9747 og netfang: kristin.anna.bjornsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# ÚTBOÐ

## Tilkynning um fyrirhuguð útboð á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli – útboðsgögn verða birt 22. mars næstkomandi

Ríkiskaup fyrir hönd Utanríkisráðuneytisins og Landhelgisgæslu Íslands vekja athygli á auglýsingu bandarískra yfirvalda um fyrirhugað útboð á tveimur hönnunar- og byggingaverkefnum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Útboðsgögn verða birt 22. mars næstkomandi. Annars vegar er um að ræða hönnun og verkframkvæmd vegna breytinga á Flugskýli 831 og hins vegar hönnun og bygging sjálfvirkrar þvottastöðvar fyrir flugvélar. Bandarísk yfirvöld fjármagna og bjóða út þessa hönnun/framkvæmd og munu eingöngu semja við íslensk og/eða bandarísk fyrirtæki um verkefnið. Þar sem framkvæmd þessi er alfarið fjármögnuð af bandarískum yfirvöldum lýtur hún ekki íslenskum lögum og reglum um opinber innkaup. Gert er ráð fyrir að verkefnin tvö verði unnin samhliða. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu þurfa m.a. að uppfylla öryggis- og trúnaðarkröfur kröfur samanber varnarmálalög, reglugerð 959/2012 varðandi öryggisvottun, reglur sem gilda um aðgang að öryggissvæðum og Keflavíkurflugvöll, samanber t.d. reglugerð nr. 750/2016 og aðrar þær kröfur sem gerðar verða í útboðsgögnum. Aðeins fyrirtæki sem hafa skráð sig í gagnagrunn bandaríska yfirvalda á www.sam.gov geta tekið þátt í útboðsferlinu.

**Flugskýli 831, verkefni P-307**
Verkefni þetta snýr að breytingum á flugskýli 831. Breytingarnar felast í endurnýjun á hurð flugskýlisins og rafkerfi sem flugvélar tengjast við. Kostnaðaráætlun nemur 12.800.000 Bandaríkjadölum.

**Flugvélaþvottastöð, verkefni P-308**
Um er að ræða hönnun og verkframkvæmd vegna byggingar sjálfvirkrar þvottastöðvar fyrir flugvélar.
Kostnaðaráætlun nemur 4.330.000 Bandaríkjadölum.
Nánari upplýsingar varðandi fyrirhugað útboð og birtingu útboðsgagna verða birtar á ensku á heimasíðu Ríkiskaupa og á slóðinni www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

# VIÐSKIPTABLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

**VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU VIÐSKIPTABLAÐAMANNA LANDSINS?**

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, óskar eftir blaðamanni í fullt starf á ritstjórn blaðsins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- að hafa góða þekkingu og brennandi áhuga á viðskiptum og efnahagsmálum er skilyrði
- háskólamenntun á sviði hagfræði, viðskipta eða lögfræði er æskileg
- reynsla af blaðamennsku er æskileg
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- frumkvæði, öguð vinnubrögð og að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Hörð Ægisson á netfangið hordur@frettabladid.is

**Umsóknarfrestur er til 21. mars.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

## SKÓLAÁRIÐ 2018-2019

- **UMSJÓNARKENNARI**
- **SKÓLALIÐI**

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

HOFSSTAÐASKÓLI GARÐABÆ

---

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Upplýsingafulltrúi

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa til starfa. Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og ritstýrir vefjum ráðuneytisins. Upplýsingafulltrúa er ætlað að vinna að kynningu á starfsemi ráðuneytisins og verkefnum hennar og vera ráðherra, ráðuneytisstjóra og öðrum starfsmönnum til ráðgjafar um samskipti við fjölmiðla. Hann fylgist með fréttaflutningi af starfsemi ráðuneytisins og ráðherra og veitir fjölmiðlum og almenningi upplýsingar.

Leitað er að drífandi einstaklingi með góða samvinnu- og samskiptahæfni sem hefur áhuga á að taka þátt í mótun nýrra vinnubragða með hópi áhugasamra starfsmanna við uppbygginguna nýs ráðuneytis.

**Helstu verkefni:**

- Umsjón með samskiptum dómsmálaráðuneytisins við fjölmiðla, svör við fyrirspurnum, gerð fréttatilkynninga o.fl.
- Ritstjórn og efnisskrif á vefjum dómsmálaráðuneytisins, á íslensku og ensku.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af blaða/fréttamennsku.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.
- Færni í tölvunotkun. Kunnátta í vefumsjónarkerfum er kostur.
- Geta til að vinna hratt og vel undir álagi.
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni.
- Samvinnu og samskiptalipurð og góð framkoma.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Guðmundsson, ráðuneytisstjóri í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.**

Umsóknir skulu berast í gegnum vef dómsmálaráðuneytisins, www.dmr.is

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

---

# SÉRFRÆÐILÆKNIR

## HJÁ TRYGGINGASTOFNUN

### Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis hjá Tryggingastofnun

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Læknisfræðilegt mat á umsóknum um örorku lífeyristrygginga.
- Ráðgjafi við læknisfræðileg mál svo sem við mat á umsóknum um endurhæfingarlífeyri, bifreiðastyrk og umönnunarmat.
- Annað það er kemur að læknisfræðilegu mati varðandi almannatryggingar.

**Hæfnikröfur**

- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi lækninga eru skilyrði.
- Góð samskiptafærni nauðsynleg.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði, metnaður og jákvætt viðhorf.

**Frekari upplýsingar um starfið**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu og sveigjanlegan vinnutíma.

Val á umsækjendum grundvallast á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað.

Starfshlutfall er 50–100% og þarf umsækjandi að hefja störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2018.**

Nánari upplýsingar um starfið veita: Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri í síma 560 4400 og Ólafur Ó. Guðmundsson yfirlæknir í síma 560 4400.

TR

**Tryggingastofnun**
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

Pipar\TBWA \ SÍA

---

# Gleðilegt sumar í Kópavogi

Fjölbreytt og spennandi sumarstörf



Pipar\TBWA \ SÍA

**Skemmtileg sumarstörf fyrir 18 ára og eldri**

Við leitum að fólki í afleysingar við sundlaugarnar, leikskólana, vinnuskóla, garðrækt, umönnun fatlaðra, á bæjarskrifstofurnar, í upplýsingatæknideild bæjarins og fleiri skemmtileg störf.

**Umsóknartímabil er frá 9. febrúar til 18. mars.**

Sæktu um á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is. Þar færðu líka nánari upplýsingar um störfin sem eru í boði.

**Hlökkum til að sjá þig í sumar!**

Kópavogsbær

kopavogur.is




# Framkvæmdastjóri lækninga

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra lækninga. Leitað er eftir kraftmiklum, metnaðarfullum og farsælum stjórnanda. Framkvæmdastjóri lækninga situr í framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heyrir undir forstjóra. Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. maí nk. eða eftir nánara samkomulagi.**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2018**

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og því hafa verið gerðar breytingar á skipulagi heilsugæslunnar sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfseminni, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samanstendur af 15 heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Heimahjúkrun HH, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda, Geðheilsu-eftirfylgd/iðjuþjálfun, Geðheilsustöð Breiðholts ásamt miðlægri skrifstofu. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa um 700 manns.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumótun og þróun, m.a. á sviði árangurs, gæða, aðgengis og öryggis í þjónustu
- Leiðtogi við framkvæmd stefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Innleiðing nýjunga og breytinga, s.s. teymisvinnu og straumlínustjórnunar
- Fagleg samhæfing og eftirlit á sviði lækninga
- Samhæfing, mælingar og mat á starfsemi
- Gerð og efling klínískra leiðbeininga
- Gæðaeftirlit

### Hæfnikröfur

- Læknir með sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Viðbótarnám í stjórnun æskilegt
- Stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun í heilsugæslu og/eða annarri heilbrigðisþjónustu
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og áræðni
- Vilji til að helga sig sýn og gildum heilsugæslunnar

### Nánari upplýsingar

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri, s. 513-5000,
svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs og nýliðunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Jafnframt skal fylla út eyðublaðið "Umsókn um læknisstöðu" og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni. Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar hjá Embætti landlæknis. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í laus störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

***Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun***

# VélRás

**Bifreiða og vélaverkstæði Vélrásar auglýsir eftir starfsfólki**

**Sendibílstjóri**
Við hjá Vélrás auglýsum nú eftir hressum, skemmtilegum, kurteisum, fjölhæfum og þjónustulunduðum starfsmanni sem hefur gaman af því að keyra um höfuðborgarsvæðið til þess að sækja og/eða senda varahluti ásamt því að sinna tilfallandi verkefnum á verkstæði. Íslenskukunnátta og bílpróf eru skilyrði auk þess sem kostur væri ef viðkomandi hefði meirapróf.

**Starfsfólk á verkstæði**
Hjá Vélrás starfa um 35 starfsmenn við viðgerðir á atvinnubifreiðum og vinnuvélum. Okkur langar til þess að bæta við starfsfólki með reynslu af viðgerðarvinnu í okkar góða hóp.

Frekari upplýsingar í síma 8601860
Umsóknir sendist á velras@velras.is
***www.velras.is***




# Bifvélavirki óskast

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur:

- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 26. mars 2018

**TÉKKLAND**
*Bifreiðaskoðun*

*Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900*

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Sæborg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Sæborg lausa til umsóknar.**

Sæborg er fjögurra deilda leikskóli við Starhaga í Reykjavík. Leikskólinn stendur á fallegum stað við fjöruna með útsýni yfir Reykjanesið og að Bessastöðum. Unnið er í anda Reggio Emilia og mikil áhersla er lögð á skráningar, skapandi starf og opinn efnivið. Unnið er með lýðræði í leikskólastarfinu þar sem börnin tjá skoðanir sínar, geta valið og hafnað og haft áhrif á eigin þekkingaröflun. Lögð er áhersla á hlutverk kennarans við að skrá upplifanir og hugmyndir barnanna og gera þær sýnilegar. Deildir eru aldursskiptar og starfsfólks flyst milli deilda með börnunum að hausti. Skólaþróun er stór þáttur í starfi leikskólans en Sæborg hefur 6 sinnum fengið hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs og hefur tekið virkan þátt í Barnamenningarhátíð undanfarin ár.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Sæborg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. júlí 2018. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2018.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur í fjármálum | Atvinnuv.- og nýsköpunarráðuneytið | Reykjavík | 201803/535 |
| Sérfræðingur, skrifstofa ferðamála | Atvinnuv.- og nýsköpunarráðuneytið | Reykjavík | 201803/534 |
| Meistaranemi | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201803/533 |
| Sérfræðingur/heilbrigðisstarfsm. | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201803/532 |
| Sérfræðingur | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201803/531 |
| Sérfræðilæknir | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201803/530 |
| Sérfr. í hagspá og greiningum | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201803/529 |
| Sviðsstjóri greiningarsviðs | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201803/528 |
| Sviðsstjóri þjónustusviðs | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201803/527 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/526 |
| Ljósmóðir | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201803/525 |
| Lektor | Háskóli Íslands, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201803/524 |
| Nýdoktor í lífupplýsingafræði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201803/523 |
| Aðstoðarmaður í eldhús | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201803/522 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201803/521 |
| Sjúkraþjálfari/hreyfistjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201803/520 |
| Sjúkraþjálfari | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201803/519 |
| Framkvæmdastjóri lækninga | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201803/518 |
| Félagsráðgjafi | Þroska- og hegðunarstöð HH | Reykjavik | 201803/517 |
| Lögfræðingur | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201803/516 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, göngud. húð- og kynsjúkd. | Reykjavík | 201803/515 |
| Sótthreinsitæknir/sérh. starfsm. | Landspítali, dauðhreinsunardeild | Reykjavík | 201803/514 |
| Rekstrarstjóri í matsölum | Landspítali | Reykjavík | 201803/513 |
| Rafvirki | Landspítali, fasteignadeild | Reykjavík | 201803/512 |
| Námsstöðu lyfjafræðinga | Landspítali | Reykjavík | 201803/511 |
| Sérfræðilæknir í taugalækningum | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201803/510 |
| Lögreglumenn, sumarafleysing | Lögreglustjórinn á Suðurlandi | Suðurland | 201803/509 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201803/508 |
| Aðstoð í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201803/507 |
| Aðstoðarm. í umönnun, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201803/506 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201803/505 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201803/504 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201803/503 |
| Sérfræðingur | Orkustofnun | Reykjavík | 201803/502 |
| Skrifstofustjóri | Þjónustu- og þekkingarmiðstöð | Reykjavík | 201803/501 |
| Sumarstörf | Barnaverndarstofa, Lækjarbakki | Hella | 201803/500 |
| Starfsmaður í ræstingu | Barnaverndarstofa, Lækjarbakki | Hella | 201803/499 |

ÁS FASTEIGNASALA
Stofnað 1988

## LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Ás fasteignasala auglýsir eftir löggiltum fasteignasala til starfa í söludeild fasteignasölunnar og/eða í skjaladeild við frágang kaupsamninga og afsala.
Ás fasteignasala verður 30 ára í ár og er staðsett í Hafnarfirði. Viðskiptavinir Ás eru m.a. einstaklingar, fyrirtæki, bankar, sparisjóðir, hið opinbera og sveitarfélög.

**Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendast á eirikur@as.is og er fullum trúnaði heitið. Einnig er hægt að ná í Eirík í s. 862 3377 fyrir frekari upplýsingar.**

Frumherji

## Skoðunarmaður á höfuðborgarsvæðinu

**Við leitum að starfskrafti sem hefur góða þjónustulund, er áreiðanlegur, getur starfað sjálfstætt og er tilbúinn að bæta þekkingu sína og hæfni til þess að takast á við krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki**

**Starfið**
- Annast skoðun ökutækja
- Samskipti við viðskiptavini
- Skráningar í tölvu
- Eftirlit með tækjum og þrif á húsnæði
- Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag

**Hæfniskröfur**
- Starfsréttindi sem bifvélavirki (sveinn eða meistari) skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Umsóknir sendist á netfangið sigga@frumherji.is

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.
Nánari upplýsingar veitir Sigríður verkefnastjóri starfsmannamála í s. 570 9144.

**Frumherji hf. var stofnað árið 1997 og starfar fyrirtækisið við ýmiskonar skoðanir og prófanir ásamt annarri tengdri þjónustu. Frumherji starfar nú á átta mismunandi sviðum á um 30 stöðum á landinu og eru flest starfssvið fyrirtækisins rekin samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum.**

**Frumherji hf. | Þarabakki 3 | 109 Reykjavík | www.frumherji.is**



# Hársnyrtir óskast

Óskum eftir hársnyrti í vinnu. Vinnutími eftir samkomulagi.

**Hársnyrtistofan Dalbraut 1 s. 698 7537**

Sjálfsbjargar HEIMILIÐ
HEIMILI - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ
ENDURHÆFINGARÍBÚÐ - SUNDLAUG
ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

2006 2008 2009 2013 2014

# Eldhús - Matsalur

Óskum eftir starfsmanni í eldhús og matsal. 100% starfshlutfall.

Unnið aðra hverja helgi. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

**Umsókn sendist á netfangið gardar@sbh.is fyrir 21 mars.**

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjármálasvið**
» Sérfræðingur

**Málefni fatlaðs fólks**
» Stuðningsfulltrúi - Kletturinn
» Sumar- og framtíðarstarf á heimili fatlaðs fólks
» Sumarstarfsmenn á heimili fatlaðs fólks
» Sumarafleysing á heimili fatlaðs fólks í Blikaási

**Leikskólar**
» Deildarstjóri - Álfaberg
» Leikskólakennari - Álfaberg
» Leikskólakennari - Hlíðarberg
» Deildarstjóri - Hlíðarberg
» Þroskaþjálfi - Hlíðarberg
» Leikskólakennari - Hlíðarendi
» Leikskólakennari - Hvammur
» Deildarstjóri - Hvammur
» Leikskólakennari - Stekkjarás
» Leikskólakennari - Tjarnarás
» Leikskólakennari - Víðivellir
» Þroskaþjálfi - Víðivellir

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is



# Ráðgjafi í sölu

innréttinga, fóðrunarlausna og tengdra vara fyrir gripahús.

Leitað er að aðila í góðan og samstilltan hóp með mikinn metnað fyrir vönduðum vinnubrögðum og árangri í starfi. Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um starfið. Starfsstöð getur hvort sem er verið Akureyri eða Selfoss.

**Helstu verkefni:**
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptasambanda
- Samskipti við birgja

**Hæfniskröfur:**
- Ríkir söluhæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og frumkvæði í starfi
- Búfræðimenntun er kostur

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars** nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **fm@jotunn.is** Nánari upplýsingar veitir Finnbogi Magnússon í síma **4 800 400**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Jötunn sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði og jarðvinnuverktökum. Fyrirtækið leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og hefur það markmið að vera leiðandi í þjónustu og sölu. Jötunn er með starfsstöðvar á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum. Hjá fyrirtækinu starfa um 45 manns.

# RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# FORSTÖÐUMAÐUR

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir forstöðumanni á nýtt heimili fatlaðs fólk. Um er að ræða 100% starf og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg ábyrgð á þjónustu til íbúa.
- Stjórnun og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri heimilisins.
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu.
- Samstarf við íbúa, aðstandendur og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.
- Leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna.
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi er snýr að þróun þjónustu við fatlað fólk

## Hæfniskröfur

- Starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða háskólamenntun á sviði félags-, mennta- eða heilbrigðisvísinda.
- Þekking og reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi.
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigtryggur Jónsson í síma 411-1500 eða með því að senda fyrirspurnir á **sigtryggur.jonsson@reykjavik.is.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2018.**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar í umboði velferðarráðs. Á velferðarsviði starfa 2.500 starfsmenn á um 100 starfseiningum. Velferðarsvið þjónustar um 20.000 einstaklinga á ári.

Einkunnarorð velferðarsviðs eru Virkni, virðing og velferð.

Nánari upplýsingar um starfsemi sviðsins má nálgast á velferdarsvid.is og facebook.com/velferdarsvid.

**VELFERÐARSVIÐ**
**REYKJAVÍKURBORGAR**

---

# Stykkishólmsbær

### Deildarstjóri stoðþjónustu við Grunnskólann í Stykkishólmi

Grunnskólinn í Stykkishólmi óskar eftir að ráða sérkennara eða þroskaþjálfa í stöðu deildarstjóra stoðþjónustu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2018.

**Helstu verkefni**

- Sérkennsla
- Gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd með námi
- Samstarf við foreldra og fagaðila vegna málefna nemenda með sérþarfir
- Næsti yfirmaður stuðningsfulltrúa og kennara sem sinna sérkennslu

**Hæfniskröfur**

- Menntun í sérkennslufræðum, þroskaþjálfafræðum og/eða reynsla af kennslu nemenda með sérþarfir
- Reynsla af starfi í grunnskóla
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir skólastjóri í síma 433 8178/895-3828 eða á netfangið berglind@stykk.is.

**Skriflegum umsóknum skal skilað til skólastjóra ásamt ferilskrá fyrir 15. apríl 2018.**

---

# Breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024

### Flutningslínur raforku
### Skipulagslýsing

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar vinnur nú að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, sem staðfest var 21.1.2014. Breytingin mun taka til legu flutningslína raforku en ekki voru forsendur til þess að ganga frá legu þeirra þegar svæðisskipulagið var unnið. Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr.123/2010 hefur verið tekin saman skipulags- og matslýsing þar sem gerð er grein fyrir áherslum, helstu forsendum, fyrirliggjandi stefnu, skipulagskostum og hvernig samráði og kynningu verður háttað. Lýsing er sett fram og kynnt í upphafi verks til þess að almenningur, umsagnaraðilar og hagsmuna- aðilar fái upplýsingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu og geti sett fram sjónarmið, athugasemdir og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Lýsingin mun liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna sjö sem aðild eiga að svæðisskipulaginu, á vefsíðum þeirra og á vef Atvinnuþróunarfélags Eyfirðinga. Eftirtalin sveitarfélög eru aðilar að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024:

| Sveitarfélag | Vefsíða |
|---|---|
| Fjallabyggð | www.fjallabyggd.is |
| Dalvíkurbyggð | www.dalvikurbyggd.is |
| Hörgársveit | www.horgarsveit.is |
| Akureyrarkaupstaður | www.akureyri.is |
| Eyjafjarðarsveit | www.esveit.is |
| Svalbarðsstrandarhreppur | www.svalbardsstrond.is |
| Grýtubakkahreppur | www.grenivik.is |

Vefsíða Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar www.afe.is

Athugasemdir og ábendingar vegna lýsingar þessarar skulu vera skriflegar.

**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2005**
**Fasteignamat: 55.600.000**

RE/MAX Senter




**OPIÐ HÚS LAUGARD. 10.MARS KL.15:00-15:30**

**Verð: 68.900.000**





RE/MAX Senter kynnir: Mjög glæsileg 142,6 fm. þriggja herbergja íbúð með tvö baðherbergi ásamt þvottahúsi og geymslu innan íbúðar. Um er að ræða nýja íbúð sem aldrei hefur verið búið í.

Mjög vel staðsett eign í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri í vesturbæ Hafnarfjarðar sem er bæði með sjávarútsýni og útsýni út á friðað hraunið sem er aftan við bakhlið hússins. Íbúðin er laus við kaupsamning.

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is



## Rjúpnasalir 14
201 Kópavogur
Falleg og björt íbúð!!

**Stærð: 90,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 2-3**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 35.450.000**

RE/MAX Senter








Sigríður Guðna
Sölufulltrúi (í lögg.námi)
**663 3219**
sigga@remax.is



**Opið hús á þriðjud.13/3 kl.18.00-18.30**

**Verð: 39.900.000**

Einstaklega falleg og björt 2ja-3ja herbergja íbúð á 5.hæð í mjög snyrtilegu fjölbýli. Tvær lyftur í húsinu. Húsið klætt að utan og því viðhaldslítið. Yfirbyggðar svalir og fallegt útsýni. Parket á gólfi. Flísalagt baðherbergi með fallegri innréttingu, sturta. Eldhús með stórri innréttingu, borðstofa, útgengi á á yfirbyggðar svalir. Þvottahús. Möguleiki á barnaherbergi í hluta af stofunni. Sér geymsla í sameign, ásamt sameignlegri hjólageymslu. Stutt í alla þjónustu.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Skyggnisbraut 2
113 Reykjavík
4ja herb útsýnisíbúð á 5 hæð

**Stærð: 119,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2016**
**Fasteignamat: 42.700.000**

RE/MAX Senter







**Bókið skoðun í síma 822-6800**

**Verð: 57.900.000**

Virkilega falleg 4ja herbergja íbúð á 5 hæð (efstu) í lyftuhúsi með tvennum stórum svölum og fallegu útsýni. Íbúðin á sérmerkt bílastæði í bílastæðahúsi ásamt geymslu fyrir innan stæðið. Innangengt er í bílastæðahúsið. 3 svefnherb, baðherbergi með þvottahúsi innaf. Stórt rými sem samanstendur af eldhúsi, stofu og borðastofu. Aukin lofthæð í íbúðinni. Mikil uppbygging í hverfinu og mikil nánd við náttúruna. Upplýsingar veitir Kristín Ósk Fasteignasali í síma 822 6800 eða á kor@remax.is.

Kristín Ósk
Lögg. fasteignasali
**8226800**
kor@remax.is





# Ljúffengt kartöflusalat

Gott kartöflusalat lyftir meðalmat upp í hæstu hæðir. Það þarf ekki að vera flókið eða innihalda mörg hráefni. Hér er einföld uppskrift að góðu kartöflusalati fyrir helgina.

Fyrir 8

**1,4 kg rauðar kartöflur, vel hreinsaðar og skornar niður í jafna teninga**
**1½ msk. salt**
**½ bolli ólífuolía**
**2 msk. rauðvínsedik**
**1½ msk. sítrónusafi**
**1 msk. dijonsinnep**
**3 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**½ tsk. svartur pipar**
**⅓ bolli fínt söxuð steinselja**
**2½ msk. saxaður graslaukur (eða basilíka, dill eða rósmarín)**
**1 msk. saxað ferskt timían**

Setjið vatn í pott og 1 msk. af salti. Sjóðið kartöflurnar í vatninu þar til þær eru tilbúnar. Passið þó að sjóða ekki of lengi. Hellið vatninu af og látið kartöflurnar kólna í um tíu mín. Á meðan kartöflur eru soðnar skal blanda saman í skál olíunni, rauðvínsedikinu, sítrónusafanum, sinnepinu, hvítlauknum, piparnum og kryddjurtum. Setjið ½ msk. af salti út í og látið standa. Setjið að lokum kartöflur út í og hrærið varlega saman. Berið fram volgt eða kalt.



Danshópurinn Les Coquettes sýnir á hátíðinni Únglingurinn í Reykjavík.

# Únglingurinn í Reykjavík

Únglingurinn í Reykjavík er fjögurra daga dans- og sviðslistadagskrá sem hófst 5. mars og stendur til 17. mars. Dagskráin er troðfull af spennandi viðburðum og nú um helgina er ýmislegt á döfinni. Listmundur er listaþjóðfundur sem stendur yfir í Norræna húsinu frá 10 til 15 í dag þar sem rætt verður um möguleika listarinnar til breytinga, á okkur sjálfum, hverju öðru og samfélaginu í kringum okkur. Í ár munu Ása Hjörleifsdóttir, Hugleikur Dagsson, Korkimon og Króli taka þátt í Listmundi. Milli 17 og 18 verður svo hlustunarpartí í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu. Á morgun, sunnudag, má svo nefna hönnunarstofu í Hafnarhúsinu klukkan eitt og danssýningarnar Les Coquettes og Allar mínar systur sem einnig verða í Hafnarhúsinu. Nánari upplýsingar og dagskrá Únglingsins má nálgast á heimasíðu Reykjavik Dance Festival og Únglingurinn í Reykjavík á Facebook.

# Kjúklingapasta með chorizo

Það tekur aðeins fimmtán mínútur að útbúa þennan góða pastarétt sem er uppáhald margra. Í uppskriftinni er notað penne pasta en það má auðvitað nota það sem manni finnst best. Uppskriftin miðast við tvo.

**300 g kjúklingur, skorinn í bita**
**1 haus spergilkál, tekinn í sundur**
**80 g chorizopylsa, skorin í bita**
**1 laukur, smátt skorinn**
**Olía til steikingar**
**1 dl vatn**
**2 dl rjómi**
**1,5 tsk. cayennepipar**
**Salt og pipar**
**Hökkuð steinselja**
**Parmesanostur**

Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum á pakkanum. Setjið olíu á pönnu og steikið chorizopylsuna í 2-3 mínútur. Takið þá af pönnunni en haldið olíunni sem hefur mikið bragð af pylsunni. Steikið lauk og kjúkling. Hellið vatni á pönnuna og bætið spergilkálinu út í. Loks er rjómanum bætt við og allt látið sjóða. Bragðbætið með kryddinu. Setjið chorizo aftur út í og blandið pastanu saman við. Rifið parmesanost yfir í lokin og skreytið með steinselju.



Penne pasta með kjúkling og chorizo pylsu.



# Sjálfur segja margt án orða

Í Menningarhúsunum í Kópavogi verður boðið upp á fjölskyldustund þar sem verður unnið með sjálfur. Þeir sem hafa annað móðurmál en íslensku eru sérstaklega velkomnir.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Í dag klukkan 13 verður haldin ljósmyndasmiðja í Gerðarsafni undir yfirskriftinni „Tungumál sjálfsmynda – fjölskyldustund óháð tungumáli“ þar sem unnið verður með sjálfsmyndir og ímyndir í tengslum við sýninguna Líkamleiki sem stendur yfir í safninu. Umsjón með smiðjunni hafa Anna Karen Skúladóttir ljósmyndari og Hrafnhildur Gissurardóttir, verkefnastjóri fræðslu og viðburða. „Þetta er ljósmyndasmiðja í tengslum við ljósmyndasýninguna Líkamleiki sem nú stendur yfir á safninu,“ segir Hrafnhildur sem er myndlistarmaður að mennt og er nýráðin verkefnisstjóri hjá Menningarhúsunum í Kópavogi. „Í smiðjunni verður skoðað á hvaða hátt sjálfsmyndir eða sjálfur eru notaðar til þess að varpa ljósi á félagslegt umhverfi okkar, stöðu í samfélaginu og hvernig við skilgreinum okkur eftir þjóðerni. Við ræðum meðal annars hvað sjálfur geta verið ólíkar og tölum um þær á abstrakt hátt. Svo fá allir tækifæri til að taka sjálfsmynd í ljósmyndastúdíói, sem sett verður upp á neðri hæð safnsins, á atvinnuljósmyndaravél með fjarstýringu og þar verður aðstoð í boði.“

Sjálfusmiðjan er haldin í samstarfi við Rauða krossinn í Kópavogi, kennara í bæjarfélaginu og Soumiu I. Georgsdóttur, ráðgjafa fyrir innflytjendur, en fjórar fjölskyldustundir á árinu verða sérstaklega miðaðar við þarfir þeirra sem hafa annað tungumál en íslensku sem móðurmál. Verkefnið er unnið eftir fyrirmynd frá Louisiana-safninu í Danmörku en það verkefni hefur gefið góða raun.

Smiðjan verður óháð tungumáli og er ætluð allri fjölskyldunni. „Við erum að reyna að skapa umhverfi þar sem þarfnast ekki orða,“ segir Hrafnhildur og bætir við að á staðnum verði leiðbeinendur sem tala íslensku, arabísku, frönsku, ensku og þýsku. „Sjálfur eru mikið notaðar á samskiptamiðlum og sýna svo vel hvernig við viljum sýna okkur sjálf, segja margt um okkur án útskýringa, án orða. Ljósmyndin er orðin svo aðgengileg á tímum snjallsímanna að okkur fannst þetta tilvalin áhersla þar sem fólk getur kynnt sig og kynnst sér og öðrum í leiðinni. Við bjóðum bæði nýjum og „gömlum“ Íslendingum í smiðjuna því eitt markmiðið er að byggja upp samskipti þvert á tungumál og menningarheima, bjóða nýja Íslendinga velkomna og byggja brú milli ólíkra menningarheima í krafti myndlistar.“



Sjálfur eru stór hluti af lífinu á samfélagsmiðlaöld. Hér sést Hrafnhildur Gissurardóttir, verkefnastjóri hjá Menningarhúsunum í Kópavogi, taka eina slíka. MYND/ANTON BRINK

Í síðustu smiðju var áherslan á teikningar. Hrafnhildur segir smiðjurnar meðal annars ganga út á að prófa mismunandi nálgun að því hvernig hægt er að nota skapandi leiðir til að tjá sig, mynda tengsl og sýna stuðning án þess að nota tungumálið. „Ég bjó sjálf í Berlín síðustu fimmtán árin svo ég hef prófað að vera útlendingur. Þar var flóttamannavandinn mjög sýnilegur og mér hefur fundist skrýtið hversu falinn flóttamannavandinn er hér á Íslandi. Okkur langar svo mörg að leggja okkar af mörkum til að gera heiminn betri og hér er tækifæri til þess.“

Smiðjan er hluti af hinum sívinsælu fjölskyldustundum sem haldnar hafa verið í Menningarhúsunum í Kópavogi um nokkurt skeið en þar er boðið upp á fjölbreytta menningartengda viðburði, svo sem listsmiðjur, upplestur, tónleika og fleira fyrir fjölskyldur alla laugardaga frá klukkan 13.






Æðislegur drykkur eða eftirréttur eftir góða máltíð fyrir fullorðna.

## Guinness, Baileys og ís

Ef þig langar að prófa alveg sérstaklega hressandi fullorðinsdrykk um helgina er upplagt að prófa Guinness bjór með ís, Baileys og súkkulaðisósu. Þetta er auðvitað algjört nammi og skemmtilegur eftirréttur ef þú ert með matarveislu.

Þessi drykkur er oft drukkinn á írskum dögum víða um heim, til dæmis á St. Patrick's Day sem verður núna 17. mars, eða næsta laugardag. Það má búa til ísinn og setja Baileys út í hann en það er vel hægt að kaupa vanilluís.

**1 flaska Guinness**
**Sletta af Baileys**
**Vanilluís**
**Súkkulaðisósa**

Hellið Guinness bjórnum í hátt glas. Setjið eina til tvær ískúlur út í bjórinn, eftir smekk. Dreifið Baileys út á og loks súkkulaðisósu.

**Það styttist í St. Patricks day og þá er upplagt að fá sér einn hressandi írskan drykk með Guinnes bjór og vanilluís.**

Njótið síðan vel í góðra vina hópi. Það má líka nota kaffiís í drykkinn og í stað Baileys má nota Irish Cream líkjör. Þessi drykkur er mjög vinsæll og hægt að gera hann á nokkra vegu. Ef fólki líkar ekki bjórinn má nota Baileys sem íssósu út á vanilluís.

Annar drykkur í svipuðum stíl inniheldur vodka, Kahlua, Baileys, vanilluís og súkkulaðisósu. Allt sett í blandara og síðan hellt í glas. Hressandi drykkur í góðu veðri.

# LAGER-HREINSUN

## VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR


Hvíldarsófar


Hvíldarstólar


Náttborð


Rúmgaflar


Dýnur

Dýnur í mörgum stærðum


Tungusófar


Svefnsófar

## EINNIG SÝNINGAREINTÖK Á FRÁBÆRUM VERÐUM

**Gerið frábær kaup fyrir heimilið, bústaðinn, gistiheimilið eða hótelið**

Heilsurúm, heilsudýnur, sófaborð, hliðarborð, náttborð, hvíldarstólar, hvíldarsófar, tungusófar, stakir sófar og stólar, dúnsængur, vatnskoddar, skammel, kollar, heilsukoddar, rúmgaflar, dýnur í stillanleg rúm og margt fleira.

Við erum á Suðurlandsbraut 24

**Opið:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

BUGATTI ITALY
Lagerhreinsun á Bugatti vörum

CULTI MILANO
Lagerhreinsun á Culti Milano vörum




Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR BETRI HVÍLD

LÚR Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík Sími 554 6969 lur@lur.is www.lur.is

# Teiknimyndaleg smáfjöll

**Dagný Gylfadóttir er ein átta keramikhönnuða sem standa að Kaolin keramikgalleríi. Hópurinn tekur þátt í HönnunarMars og sýnir mismunandi útfærslur af íláti fyrir „hið eilífa smáblóm“.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Mér finnst að „hið eilífa smáblóm“ eigi að tróna á toppi fjalls svo allir sjái, því það vex yfirleitt við fjallsrætur og í hlíðum fjalla. Mér finnst smáblómið eigi skilið að vera á toppnum, fyrst það getur lifað og blómstrað á hinu hrjúfa og kalda Íslandi,“ segir Dagný Gylfadóttir keramikhönnuður en hún tekur þátt í HönnunarMars.

Dagný sýnir blómavasa sem hún kallar Smáfjöll í Galleríi Kaolin en hún er einn átta hönnuða sem standa að galleríinu. Öll munu þau sýna mismunandi útfærslur af smáílátum fyrir hið eilífa smáblóm á HönnunarMars.

„Smáfjöllin mín eru í tveimur stærðum og í nokkrum bláum tónum og efst á hverju fjalli er snjótoppur. Ég handteikna á þau strik og mér finnst þau vera svolítil „teiknimyndafjöll“, með hreinar útlínur og snjótoppurinn er í þykkari en fjallið og teiknaður með sikksakk munstri,“ útskýrir Dagný. „Það er hægt að nota vasann undir smáblóm og sum fjöllin verða útfærð sem kertastjakar.“

Kynningar á hugmynd og hönnun hvers listamanns í hópnum verða settar fram á Facebook-síðu Kaolin og er gestum síðunnar boðið að greiða atkvæði með því að setja hjarta við þá hugmynd og hönnun sem þeim líst best á. Opið hús verður svo dagana 15. til 18. mars þegar HönnunarMars stendur yfir.



Dagný Gylfadóttir keramikhönnuður sýnir smáfjöll á HönnunarMars.



Dagný teiknar línur í fjöllin sem bæði má nota sem smávasa eða kertastjaka.



Sýnir í Kaolin keramikgallerii.






## Næpusúpa með engifer

Fyrir 4

- 2 msk. grænmetisolía
- 1 stór laukur, saxaður
- 750 g næpa, söxuð
- 1 hvítlauksgeiri, saxaður
- 2 cm bútur af engiferrót, flysjaður og saxaður niður
- 1,2 l grænmetissoð
- 3 msk. sýrður rjómi
- Steinselja, söxuð niður, til að strá yfir

Hitið olíuna í stórum potti og mýkið laukinn í nokkrar mínútur. Skolið næpurnar, skerið endana af og saxið niður í bita. Bætið næpubitunum út í pottinn ásamt hvítlauk og engiferrót. Mýkið í tvær mínútur, hellið þá grænmetissoðinu út í. Látið suðuna koma upp og látið malla í 20 – 25 mínútur eða þar til næpurnar eru orðnar mjúkar.

Maukið þá súpuna með töfrasprota þar til hún er silkimjúk. Bætið þá sýrðum rjóma út í og smakkið til.

Ausið í skálar og stráið saxaðri steinselju yfir og jafnvel smátt saxaðri papriku ef vill.

bbcgoodfood.com


Heimagert nasl er ótrúlega gott.

## Heimagert nasl

Það getur verið skemmtilegt að gera sitt eigið nasl. Auk þess er mjög einfalt að útbúa það. Eingöngu þarf tortillakökur og meðlæti getur verið salsasósa, gvakamóle eða ostasósa.

**3 hveiti tortillakökur**
**1 msk. olía**
**Salt**
**Paprikuduft**
**Cayennepipar ef vill**

Skerið kökurnar í litla þríhyrninga eins og við þekkjum nachos. Setjið í skál og blandið saman olíu og kryddi. Dreifið kryddolíunni yfir naslið þannig að allir bitar fái á sig krydd.

Raðið á bökunarpappír á bökunarplötu og setjið í 160°C heitan ofn í um það bil 10 mínútur.

Þeir sem vilja hafa bitana sterka geta stráð chilidufti yfir.



## Milljónir læra forritun af Minecraft

Microsoft og Code.org hafa tilkynnt að 85 milljónir ungmenna hafi lært forritun af Minecraft Hour of Code kennslustundunum, þar sem tölvuleikurinn Minecraft er notaður til að kenna einfalda forritun og tölvunarfræði.

Minecraft hefur notið mikilla vinsælda árum saman og verið nýttur til kennslu á marga ólíka vegu. Í Minecraft Hour of Code kennslustundunum lærir fólk í gegnum ókeypis Minecraft-tengda leiki, myndbönd og verkefni.

Mikið hefur verið rætt um þörfina fyrir að ungmenni læri forritun, því að atvinnulífið hefur mikla þörf fyrir einstaklinga sem kunna forritun og því er spáð að störfum sem krefjast forritunarkunnáttu eigi eftir að fjölga mjög á næstu árum og áratugum.

Á vef Minecraft Hour of Code er sagt að „allir nemendur ættu að fá tækifæri til að læra tölvunarfræði, því hún bætir rökhugsun, sköpunargáfu og getu til að leysa vandamál. Með því að byrja snemma fá nemendur grunn að velgengni á hvaða starfssviði sem er á 21. öldinni.“

# Ný Star Wars þáttaröð frá Jon Favreau

Jon Favreau, leikstjóri Elf, Iron Man 1 og 2 og The Jungle Book, verður handritshöfundur og framleiðandi leikinnar þáttaraðar sem gerist í Star Wars heiminum og verður sýnd á fyrirhugaðri efnisveitu Disney.

Í febrúar var staðfest að nokkrar Star Wars þáttaraðir væru í vinnslu og þáttaröð Favreaus er ein þeirra.

Favreau talaði fyrir persónuna Pre Vizsla í teiknimyndaþáttunum The Clone Wars og leikur hlutverk í væntanlegri kvikmynd um yngri ár Han Solo, sem ber heitið Solo: A Star Wars Story. „Ef þú hefðir sagt mér þegar ég var 11 ára að ég myndi segja sögur í Star Wars heiminum hefði ég ekki trúað þér,“ sagði Favreau. „Ég get ekki beðið eftir að hefja þetta spennandi ævintýri.“ Forseti Lucasfilm, Kathleen Kennedy, sagðist einnig mjög spennt fyrir samstarfinu við Favreau.

En þessi ákvörðun hefur fengið misjafnar móttökur. Enginn efast um hæfni Favreaus, en Disney og Lucasfilm hafa verið gagnrýnd fyrir að ráða enn einn hvíta karlmanninn í stjórnunarstöðu við gerð Star Wars efnis. Sú staðreynd að þessi ákvörðun skuli líka hafa verið kynnt á alþjóðlegum baráttudegi kvenna er talin nokkuð skýrt dæmi um hversu lítið vakandi fyrirtækin eru fyrir jafnrétti.





# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



LEXUS IS200. 11/2004, ekinn 179 Þ.KM, bensín, 6 gíra. leður ofl. LANGBESTA VERÐIÐ 799.000 kr. 100% lán í boði! Raðnr. 257551 á BILO.is



SUBARU FORESTER 06/2007, ekinn 214 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 649.000 kr. 100% lán í boði! Raðnr. 257421 á BILO.is




BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



SUBARU LEGACY OUTBACK 02/2008, ekinn 173 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. LANGBESTA VERÐIÐ! 1.190.000 kr. 100% lán í boði! Raðnr. 257565 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

## Bílar til sölu



**SSK DÍSEL - TILBOÐ 890.000.- 100%**
FORD MONDEO GHIA 2.0 TDCI 131 hö 11/2007 ek.136 þús, sjálfskiptur, ný heilsársdekk, ný tímareim, ásett verð 990.000.- TILBOÐ 890.000.- Möguleiki á 100% láni s.691 9374



**ALVÖRU VOLVO 4X4 - 100%**
VOLVO XC70 CROSS COUNTRY AWD 2,5T 210 hö, 5/2003 ek.169 þús, sjálfskiptur, ný vetrardekk, dráttarkrókur, leður, ný sk. 19, mjög góður bíll, verð 1.190.000.- möguleiki á 100% láni, S. 691 9374



Land Cruiser 150 Gx, árg.2012, ekin.152þ, Sjálfskiptur, dráttarkrókur, skoða skipti, Verð: Tilboð. Sími:8990675

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA ALLT AÐ MILLJÓN**
óska eftir bílum til kaups 50.000. - 1.000.000. meiga þarfnast viðgerða, ekki eldri en 2005, aðeins bílar með góðum afslætti koma til greina uppls s.691 9374

## Húsbílar



Húsbíll til sölu. Hobby toskana 650 ár.2008 ek.57000 km. Vel útbúin bíll.Einn eigandi. Ásett verð 9 milljónir. Uppl. Í síma 8918028 eða gwsrefansson@gmail.com.

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Vinnuvélar

OK VARAHLUTIR



**BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR**
Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist okspares@simnet.is

## Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.



Altenatorar og Startarar í flesta gerðir fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvéla. Þjónusta í 60 ár. Bildshöfði 14,110 Reykjavík Simi:553—1244 ljósboginn@ ljosboginn.is www.ljosboginn.is

---

**Komdu og prófaðu!**

# bill.is

Malarhöfði 2
Sími 5773777
www.bill.is



**NISSAN Note.**
Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.260726.



**MAZDA 2 advance.**
Árgerð 2012, ekinn 94 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 990.000.**
Rnr.250359.



**LAND ROVER Discovery sport.**
Árgerð 2017, ekinn 28 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
**Verð 5.990.000.**
Rnr.271275.



**HYUNDAI Tucson.**
Árgerð 2016, ekinn 56 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 4.490.000.**
Rnr.251191.



**FORD Expedition el xlt 4wd.**
Árgerð 2014, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 7.690.000.**
Rnr.260573.



**CAN-AM Outlander.**
Árgerð 2017, ekinn 41 KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.600.000.** Rnr.251185.



**BMW F800gs.**
Árgerð 2011, ekinn 7500 KM, bensín, beinskiptur.
**Verð 1.890.000.** Rnr.251203.



**BMW R 1200 gs.**
Árgerð 2007, ekinn 46 Þ.KM, bensín, .
**Verð 1.590.000.** Rnr.271126.

**hjól.is vantar hjól í salinn og á skrá | hjól.is vantar hjól í salinn og á skrá | hjól.is vantar hjól í salinn og á skrá**

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 6996069 og 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**Lárkot ehf**
Sandur, mold og jarðvinna.
Mætum og gerum tilboð.
Uppl. í s. 892 2257
Geymið auglýsinguna.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

SMÍÐAVIÐGERÐIR
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA
7815544

Getum bætt við okkur verkefnum. Eingöngu íslenskir iðnarmenn. Tilboð eða tímavinna. SmíðaViðgerðir ehf. Þórir 7815544. Smidavigerdir@gmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Skemmtanir

Bingospil.is
Bingóleiga

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu









Plastpökkunarvél (Ekki vagum) herðir plastið utanum vöruna. Verð kr. 160.000.- Uppl. Baldvin S. 695 1612

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910







# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Löggiltur málarameistari**
Gerum föst verðtilboð í utanhússmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira.
Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.
Vaskir Drengir ehf
vaskirdrengir@gmail.com
sími 844-9188

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Til sölu





# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



**Bryndís**
**GSM: 773 7400**




## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**

Levels/Stig: I, II, III, IV, V: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 5/2, 5/3, 2/4, 30/4. 28/5, 25/6: 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Síðd/Kvölds. Aukatímar: STÆ/EÐL: www.iceschool.is - ff@icetrans. is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU**

Til leigu herb. í hverfi 104 langtímaleiga,reglusemi áskilin,uppl.í s:8465237

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 5532171

### Húsnæði óskast

Óska eftir 3.herb. íbúð til langtímaleigu.Skilvísum greiðslum heitið og meðmæli ef óskað er. Uppl. adaldrifa@gmail.com

### Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði til leigu 103 fm á jarðhæð,Hafnarfirði laus strax tilvalið fyrir litla heildsölu eða lager. Uppl. í S:8625899 eða siggaer20@gmail.com

Til leigu rúmlega 80 fermetra verslunarhúsnæði við Þverholt í Reykjavík. Upplýsingar steinunnolafs@internet.is

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Heimilið

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trukkabílstjóra og einnig vantar bílstjóra á fjögurra öxla bíl.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**RÓTGRÓIÐ VERKTAKAFYRIRTÆKI**

óskar eftir mönnum í hellulagnir. Næg verkefni framundan, reynsla æskileg.

Umsóknir og ferilskrár berist til baldur@btverk.is

Óska eldri mönnum i garðvinnu og húsaviðgerðir, helst með reynslu. Íslenskumælandi. Uppl. í síma 616 1569.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Lærður járnsmiður og kokkur. Vantar vinnu m húsnæði. uppls. í s. 8232862


GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

SKER Hönnun & Gjafavara




Opnunartími:
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15

Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is



# Allar tölvuviðgerðir

PC-Mac-Stýrikerfishreinsun
Rykhreinsun-Bilanagreining

*Fljót og góð þjónusta*

tölvuvinir.is
**tölvuverkstæði**

**Hafðu samband**
**Sími: 445 0100**
**Langholtsvegur 126**
**104 Rvk.**

MOTTUMARS

# Fyrir okkur sem styðjum Mottumars

Í mars renna **200 krónur** af hverju
seldu Múltí Vít glasi til styrktar árvekniátaki
Krabbameinsfélagsins, Mottumars.




Guli miðinn

# Ástkona Churchills

**Winston Churchill þótti ekki mikill kvennamaður og almennt hefur verið álitið að hann hafi verið trúr eiginkonu sinni, Clementine. Í breskri heimildarmynd er upplýst um ástarsamband Churchills og Doris Castlerosse sem stóð í nokkur ár á fjórða áratug 20. aldar.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Leikarinn Gary Oldman hampaði á dögunum Óskarsverðlaunum fyrir frábæra túlkun sína á Winston Churchill í Darkest Hour. Nokkrum klukkustundum áður en þau úrslit voru ljós sýndi breska sjónvarpsstöðin Channel 4 heimildarmynd um ástarsamband forsætisráðherrans og Doris Castlerosse.

Churchill var ekki annálaður kvennamaður og almennt hefur verið álitið að hann hafi verið trúr eiginkonu sinni, Clementine, en þau gengu í hjónaband árið 1908 og eignuðust fimm börn. Hjónaband Churchills og Clementine var stormasamt á köflum. Hann var ólíkindatól, hafði ofsafengið skap og missti oft stjórn á sér. Sagt hefur verið að Clementine hafi verið eina manneskjan sem var aldrei hrædd við hann.

**Uppljóstrun í viðtali**

Í hljóðrituðu viðtali árið 1987 sagði John Colville, sem var einkaritari Churchills á forsætisráðherraárum hans, að Churchill hefði gert mistök í einkalífi, en bara einu sinni og þá í stuttan tíma þegar hann átti í ástarsambandi við Doris Castlerosse. Fjölmargar ævisögur Churchills hafa verið ritaðar síðan viðtalið var tekið við Colville en höfundar þeirra bóka virðast ekki hafa hlustað á viðtalið eða þá einungis hluta þess. Viðtalið þykir víst afar leiðinlegt, fyrir utan uppljóstranirnar um framhjáhaldið. Árið 2016 var fræðimaðurinn Warren Dockter að viða að sér efni um forsætisráðherra og einkaritara þeirra og hlustaði á viðtalið frá upphafi til enda. Dockter fór með upplýsingarnar til Richards Toye, þekkts Churchill-sérfræðings, og úr varð myndin Churchill's Secret Affair sem Channel 4 sýndi á dögunum. Í myndinni kemur fram að ástarsambandið stóð frá 1933 og lauk árið 1937. Sautján ára aldursmunur var á Churchill og Castlerosse en hún var fædd árið 1900.

Doris Castlerosse var afar fögur og glæsileg kona. Faðir hennar var verslunareigandi og móðirin húsmóðir. Dóttirin þráði snemma að búa við velmegun og árið 1928 giftist hún til fjár Castlerosse greifa en hjónabandið stóð ekki lengi. Hún átti fjölda ríkra og áhrifamikilla elskhuga sem sáu fyrir henni og áður en hún kynntist Winston Churchill átti hún í stuttu sambandi við son hans, Randolph.

**Clementine og listaverkasalinn**

Churchill og Castlerosse kynntust þegar bæði voru í sumarfríi á Frönsku rívíerunni og eyddu þar síðan saman nokkrum sumrum. Samband Churchill-hjónanna var stirt á þessum tíma og Clementine íhugaði um tíma að sækja um skilnað. Í utanlandsferð árið 1934 eignaðist hún náinn vin, Terence Philip, sem var listaverkasali. Churchill-sérfræðingar eru ekki sammála um hvort þar var um ástarsamband að ræða eða einungis fallega vináttu þar sem látið var nægja að haldast í hendur. Philip var að áliti margra samkynhneigður. Hver sem sannleikurinn er í því máli þá voru kynni Clementine og Philips stutt en góð.



Doris Castlerosse var glæsileg kona sem heillaði Churchill. NORDICPHOTOS/GETTY



Winston Churchill sigurreifur árið 1943.



Clementine Churchill, hina ráðagóða eiginkona forsætisráðherrans. Myndin var tekin árið 1915 og þau Churchill höfðu verið gift í nokkur ár.

**Dapurleg örlög**

Winston Churchill var prýðilegur málari og málaði þrjár myndir af ástkonu sinni. Sambandi þeirra lauk, að því er talið er að frumkvæði Churchills, árið 1937. Castlerosse flutti til Bandaríkjanna árið 1940 og hafði með sér málverk sem Churchill hafði málað af henni. Hún var einmana og skuldum vafin í Bandaríkjunum og þráði að snúa heim. Hún hafði vanist því að karlmaður sæi um hana og nú var enginn til þess. Hún sá enga leið til að sjá fyrir sér.

Árið 1942 sneri Doris Castlerosse aftur til Bretlands þar sem fyrrverandi eiginmaður hennar tók á móti henni. Tveimur mánuðum síðar fannst hún látin á hótelherbergi, 42 ára gömul. Hún hafði tekið inn of stóran skammt svefnlyfja. Talið er að um slys hafi verið að ræða. Ekki er vitað hvernig Churchill brást við fréttum af dauða hennar.

**Önur saga án Clementine**

Eiginkona Churchills, Clementine, stóð sem klettur við hlið manns síns á erfiðum stríðstímum. Hún hafði ætíð lag á Churchill sem enginn annar hafði og þegar hann stóð frammi fyrir erfiðum ákvörðunum leitaði hann til hennar eftir ráðgjöf. Hann mat hana mikils og sagði eitt sinn að sér hefði tekist best upp þegar hann kvæntist henni og að hann hefði ekki getað unnið starf sitt á stríðsárunum án hennar. Starfsmannastjóri Churchills, Ismay herforingi, sagði að án Clementine hefði saga Winstons Churchill og heimsins orðið önnur en hún varð.

Churchill lést árið 1965. Það var ekki fyrr en nokkrum árum seinna sem Clementine frétti af framhjáhaldi manns síns forðum daga og brenndi bréf sem Castlerosse hafði sent Churchill. Clementine sagði við sameiginlegan vin þeirra hjóna að hún hefði alltaf haldið að eiginmaður sinn hefði verið sér trúr. Vinurinn hughreysti hana með því að sambandið við Castlerosse hefði staðið stutt og ekki skipt Churchill miklu máli en hjónabandið hefði varað í áratugi.


20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NIKE VÖRUM
dagana 8.-12. mars*
NIKE
20%
AFSLÁTTUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Kóngurinn sem bjargaði HM



**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson** skrifar enn um Carol annan.




Í síðasta pistli var sagt frá svallaranum Carol krónprinsi í Rúmeníu, sem glutraði niður ríkiserfðum með gjálífi fyrir opnum tjöldum. Svo virðist sem konungssonurinn hafi látið sér standa á sama um krúnuna á meðan hann lifði ljúfa lífinu í fangi ástkvenna sinna. En enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Það var fyrst eftir að prinsinn hafði afsalað sér réttinum til konungstitils og búið í Parísarborg í nokkur misseri sem áhugi hans á embættinu kviknaði fyrir alvöru.

Það voru pólitískar sviptingar í Rúmeníu sem gerðu endurkomu Carols mögulega. Áralangri, sleitulausri valdatíð flokks borgarastéttarinnar lauk í landinu, að hluta til vegna innra ósættis en ekki síður vegna versnandi árferðis í efnahagsmálum. Valdaöflin í landinu höfðu lengi horft til ríkja Vestur-Evrópu og leitast við að taka upp tækni og siði þeirra landa. Engar úrbætur voru hins vegar gerðar á kjörum almennings sem upplifði aðeins vaxandi misrétti og yfirstétt sem virtist framandi í bæði hugsun og háttum.

Líkt og víðar í Evrópu tók þjóðernisöflum að vaxa fiskur um hrygg í Rúmeníu. Fasistahreyfingin í landinu nefndist Járnvörðurinn og beindi spjótum sínum að öllum þeim sem hún taldi andsnúna „rúmenskum gildum“. Voru þar allir lagðir að jöfnu: sósíalistar, þjóðernisminnihlutahópar, gyðingar og fleiri. Járnvörðurinn var þó óvenju trúrækinn miðað við fasistahreyfingar millistríðsáranna og leit fyrst og fremst á sig sem verjanda kristinnar kirkju. Fasistunum í Járnverðinum var einnig, líkt og hófsamari rúmenskum þjóðernissinnum, sérstaklega í nöp við valdaelítuna í Búkarest, sem vildi helst hegða sér eins og franskir broddborgarar.

Hinn þjóðernissinnaði Bændaflokkur komst til valda árið 1928 og tveimur árum síðar studdu leiðtogar hans endurkomu Carols til Rúmeníu þar sem hann tók sér konungstignina sem hann var borinn til. Stuðningsmenn Carols annars hömpuðu honum sem málsvara þjóðlegra gilda og sjálfur talaði hann á svipuðum nótum og hver annar þjóðernissinnaður stjórnmálaleiðtogi þessara ára, með áherslu á andlega yfirburði rúmensku þjóðarinnar, kryddaða með vænum skammti af persónudýrkun á konunginum.

**Maður með áætlun**

Í fyrstu þóttist Carol annar vilja halda í heiðri stjórnarskrá landsins sem gerði ráð fyrir þingræðisstjórn. Til lengri tíma litið hafði hann þó annað í hyggju. Næstu árin reyndi hann eftir bestu getu að tefla stóru stjórnmálaflokkunum tveimur hvorum gegn öðrum, auk þess að gefa fasistunum í Járnverðinum undir fótinn þegar hann taldi sér henta. Þannig studdi hann til valda yfirlýsta gyðingahatara og lét alls konar ofsóknir í garð gyðinga óáreittar, sem var kaldhæðnislegt í ljósi þess að ástarsamband hans við hina gyðingaættuðu Mögdu Lupescu hafði á sínum tíma orðið honum að falli.

Sambandið við Mögdu var raunar það sem helst fór í taugarnar á stuðningsmönnum konungsins, en samband þeirra var á allra vitorði þótt konungur gætti þess að halda henni til hlés við opinberar athafnir. Þess á milli hlóð hann á hana dýrum gjöfum og hvers kyns glingri, sem var síst til vinsælda fallið eftir því sem áhrifa heimskreppunnar tók að gæta í Rúmeníu með versnandi lífskjörum.

Sú aðferðafræði Carols annars að ala á sundrungu í stjórnmálum landsins gekk vonum framar. Ríkisstjórnir urðu skammlífar og áhrifamáttur konungsins jókst jafnt og þétt. Árið 1938 setti hann herlög og bannaði í kjölfarið alla stjórnmálaflokka nema nýstofnaðan flokk stuðningsmanna sinna. Hugðist hann í kjölfarið ríkja sem einvaldur.

Þróun alþjóðamála varð þó að lokum konungi að falli. Hann reyndi að halda Rúmenum fyrir utan átök heimsstyrjaldarinnar, en var árið 1940 neyddur af þýskum nasistum til að láta mikið land af hendi til Ungverja, sem voru bandamenn Þjóðverja í stríðinu. Uppgjöf þessi mæltist skiljanlega afar illa fyrir í Rúmeníu og hrökklaðist konungur í kjölfarið frá völdum. Mátti hann verja stríðsárunum í útlegð í Mexíkó, þar sem hann reyndi árangurslaust að stofnsetja útlagastjórn. Að stríðinu loknu, þegar kommúnistar höfðu tekið völdin í Rúmeníu, freistaði Carol annar þess að fá viðurkenningu rúmenskra útlaga á lögmæti konungdóms síns, en varð lítið ágengt. Þeir fáu sem létu sig dreyma um að endurvekja konungdæmi í Rúmeníu horfðu frekar til sonarins Mikaels, sem var mun vinsælli.

Carol lést í Portúgal árið 1953 og hafði þá ekki hitt son sinn frá árinu 1940. Mikael vildi sem minnst af föður sínum vita, enda aldrei fyrirgefið slæma framkomu hans í garð Helenar drottningar og valdaránið árið 1930. Orðspor Carols annars var heldur ekki glæsilegt. Raunar má segja að ferill hans hafi verið algjört flopp: en honum tókst þó að bjarga heimsmeistarakeppninni í fótbolta!

**HM kemur til sögunnar**

Eins og fram kom í fyrri pistli, snerist fyrsta verkefni Carols annars á konungsstóli ekki um daglegan rekstur ríkisins, heldur knattspyrnulandsliðið. Hann hafði ungur fengið brennandi áhuga á fótbolta, sem mátti teljast nokkuð óvenjulegt á þessum tíma, þar sem íþróttin var almennt ekki talin nægilega virðuleg fyrir kóngafólk.

Valdatakan var þann áttunda júní árið 1930, en þann þrettánda júlí átti fyrsta heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu að hefjast í Suður-Ameríkulandinu Úrúgvæ. Mótið var skipulagt af Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA.

Úrúgvæ varð fyrir valinu sem fyrsti mótsstaður, að hluta til vegna þess að Úrúgvæmenn höfðu orðið Ólympíumeistarar árin 1924 og 1928 en ekki síður af þeirri einföldu ástæðu að stjórnvöld í Úrúgvæ voru til í að borga brúsann.

Valið á Úrúgvæ sem gestgjöfum á HM fór fram á þingi FIFA árið 1928. Fljótlega varð þó ljóst að lítil ánægja ríkti meðal Evrópubúa með staðarvalið. Íbúar Evrópu litu á álfuna sem nafla alheims og ferðalagið til Suður-Ameríku fáránlega tímafrekt og kostnaðarsamt. Knattspyrnusamböndin, sem flest höfðu tekið vel í þátttöku á hinu nýja móti, fóru eitt af öðru að draga í land. Þegar upphaflegur skráningarfrestur rann út stefndi í að ekkert evrópskt lið léti sjá sig í Úrúgvæ.

Frakkinn Jules Rimet, forseti FIFA, gat snúið upp höndina á löndum sínum og það sama gerði belgíski varaformaðurinn. En helstu knattspyrnuþjóðir meginlandsins gáfu ferðalagið upp á bátinn, hver af annarri: Ítalir, Þjóðverjar, Austurríkismenn, Tékkar, Svíar og svo framvegis.

Til stóð að keppnisliðin í Úrúgvæ yrðu ekki færri en sextán. Bandaríkin og Mexíkó mættu til leiks og Suður-Ameríkuliðin urðu sjö talsins. Fráleitt hefði verið að kalla fótboltamót níu Ameríkulanda auk Frakklands og Belgíu „heimsmeistarakeppni“ og hætt er við að slíkt hópskróp Evrópubúa hefði riðið þessari tilraun til að stofnsetja heimsmeistaramót að fullu.

Hér reyndist Carol annar hinn óvænti bjargvættur. Líklegt má telja að hann hafi fregnað af áformunum um að halda HM árið 1930 meðan á útlegðinni í París stóð. Hann var ekki fyrr kominn heim til Búkarest en hann fól knattspyrnusambandinu að smala saman landsliði og skrá til keppni. Kostnaðurinn við ferðalagið var meiri en knattspyrnusambandið gat ráðið við, en konungur ákvað þá að greiða úr eigin vasa. Þegar í ljós kom að lykilleikmenn landsliðsins áttu erfitt með að fá launalaust frí frá vinnuveitendum sínum, breskum olíufélögum sem störfuðu í Rúmeníu, sendi hinn nýi konungur fyrirtækjunum skilaboð um að leikmennirnir skyldu fá launað tveggja mánaða leyfi ella yrðu olíuréttindi Breta í landinu endurskoðuð. Eins og hér væri ekki nóg að gert, hafði Carol annar samband við starfsbróður sinn í Júgóslavíu og taldi hann á að gera slíkt hið sama. Niðurstaðan varð sú að tvö Austur-Evrópuríki, Rúmenía og Júgóslavía, mættu til leiks á síðustu stundu.

Með fjórum Evrópulöndum í stað tveggja var með herkjum hægt að kalla keppnina í Úrúgvæ 1930 heimsmeistaramót, þótt gestgjafarnir yrðu svo móðgaðir yfir þátttökuleysinu að þeir sniðgengu tvær næstu keppnir. Og þótt Rúmenar gerðu engar rósir á mótinu: unnu Perúbúa en steinlágu fyrir heimsmeisturum Úrúgvæ, má segja að Carol öðrum hafi tekist að bjarga heimsmeistarakeppninni í fótbolta í fæðingu. Honum var þá ekki alveg alls varnað.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

# KRÓNAN

Gestus pönnukökumix
199 kr. pk.

Gestus múslí, 750 g
249 kr. pk.

Jarðarber Driscolls 454 g
699 kr. pk.

Gestus grísk jógúrt, 1 l
699 kr. stk.

Ódýrt

Gæðabakstur Crossant
109 kr. stk.

## LÚXUS BRÖNS FYRIR 4

ALLT ÞETTA UNDIR 1000 KR. Á MANN

*Heildarverð 3805 kr. Miðað við 400 g pakka af beikoni

Happy Day mangó og appelsínu safi
199 kr. stk.

Krónu beikon
1719 kr. kg

Gul melóna
199 kr. kg

Stjörnu egg, 6 stk.
369 kr. pk.

Gestus bakaðar baunir
69 kr. stk.



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Hörn Sigurðardóttir**

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 13. mars kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ragnar A. Finnsson** — **Jóhanna Ragnarsdóttir**
**Sigurður Kr. Finnsson**
**Stefán Agnar Finnsson** — **Ingibjörg M. Pálsdóttir**
**Guðmundur Eggert Finnsson** — **Guðrún Þorvaldsdóttir**



*Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



FALLEGIR LEGSTEINAR



Afsláttur
til 15. mars
af öllum legsteinum

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: **581 3300 & 896 8242** • **www.utforin.is**
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242






*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is


# Þjóðbúningana í brúk

**Almenningur er hvattur til að draga íslensku þjóðbúningana út úr skápunum á morgun og mæta í þeim í Safnahúsið í Hverfisgötu milli klukkan 14 og 16 á þjóðlega dagskrá.**

Við viljum vekja fólk til umhugsunar um íslensku búningana og erum með átaksverkefni í gangi sem nefnist Út úr skápnum – þjóðbúningana í brúk,“ segir Margrét Valdimarsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélags Íslands, sem ásamt öðrum stendur að þjóðbúningadegi á morgun milli 14 og 16 í Safnahúsinu við Hverfisgötu. „Það er nefnilega til fullt af þjóðbúningum og okkur langar að koma þeim í notkun á yngri konur. Við horfum öfundaraugum til nágranna okkar, Norðmanna og Færeyinga, því þeir nota sína búninga við hin ýmsu tækifæri og þar er það ekkert síður unga fólkið sem klæðist þeim. Við Íslendingar þurfum almennt að hugsa um að fjölga tækifærunum.“

Í tilefni af fullveldisafmælinu á árinu er boðið upp á dagskrá í Safnahúsinu þar sem Árni Björnsson þjóðháttafræðingur flytur stutt erindi undir yfirskriftinni „Þjóðminningardagar 1874-1918 og Þórarinn Már Baldursson kveður frumsamdar rímur. Auk þess stíga félagar í Þjóðdansafélagi Reykjavíkur nokkur spor og draga jafnvel gesti með sér í dansinn!

